



SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF
FJARUMRÆÐUBORÐ MEÐ SKÓLASTJÓRUM,
KENNURUM OG FORELDRUM

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

APRÍL 2012



HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR	BLS. 3
MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD	BLS. 4
SKÓLASTJÓRAR OG KENNARAR – SAMANTEKT	BLS. 6
FORELDRAR – SAMANTEKT	BLS. 10
ÖLL UMRÆÐA SKÓLASTJÓRA OG KENNARA	BLS. 14

	Bls.
HVERNIG ERU NIÐURSTÖÐUR NOTAÐAR?	
SP1: HVERNIG ERU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARPRÓFA NOTAÐAR?	15
SP2: HVAÐ ER ÞAÐ Í EINKUNNUNUM SEM SKÓLINN SKOÐAR?	19
SP3: ER ÞETTA MISMUNANDI EFTIR HVORT UM ER AÐ RÆÐA 4., 7. EÐA 10. BEKK?	21
EINKUNNIR EINSTAKRA NEMENDA	
SP4: SKOÐAR KENNARINN EINSTAKA EINKUNNIR SINNA NEMENDA?	23
SP5: EINKUNNIR HVERRA ERU HELST SKOÐAÐAR?	25
SP6: ER ÞETTA MISMUNANDI EFTIR HVORT UM ER AÐ RÆÐA 4., 7. EÐA 10. BEKK?	27
SAMANBURÐUR MILLI ÁRA	
SP7: SKOÐAR SKÓLINN HVORT EINSTAKA NEMENDUR HAFU HÆKKAÐ EÐA LÆKKAÐ?	28
SP8: ERU FRAMFARIR HEILLA BEKKJA ATHUGAÐAR Á MILLI 4., 7. OG 10. BEKKJAR?	31
SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA	
SP9: BER SKÓLINN SÍNAR NIÐURSTÖÐUR SAMAN VIÐ LANDSHLUTANN?	33
SP10: EN VIÐ LANDSMEÐALTAL?	35
SP11: HVAÐ MEÐ SAMANBURÐ VIÐ AÐRA SKÓLA, OG ÞÁ HVAÐA SKÓLA HELST?	37
KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM	
SP12: ERU NIÐURSTÖÐUR KYNNSTAR SÉRSTAKLEGA INNAN SKÓLANS FYRIR STARFSLIÐI?	39
SP13: ERU NIÐURSTÖÐUR KYNNSTAR SÉRSTAKLEGA FYRIR FORELDRUM?	41
SP14: EN ERU NIÐURSTÖÐUR RÆDDAR VIÐ FRÆÐSLUSTJÓRA EÐA STJÓRN SVEITARFÉLAGS?	43
SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA Í KJÖLFAR KYNNINGAR	
SP15: ER RÆTT VIÐ FORELDRA EÐA NEMENDUR UM NIÐURSTÖÐUR NEMANDANS?	45
SP16: HVAÐA NEMENDUR OG EÐA FORELDRA ER HELST TALAÐ VIÐ OG HVERS VEGNA?	47
ÁHRIF KÖNNUNARPRÓFA Á SKÓLASTARFIÐ	
SP17: HVERNIG HAFU SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF ÁHRIF Á SKÓLASTARFIÐ?	49
SP18: ERU KÖNNUNARPRÓFIN NÝTT BEINT Í KENNSLU TIL UNDIRBÚNINGIS FYRIR ÞAU?	51
SP19: ER ÞAÐ MISMUNANDI EFTIR ÞVÍ HVORT UM ER AÐ RÆÐA 4., 7. EÐA 10. BEKK?	53
VÆGI SAMRÆMDRA KÖNNUNARPRÓFA	
SP20: FINNST ÞÉR VÆGI Í SKÓLASTARFI HAFU AUKIST EÐA MINNKAÐ?	54
SP21: HVERSU MIKILVÆG ERU ÞAU FYRIR SKÓLASTARFIÐ Í DAG?	56
ÁHRIF Á INNRA STARF SKÓLANS	
SP22: HAFU KÖNNUNARPRÓFIN BEIN EÐA ÓBEIN ÁHRIF Á STJÓRNUN SKÓLANS?	58
SP23: ERU EINHVERS KONAR UMBÓTAÁÆTLANIR GERÐAR?	59
SP24: ERU SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF NOTUÐ VIÐ INNRA MAT Í SKÓLANUM?	61
FRAMSETNING Á NIÐURSTÖÐUM SAMRÆMDRA KÖNNUNARPRÓFA	
SP25: ERUÐ ÞIÐ ALMENNT ÁNÆGÐ MEÐ VINNU NÁMSMATSSTOFNUNAR?	62
SP26: ERU ANNMARKAR Á FRAMSETNINGU NIÐURSTAÐNA?	64
SP27: HVERNIG MÆTTI GERA UPPLÝSINGAR FRÁ NÁMSMATSSTOFNUN GAGNLEGRI?	65



ÖLL UMRÆÐA FORELDRA

BLS. 66

	Bls.
UMRÆÐA FORELDRA VIÐ BÖRNIN UM PRÓFIN	
SP1: RÆÐIR ÞÚ VIÐ BARNIÐ/BÖRNIN UM NIÐURSTÖÐUR OG ÞÝÐINGU ÞEIRRA?	67
SP2: GERÐIR ÞÚ ÞAÐ LÍKA ÞEGAR BARNIÐ TÓK PRÓFIÐ Í 7. BEKK OG 4. BEKK?	71
KYNNING Á SAMRÆMDUM KÖNNUNARPRÓFUM	
SP3: HVAÐA KYNNINGU HEFUR ÞÚ FENGIÐ Á NIÐURSTÖÐUM?	74
SP4: MYNDIR ÞÚ VILJA FÁ ÍTARLEGRI EÐA ÖÐRUVÍSI KYNNINGU UM KÖNNUNARPRÓFIN?	77
KYNNING FRÁ SKÓLANUM TIL BARNANNA	
SP5: KYNNIR KENNARINN SÉRSTAKLEGA NIÐURSTÖÐUR Í TÍMA FYRIR BÖRNUNUM?	82
SP6: HAFIÐ ÞIÐ RÆTT VIÐ KENNARA UM NIÐURSTÖÐUR PRÓFANNA?	84
SAMANBURÐUR	
SP7: BERIÐ ÞIÐ SAMAN EINKUNNIR BARNSINS/BARNANNA VIÐ AÐRA?	87
SP8: HVERNIG FYLGIST ÞIÐ MEÐ UMRÆÐUM UM NIÐURSTÖÐUR Í FJÖLMIÐLUM?	89
UPPLÝSINGAR FRÁ NÁMSMATSSTOFNUN	
SP9: SÆKIR ÞÚ/ÞIÐ UPPLÝSINGAR TIL NÁMSMATSSTOFNUNAR?	92
ÁHRIF Á VINNU BARNSINS Í SKÓLANUM?	
SP10: UNDIRBÝRÐ ÞÚ BARNIÐ ÞITT SÉRSTAKLEGA FYRIR SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF?	94
SP11: HVERNIG UNDIRBJÓSTU BARNIÐ/BÖRNIN Á ANNAN HÁTT Í 4., 7. OG 10. BEKK?	96
SP12: LÆTUR ÞÚ BARNIÐ ÆFA SIG Á ELDRI SAMRÆMDUM KÖNNUNARPRÓFUM?	98
ELDRI PRÓF Í SKÓLANUM	
SP13: ÆFA BÖRNIN SIG Á ELDRI PRÓFUM Í SKÓLANUM UNDIR STJÓRN KENNARA?	100
SP14: ER TEKIÐ TILLIT TIL NIÐURSTAÐNA VIÐ KENNSLU ÞÍN BARNS/BARNA?	102
FRAMMISTAÐA BARNSINS/BARNANNA	
SP15: FERÐ ÞÚ EÐA FJÖLSKYLDAN YFIR ÞAÐ MEÐ BARNINU HVERNIG TIL TÓKST?	105
SP16: FINNUR ÞÚ FYRIR STREITU EÐA KVÍÐA HJÁ BARNINU/BÖRNUNUM?	107
FRAMSETNING Á NIÐURSTÖÐUM	
SP17: FINNST ÞÉR ÞÚ SKILJA VEL FRAMSETNINGU Á NIÐURSTÖÐU?	110
SP18: ERU EINHVERJIR ANNMARKAR Á FRAMSETNINGU NIÐURSTÖÐUNNAR?	112
MIKILVÆGI KÖNNUNARPRÓFA	
SP19: MÆTTI GERA UPPLÝSINGARNAR UM KÖNNUNARPRÓFIN GAGNLEGRI?	115
SP20: FINNST ÞÉR SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF MIKILVÆG Í SKÓLASTARFINU?	118
AÐ LOKUM	
SP21: ER EITTHVAÐ SEM ÞÚ VILT KOMA Á FRAMFÆRI AÐ LOKUM UM PRÓFIN?	121
SP22: VILT ÞÚ BÆTA VIÐ ATHUGASEMDUM VIÐ FYRRI SPURNINGAR?	124



Í þessari skýrslu gefur að líta umræðu tveggja hópa „notenda“ samræmdra könnunarprófa – rúmlega 20 skólastjóra og kennara í grunnskólum víðs vegar um landið annars vegar og rúmlega 20 foreldra barna í 10. bekk sömu skóla hins vegar. Hún fór fram á svonefndu fjarumræðuborði, sem er eigindleg rannsókn framkvæmd á vefnum, þar sem þátttakendur eru spurðir spurninga um notkun könnunarprófanna, sem þeir svo svara og ræða eftir atvikum sín á milli.

Almennt séð má ráða af umræðu skólastjóra og kennara að könnunarprófin eru mikilvægur og eðlilegur þáttur í starfi þessara ríflega 20 skóla. Jafnframt er notkun prófanna í starfinu mjög fjölbreytt og mismikil í skólunum. Eins er trú og notkun foreldra á samræmdu könnunarprófunum mismikil. Skólastjórar og kennarar telja könnunarprófin almennt mikilvæg, þótt þau séu talin mismikilvæg, og sama gildir um obba foreldra, en nokkrir foreldrar telja prófin þó ekki mikilvæg og jafnvel til ógagns. Þannig má segja að skólastjórar og kennarar almennt telji prófin mikilvægari en foreldrar gera.

Mikilvægi samræmdu könnunarprófanna sést einnig á því að í nánast öllum skólunum eru nemendur æfðir fyrir þau, sem og af flestum foreldrum. Einnig má benda á í þessu samhengi að flestir skólastjórar og kennarar sögðu að niðurstöður könnunarprófanna vísuðu veginn á úrbætur í kennslu og þau væru nýtt þannig þótt flestir foreldranna töldu ekki svo vera. Þá virðist sem að einkunnir allra nemenda sem þreyta könnunarprófin séu skoðuð almennt af einhverjum í hverjum skóla – sér í lagi einkunnir þeirra sem standa höllum fæti – svo niðurstöðunni er tekið alvarlega.

Birting meðalárangurs skóla, landshluta og landsins í heild úr könnunarprófunum er mikilvæg þar sem allir skólar virðast nýta einhverja þessara talna til samanburðar við árangur nemenda sinna. Obbi foreldra gerir slíkt hið sama til samanburðar við einkunnir barns síns, en nokkrir segjast ekki gera það.

Ekki er unnt að greina mun að ráði á milli foreldra barna af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu í umræðunni um könnunarprófin, nema kannski einhver blæbrigði. Sama gildir um mismun landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis meðal kennara og skólastjóra – á báðum borðum var afstaðan til dæmis svipuð til mikilvægis prófanna og notkunar þeirra. Eini sjáanlegri munurinn er helst sá að fræðslustjóri eða fræðslunefnd og jafnvel sveitarstjórn var líklegri til að sjá niðurstöður samræmdra könnunarprófa úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu.

Þess ber að geta hér að af umræðunni má ráða að villur í samræmdu könnunarprófunum fari illa bæði í skólamenn og foreldra þar sem þetta var rætt allýtarlega. Hætt er við að þær spilli fyrir ímynd könnunarprófanna hjá beinum og óbeinum notendum þeirra.

Lagt er til að ef samræmdu könnunarprófin verði áfram notuð í núverandi mynd verði gert átak í að kynna foreldrum markmið með þeim og hvernig þau eru nýtt. Allmörgum foreldrum fannst vanta að vita meira um prófin og þar sem gera má ráð fyrir að þátttakendur séu áhugasamari og meðvitaðri um könnunarprófin en dæmigert foreldri barns sem tekur samræmd könnunarpróf, veitti ekki af slíkri fræðslu fyrir foreldra almennt. Ekki var skilningi á tölulegri framsetningu niðurstaðna könnunarprófanna ábótavant meðal þessara foreldra.

Reykjavík, 13. maí 2012.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þorlákur Karlsson
Þóra Ásgeirsdóttir
Eydís Björnsdóttir



Rannsókn þessi er gerð af Maskínu fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Markmið hennar var að meta viðhorf skólastjóra, kennara og foreldra til samræmdra könnunarprófa í grunnskólum, notkun þeirra og hvað mætti fara betur. Rannsóknin er eigindleg og gerð á netinu með svonefndu **fjarumræðuborði** sem gerði það auðvelt að ná til fólks um allt land.

Í þessu fjarumræðuborði, sem spannaði fimm sólarhringa, voru spurningar settar inn á borðið tvisvar sinnum á sólarhring. Spurningarnar voru unnar í samvinnu ráðuneytisins og Maskínu og sneru að hvernig niðurstöður samræmdu könnunarprófanna eru notaðar og um framsetningu þeirra frá Námsmatsstofnun. Sérstakt fjarumræðuborð var haldið með 11 skólastjórum og 12 kennurum, einum frá hverjum skóla, og annað með 21 foreldri, frá sömu skólum, en ekki fengust foreldrar frá tveimur skólum.

Spurningarnar voru ekki eins á borðunum tveimur, en þær má sjá í skýrslunni – hver þeirra er birt sem og svör þátttakenda við þeim. Þær eru 27 fyrir skólastjóra og kennara, en 22 fyrir foreldra (sjá á næstu síðu). Hver þátttakandi kom inn á borðið þegar honum hentaði, svaraði spurningum eða gerði athugasemdir við það sem aðrir höfðu skrifað.

Allir sem höfðu samþykkt þátttöku komu inn á borðið nema einn skólastjóri. Flestir svöruðu öllum spurningunum, en svör urðu alls um 400 á hvoru borði. Hver þátttakandi fékk dulnefni sem var fuglsnafn fyrir skólastjóra og kennara, en fisknafn fyrir foreldra. Stjórnendur borðanna, sem voru starfsmenn Maskínu, hvöttu alla sem ekki komu strax inn á borðið til þátttöku. Einnig sendu þeir tölvupóst á þá sem sjaldnast komu inn á borðið. Þessi aðferð gafst vel og brugðust nær allir vel við og þökkðu sumir fyrir áminninguna.

Skólarnir sem þátttakendur komu frá eru Austurbæjarskóli, Breiðholtsskóli, Ölduselsskóli, Valhúsaskóli, Salaskóli, Snælandsskóli, Áslandsskóli, Myllubakkaskóli, Heiðarskóli, Grunnskóli Borgarfjarðar, Grunnskóli Grundarfjarðar, Grunnskóli Hólmavíkur, Grunnskólinn á Ísafirði, Árskóli Sauðárkróki, Brekkuskóli, Hrafnagilsskóli, Grunnskólinn á Egilsstöðum, Grunnskólinn á Hornafirði, Laugalandsskóli í Holtum, Sunnulækjarskóli, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Grunnskólinn í Hveragerði og Grunnskólinn í Þorlákshöfn.

Haft var samband við skólastjóra allra þessara skóla og helmingur þeirra var beðinn um að taka þátt í fjarumræðuborðinu og helmingur beðinn um að tilnefna þrjá kennara skólans sem koma að samræmdum könnunarprófum í skólanum (einn valinn, tveir til vara). Þá voru allir skólastjórnir beðnir um að nefna þrjá foreldra barna í 10. bekk (eitt valið, tveir til vara). Allir skólastjórnir urðu góðfúslega við þessari beiðni. Í öðru fjarumræðuborðinu voru þannig skólastjórar og kennarar, einn úr hverjum skóla, og í hinu voru foreldrar, eitt sem átti barn í hverjum þessara skóla.

Að kvöldi þess 11. apríl fengu þátttakendur krækju á fjarumræðuborðið senda í tölvupósti, svo hófst fjarumræðan á miðnætti þann 11. apríl og lauk á miðnætti þann 16. apríl 2012.

Það skal ítrekað að þessi rannsókn er eigindleg og ætlað að varpa ljósi á notkun samræmdra prófa í grunnskólum, bæði frá hlið skólans og heimilis nemenda, en ekki til þess að alhæfa um samræmd könnunarpróf í öllum grunnskólum eða heimilum nemenda í 10. bekk. Þetta er það sem skólastjórar, kennarar og foreldrar yfir 20 misstórra grunnskóla af öllu landinu segja um samræmd könnunarpróf (allt fólk sem hefur verulega reynslu af könnunarprófunum, hvert á sinn hátt), en ekki prósentur og meðaltöl tölulegra svara við fyrirfram gefnum svarkostum lokaðra spurninga. Slík megindleg rannsókn myndi hafa annað markmið en lagt var upp með í þessari eigindlegu rannsókn.



Hér í framhaldinu er samantekt á umræðunni á fjarumræðuborði skólastjóra og kennara, sem og á fjarumræðuborði foreldranna. Síðan er umræðan eða skrif skólastjóra og kennara annars vegar og foreldra hins vegar birt í heild. Höfundar skýrslunnar hafa lagfært nokkrar innsláttarvillur þátttakenda, en ekki breytt neinu í málfræði, málfari eða í merkingu textans.

Spurningar til skólastjóra og kennara:

- Sp1. Hvernig eru niðurstöður könnunarprófa notaðar?
- Sp2. Hvað er það í einkunnunum sem skólinn skoðar?
- Sp3. Er þetta mismunandi eftir hvort um er að ræða 4., 7. eða 10. bekk?
- Sp4. Skoðar kennarinn einstaka einkunnir sinna nemenda?
- Sp5. Einkunnir hverra eru helst skoðaðar?
- Sp6. Er þetta mismunandi eftir hvort um er að ræða 4., 7. eða 10. bekk?
- Sp7. Skoðar skólinn hvort einstaka nemendur hafa hækkað eða lækkað?
- Sp8. Eru framfarir heilla bekkja athugaðar á milli 4., 7. og 10. bekkjar?
- Sp9. Ber skólinn sínar niðurstöður saman við landshlutann?
- Sp10. En við landsmeðaltal?
- Sp11. Hvað með samanburð við aðra skóla, og þá hvaða skóla helst?
- Sp12. Eru niðurstöður kynntar sérstaklega innan skólans fyrir starfslíði?
- Sp13. Eru niðurstöður kynntar sérstaklega fyrir foreldrum?
- Sp14. En eru niðurstöður ræddar við fræðslustjóra eða stjórn sveitarfélags?
- Sp15. Er rætt við foreldra eða nemendur um niðurstöður nemandans?
- Sp16. Hvaða nemendur og eða foreldra er helst talað við og hvers vegna?
- Sp17. Hvernig hafa samræmd könnunarpróf áhrif á skólastarfið?
- Sp18. Eru könnunarprófin nýtt beint í kennslu til undirbúnings fyrir þau?
- Sp19. Er það mismunandi eftir því hvort um er að ræða 4., 7. eða 10. bekk?
- Sp20. Finnst þér vægi í skólastarfi hafa aukist eða minnkað?
- Sp21. Hversu mikilvæg eru þau fyrir skólastarfið í dag?
- Sp22. Hafa könnunarprófin bein eða óbein áhrif á stjórnun skólans?
- Sp23. Eru einhvers konar umbótaáætlanir gerðar?
- Sp24. Eru samræmd könnunarpróf notuð við innra mat í skólanum?
- Sp25. Eruð þið almennt ánægð með vinnu Námsmatsstofnunar?
- Sp26. Eru annmarkar á framsetningu niðurstaðna?
- Sp27. Hvernig mætti gera upplýsingar frá Námsmatsstofnun gagnlegri?

Spurningar til foreldra.

- Sp1. Ræðir þú við barnið/börnin um niðurstöður og þýðingu þeirra?
- Sp2. Gerðir þú það líka þegar barnið tók prófið í 7. bekk og 4. bekk?
- Sp3. Hvaða kynningu hefur þú fengið á niðurstöðum?
- Sp4. Myndir þú vilja fá ítarlegri eða öðruvísi kynningu um könnunarprófin?
- Sp5. Kynnir kennarinn sérstaklega niðurstöður í tíma fyrir börnunum?
- Sp6. Hafið þið rætt við kennara um niðurstöður prófanna?
- Sp7. Berið þið saman einkunnir barnsins/barnanna við aðra?
- Sp8. Hvernig fylgist þið með umræðum um niðurstöður í fjölmíðlum?
- Sp9. Sækir þú/þið upplýsingar til Námsmatsstofnunar?
- Sp10. Undirbýrð þú barnið þitt sérstaklega fyrir samræmd könnunarpróf?
- Sp11. Hvernig undirbjóstu barnið/börnin á annan hátt í 4., 7. og 10. bekk?
- Sp12. Lætur þú barnið æfa sig á eldri samræmdum könnunarprófum?
- Sp13. Æfa börnin sig á eldri prófum í skólanum undir stjórn kennara?
- Sp14. Er tekið tillit til niðurstaðna við kennslu þín barns/barna?
- Sp15. Ferð þú eða fjölskyldan yfir það með barninu hvernig til tókst?
- Sp16. Finnur þú fyrir streitu eða kvíða hjá barninu/börnunum?
- Sp17. Finnst þér þú skilja vel framsetningu á niðurstöðu?
- Sp18. Eru einhverjir annmarkar á framsetningu niðurstöðunnar?
- Sp19. Mætti gera upplýsingarnar um könnunarprófin gagnlegri?
- Sp20. Finnst þér samræmd könnunarpróf mikilvæg í skólastarfinu?
- Sp21. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum um prófin?
- Sp22. Vilt þú bæta við athugasemdum við fyrri spurningar?

**Almenn notkun á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í skólanum:**

- Strax í fyrsta þætti fjarumræðuborðsins er ljóst að notkun niðurstaðna samræmdra könnunarprófa í þessum ríflega 20 skólum er mikil og fjölbreytt.
- Nokkuð misjafnt er þó á milli skólanna hvernig niðurstöðurnar eru notaðar, en taka þarf mið af því að spurningarnar eru opnar, þannig að þótt ákveðinn hluti skólastjóra og kennara nefni ekki tiltekna hagnýtingu prófanna er ekki víst að hún eigi sér ekki stað í skólanum.
- Um helmingur nefnir að árangur nemenda skólans sé borinn saman við aðra skóla, landshluta eða landsmeðaltal (minnt er á að spurning er opin – að helmingur nefni tiltekið atriði í slíkri spurningu er mikið).
- Árangur einstakra nemenda og bekkja eru skoðaðar til þess að bæta árangurinn og sumir kryfja prófþætti til að finna veikleika sem laga mætti.
- Einkunnir, raðeinkunnir og framfarastuðlar eru skoðaðir og oft nefndu menn að niðurstöður samræmdra prófa væru bornar saman við annað mat á nemendum sem skólinn gerir.
- Yfirleitt er skoðun niðurstaðna svipuð í 4., 7. og 10. bekk. Einkunnir nemenda í 10. bekk eru yfirleitt skoðaðar fyrst þar sem þær berast fyrst, þá er stundum minna gert með einstaklingsniðurstöður 10. bekkjar þar sem nemendurnir eiga skammt eftir í skólanum og eðli málsins samkvæmt eru framfaræinkunnir skoðaðar hjá 7. og 10. bekk, en ekki þeim 4.
- Yfirleitt er kallað til fundar um niðurstöður þegar þær berast með stjórnendum, deildarstjórum og kennurum. Þá eru niðurstöðurnar oft kynntar fyrir foreldrum, ýmist á fundi með foreldrum og barni eða jafnvel á opnum foreldrafundi.
- Í mörgum tilvikum nefndu þátttakendur að niðurstöðurnar séu notaðar til að efla kennsluna og einn nefndi að námsefni hafi verið breytt, settir á fleiri stuðningstímar og námshópar stofnaðir.
- Í nokkrum skólum að minnsta kosti eru niðurstöður settar á heimasíðu.

B. Einkunnir einstakra nemenda í samræmdu könnunarprófunum:

- Almennt virðast einkunnir allra nemenda vera skoðaðar og þá helst af kennurum viðkomandi greinar sem prófað er í og af umsjónarkennurum barnanna. Þá nefna nokkrir að sérkennarar skoði einkunnir einnig.
- Þá nefndi obbi þátttakenda að einkunnir þeirra sem eru lágir, standa höllum fæti og þeirra sem hafa þarf áhyggjur af væru skoðaðar sérstaklega eða betur. Örfáir nefndu einnig að einkunnir hárra eða þeirra sem sýnt hefðu framfarir fengju sérstaka athygli.



- Langflestir sögðu að ekki skipti máli hvort um væri að ræða 4., 7. eða 10. bekk, niðurstöður könnunarprófanna væru skoðaðar á svipaðan hátt. Fulltrúar þriggja skóla sögðu þó að kannski væri meiri vinna lögð í 4. og 7. bekk en þann 10.
- Áhersla er lögð á að skoða framfarir hvers nemanda fyrir sig á milli 4. og 7. bekkjar og 7. og 10. bekkjar. Flestir nefndu einnig að einkunnir hópa, þ.e. bekkja eða árganga, væru skoðaðar, þótt áherslan sé á einstaklinginn.

C. Samanburður samræmdra einkunna við skóla, landshluta eða landsmeðaltal:

- Nánast allir sögðust bera niðurstöður skóla síns við landsmeðaltalið, þar af tveir sem sögðu að þetta væri eini samanburðurinn sem gerður væri.
- Flestir sögðust bera einkunnirnar við landshlutann, en um helmingur sagðist bera tölur skólans við aðra tiltekna skóla – helst skóla í nágrenni eða sama sveitarfélagi og einhver nefndi skóla sem voru af svipaðri stærð.
- Einn kennari sagði að enginn samanburður væri gerður við tölur utan skólans og allnokkrir sögðu að ekki væri um mikinn samanburð að ræða, heldur fremur að menn kíktu á tölur frá öðrum skólum, svæðum eða landinu í heild – eða eins og einn orðaði það „Já, við erum meðvituð um frammistöðu okkar skóla m.t.t. landshluta og landsmeðaltals.“

D. Kynning á vegum skólans á niðurstöðum samræmdu könnunarprófanna:

- Formleg kynning á einkunnum nemenda skólans á samræmdu könnunarprófunum er með ýmsu móti í skólunum. Mjög fáir kynna þær á almennum starfsmannafundum, en það er fremur gert á kennarafundum eða kynnt fyrir umsjónar-, sérkennslu- eða faggreinakennurum.
- Almennt er kynningin óformleg og kennarar sjálfir glugga í niðurstöðurnar, eins og áður hefur komið fram.
- Tveir nefndu að niðurstöðurnar séu birtar á heimasíðu skólans, þar af nefndi annar að þær birtust einnig á heimasíðu sveitarfélagsins. Þá sagði einn „... einnig hengjum við upp niðurstöðurnar á kaffistofuna.“
- Það virðist vera regla að niðurstöður fyrir hvert barn séu kynntar foreldrum eða forráðamönnum þess og tveir nefndu kynningu á almennum fundi með foreldrum.
- Aðspurður sagði um fjórðungur þátttakenda að niðurstöður væru kynntar eða ræddar við fræðslustjóra og annar þriðjungur nefndi kynningu fyrir fræðslunefnd, skólanefnd eða skólaráði. Þá minntust tveir á að niðurstöður fyrir skólann rötuðu inn á fund sveitar- eða bæjarstjórnar.

**E. Samskipti við foreldra um niðurstöður könnunarprófanna:**

- Eins og kom fram hér að framan er almennt rætt við foreldra og forráðamenn barna um niðurstöður fyrir barnið.
- Þá nefndu nokkrir að það sé rætt sérstaklega við foreldra þegar niðurstaðan er slök og nokkrir þar til viðbótar sögðust ræða í einhverjum tilvikum við foreldra ef e-ð bendir til þess að sérkennslu sé þörf fyrir barnið.
- Einn sagði að aðeins væri rætt við foreldra ef ósk um það kæmi frá þeim.

F. Áhrif samræmdra könnunarprófa á kennslu:

- Það kom fram hjá nánast öllum að könnunarprófin hefðu þau áhrif að nemendur væru undirbúnir fyrst á haustin fyrir prófin og þá helst með að æfa nemendur á fyrri prófum eða a.m.k. að kynna þeim formið. Einhverjir sögðu þó að nemendur sjálfir hefðu frumkvæði að því að æfa sig á eldri prófum.
- Í nokkrum tilfellum hefst undirbúningur vorið áður en könnunarprófin eru lögð fyrir og einn kennari sagði að fyrri próf væru stundum notuð sem vorpróf áður en nemendur tækju könnunarprófin.
- Nokkrir þátttakendur sögðu að helst væru áhrifin þau að unnið væri með niðurstöðurnar eftir á en það kom greinilega fram hér að framan að þetta væri gert í mörgum skólum.
- Almennt var tilfinning manna að prófin hefðu ekki mikil áhrif á skólastarfið og þeir reyndu að láta þau ekki stýra starfinu, þótt þau væru notuð til þess að finna veikar hliðar nemenda í greinunum sem prófað væri í.
- Þá sagði einn um áhrifin: „Þau hafa þau áhrif að þau auka spennu meðal nemenda og jafnvel starfsfólks.“
- Sumir sögðu að notkun prófanna í kennslu væri eins í árgöngunum þremur en aðrir að það væri aðeins mismunandi, og þá ýmist meira eða minna í yngri bekkjunum. Einn kennari sagði að í sínum skóla væri notkunin mjög mismunandi eftir árgöngum.

G. Önnur áhrif samræmdra könnunarprófa og vægi þeirra:

- Almennt telja skólastjórar og kennarar að vægi samræmdra könnunarprófa hafi minnkað á síðustu árum og um helmingur þeirra sem þetta segja tiltekur að vægið hafi minnkað í 10. bekk. Tveir segja þó að vægið sé svipað og áður en enginn telur að það hafi aukist undanfarin ár.
- Það voru 15 skólastjórar og kennarar sem tjáðu sig um mikilvægi prófanna og allir telja þau mikilvæg fyrir skólastarfið. Margir þeirra sögðu prófin frekar eða nokkuð



mikilvæg, ýmsir notuðu orð eins og „ágætt tæki“, „fínt mælitæki“ og „góður mælikvarði“. Einn skólastjóri sagði prófin mjög mikilvæg fyrir skólastarfið.

- Flestir þátttakendur neituðu því að samræmdu könnunarprófin hefðu áhrif á stjórnun skólans, þótt nokkrir skilyrtu það við að bein áhrif þeirra væru ekki fyrir hendi. Örfáir sögðu prófin hafa áhrif á stjórnun skólans.
- Þessi óbeinu áhrif prófanna á skólastarfið virðast speglast í því að í kjölfar þeirra er nánast í öllum skólunum tekið á þeim þáttum sem koma lakast út á prófunum og jafnvel eru gerðar umbótaáætlanir.
- Samræmd könnunarpróf eru notuð við innra mat skólanna í um helmingi tilvika af þeim sem tjáðu sig (8 af 16), tveir sögðu að þau væru höfð til hliðsjónar, fimm sögðu að svo væri ekki, þótt sumir virtust ekki vissir og einn sagðist ekki vita það.

H. Framkvæmd samræmdra könnunarprófa, kynning og framsetning niðurstaðna:

- Um helmingur þátttakenda tjáði sig um framkvæmd prófanna af hálfu Námsmatsstofnunar (12 manns) og nánast allir voru yfirleitt ánægðir. Þó nefndu tveir þriðju þeirra að slæmt væri þegar villur fyndust í prófunum. Þá nefndu þeir að þeir vildu fá niðurstöðurnar fyrir.
- Enginn í hópnum taldi annmarka á framsetningu niðurstaðna samræmdu könnunarprófanna frá Námsmatsstofnun.
- Að lokum voru menn spurðir um hvernig gera mætti upplýsingar frá Námsmatsstofnun gagnlegri en þá reið kennari fyrstur á vaðið með að svara og sagði: „Gagnvirkni númer 1, 2 og 3.“ Það skipti þá engum togum að átta aðrir tóku undir „gagnvirknina“, án þess að útfæra það nánar. Einn kennari sagði að skólarnir fengju skýrar upplýsingar, en vildi kynna tilgang þeirra og túlka niðurstöður meira fyrir almenningi.

**A. Ræða foreldrar um niðurstöður samræmdu könnunarprófanna við börnin?**

- Nánast allir foreldrarnir sem tóku þátt í fjarumræðuborðinu sögðust ræða við barn sitt um niðurstöður samræmdu könnunarprófanna.
- Það er á hinn bóginn mjög mismikið sem þau ræða um niðurstöðurnar eða hvað sé rætt um í könnunarprófunum. Það virðist byggjast verulega á mismikilli trú foreldranna á prófunum.
- Fáir foreldrar virðast leggja mikla áherslu á að fara yfir niðurstöðurnar með barninu og skoða hvernig gekk, um helmingur segist skoða það aðeins, stundum eða ræða niðurstöðurnar lauslega. Um þriðjungur foreldra segist ekkert skoða þær eftir prófin.
- Sumir segjast reyna að gera ekki of mikið úr prófunum við barnið og jafnvel reyna að draga úr mikilvægi þeirra á meðan að aðrir fara vel yfir niðurstöðurnar.
- Þá er ýmist farið yfir einkunnirnar sjálfar og stöðu barnsins eða yfir einstaka prófbætti, sem og að hvetja barnið áfram í náminu.
- Um helmingur foreldranna sagðist hafa lagt minni áherslu á að fara yfir niðurstöður könnunarprófanna í 4. og 7. bekk en í þeim 10. og nokkrir til viðbótar nefndu bara 4. bekk í þessu samhengi. Tæplega helmingur sagðist hafa farið á svipaðan hátt yfir prófin í öll skiptin.

B. Eru niðurstöður samræmdu könnunarprófanna kynntar fyrir foreldrum og börnum?

- Almennt segjast foreldrar ekki fá kynningu frá skólanum um niðurstöður samræmdra prófa.
- Flestir sögðu að farið hefði verið yfir niðurstöðu fyrir barnið í foreldraviðtali (fimm foreldrar neituðu því), allt frá því að rétt nefna einkunnina í framhjálaupi yfir í að ræða hvaða þættir gengu illa og hvers vegna. Þrír foreldrar sögðust hafa rætt við einhvern í skólanum um gengi bekkjarins eða skólans og jafnvel um uppbyggingu prófs, kosti og galla.
- Einn þátttakandi sagði að foreldrar skólans hefðu fengið kynningu í skólanum á heildarniðurstöðum og móðir fékk kynningu af því að hún er í skólaráði.
- Um þriðjungur foreldra hefur ekki áhuga á að fá sérstaka kynningu á samræmdu könnunarprófunum eða niðurstöðum þeirra (aðrar en þær sem lúta að árangri barns þeirra).
- Aðrir vildu fá kynningu og nefndu flestir ýmsar ástæður þess, svo sem að sjá hvernig skólinn stendur sig í samanburði, að fá meiri upplýsingar um uppbyggingu könnunarprófanna og að skilja einkunnirnar og svo nefndu allmargir að þeir vildu kynningu og umræðu um gildi, markmið og tilgang prófanna.



- Aðspurður um það hvort kennari kynnti niðurstöður prófanna sérstaklega fyrir börnunum í tíma sagði ríflega helmingur svo vera eða taldi það, en minnihluti sagði eða taldi svo ekki vera. Svör voru stutt og mörg hver óviss.

C. Samanburður einkunna barnsins við aðra:

- Obbi foreldra segist bera einkunnir barnsins við aðrar einkunnir.
- Nokkrir foreldrar neituðu þessu og þar af einn sem sagði að það væri vegna þess að prófin væru ekki góður mælikvarði til samanburðar.
- Þeir sem bera árangur barna sinna við aðra gera það er ýmist með að skoða raðtöluna og yfir í að bera einkunnina saman við meðaltal skólans, landshluta eða landsins í heild.

D. Fylgjast foreldrar með umræðum í fjölmiðlum og sækja þeir upplýsingar til Námsmatsstofnunar?

- Um helmingur foreldra segist fylgjast með fjöllun fjölmiðla um samræmd könnunarpróf og nokkrir til viðbótar segjast ekki fylgjast beint með henni, fremur að þeir rekist á umfjöllunina.
- Tæplega þriðjungur segist fylgjast lítið sem ekkert með umfjöllun fjölmiðla ýmist af því að hann hafi ekki trú á prófunum eða þykir umfjöllunin ófagleg.
- Allnokkrir foreldrar segja umfjöllun fjölmiðla litast um of af metingi og upptalningu á þeim sem koma best og verst út, en það sé ekki heppilegt eða faglegt.
- Aðspurðir kváðust þeir sækja upplýsingar til Námsmatsstofnunar, aðrir neituðu því. Einn sagðist hafa gert það vegna dóttur sem tók prófin, annar vegna starfs síns og til að sækja próf og sá þriðji sagðist fara reglulega inn á vef stofnunarinnar til að afla sér upplýsinga og einnig sækir hann fyrirlestra á vegum hennar.

E. Undirbúningur barna fyrir samræmdu könnunarprófin:

- Flestir foreldrar segja að þeir láti barnið æfa sig á eldri prófum eða að barnið geri það að eigin frumkvæði. Nánast allir segja að börnin fái æfingu á eldri prófum í skólanum.
- Um þriðjungur segir að undirbúningurinn felist í að börnin fái næga hvíld fyrir prófin og holla næringu.
- Þá nefna tveir að þeir undirbúi barnið „strategískt“, þ.e. að leggja áherslu á taka sér tíma í prófinu og fara vel yfir allt í lokin.
- Tveir foreldrar segjast ekki undirbúa barnið sérstaklega þar sem þeir vilja ekki auka streitu þess að óþörfu.
- Þá sögðu nokkrir foreldrar sem undirbúa barn sitt hafa gert meira af því fyrir 10. bekkjar prófið en þau fyrri, en tveir sögðu undirbúninginn hafa verið eins.

**F. Hafa niðurstöður samræmdu könnunarprófanna áhrif á kennslu barnsins?**

- Fjórir foreldrar segja afdráttarlaust að skóli þeirra barns taki tillit til niðurstaðna samræmdu könnunarprófanna og breyta kennslunni og þrír til viðbótar segjast telja það.
- Obbi foreldra neitar þessu eða telur að kennslunni sé ekki breytt.

G. Finna foreldrar fyrir streitu eða kvíða barnsins fyrir samræmd könnunarpróf?

- Meirihluti foreldra segir að barnið finni ekki fyrir kvíða eða streitu fyrir könnunarprófin.
- Átta foreldrar sögðu að barnið fyndi fyrir kvíða eða streitu, þar af voru tveir sem sögðu þetta hafa minnkað með árunum, tveir aðrir sögðu að streitan væri aðeins í 10. bekkjar prófunum og eitt sagði streituna misjafna eftir börnum sínum.

H. eru samræmd könnunarpróf mikilvæg í skólastarfinu?

- Mikill meirihluti foreldranna (11 af 15 sem tóku afstöðu) sagði að könnunarprófin væru mikilvæg í skólastarfinu, þótt um helmingur þeirra setti fyrirvara, svo sem um að þau stýrðu ekki skólastarfinu um of, séu ekki „fegurðasamkeppni“ skóla og að þau verði samanburðarhæf (sum börn sleppa við prófin).
- Þá voru þrír foreldrar sem vildu auka veg könnunarprófanna – prófa oft og í fleiri greinum, sem og að nota þau sem inntökupróf í framhaldsskóla.
- Fjórir foreldrar töldu könnunarprófin ekki mikilvæg og jafnvel til ógagns.

I. Framsetning niðurstaðna samræmdu könnunarprófanna?

- Nánast allir foreldrarnir sögðust skilja vel framsetningu á niðurstöðum könnunarprófanna hjá Námsmatsstofnun. Þess ber að gæta hér að þessir foreldrar eru sennilega áhugasamari um skóla barna þeirra og skólagönguna en margir aðrir.
- Nokkrir nefndu að raðtalan/raðeinkunnin væri skýr og skipti mestu máli.
- Eitt foreldri sagðist ekki skilja framsetninguna til fulls og annað sagðist sjálf skilja hana en sagði jafnframt „...ég þekki fjölda foreldra sem standa alveg á gati.“
- Annað þessara tveggja foreldra vill setja niðurstöðurnar skýrar fram og myndrænna, á mannamáli og gefa dæmi, og hitt sagðist ekki nota hugtökin normaldreifing og staðalfrávik daglega og vill nánari skýringu/umsögn á raðeinkunn.
- Þá sagði eitt foreldri að framsetningin væri ekki flókin en niðurstöðurnar gæfu ekki rétta mynd þar sem „...undirbúningur hvers skóla og kennara væri svo misjafn að það skekkir niðurstöðurnar.“
- Af þeim 15 foreldrum sem tjáðu sig um hvort mætti gera upplýsingarnar frá Námsmatsstofnun skýrari sagði um helmingur að betur þyrfti að skýra gildi, markmið



eða tilgang prófanna. Þá sagðist eitt foreldri vilja sjá niðurstöðum skipt eftir kennurum, þótt fara þyrfti varlega í það.

J. Það sem foreldrarnir sögðu að lokum:

- Tólf foreldrar skrifuðu nokkuð í lokin og fimm þeirra sögðust vilja auka gildi könnunarprófanna og þar nefndu þeir m.a. að prófa oftari og í fleiri greinum.
- Fjórir foreldrar sögðust vera sáttir við stöðuna eins og hún er og eitt sagðist ekki hrifið af prófunum og annað er ánægt að þau séu ekki notuð við inntöku nemenda í framhaldsskóla.
- Þá nefndu nokkrir vankanta á prófunum, svo sem að afleitt væri þegar villur leyndust í þeim, ekki gott að sumir nemendur slyppu við þau og ef prófin yrðu áfram í sömu mynd að prófað yrði í lok 9. bekkjar í stað haustannar í 10. bekk.



Á NÆSTU SÍÐUM ER ÖLL „UMRÆÐA“ EÐA SKRIF SKÓLASTJÓRA
OG KENNARA RAKIN Í SÖMU RÖÐ OG ÞEIR BIRTU SVÖR SÍN Á
FJARUMRÆÐUBORÐINU



1. Hvernig eru niðurstöður könnunarprófa notaðar? Skoðar skólinn t.d. einkunnir einstakra nemenda í samræmdum könnunarprófum eða er það fremur heildarniðurstaða fyrir bekkji og skólann sem eru skoðaðar?

Kennari 3

Niðurstöðurnar eru notaðar til að fara yfir stöðu nemenda. Við berum okkur saman við aðra skóla líka í einstökum þáttum.

Einnig eru einkunnir bornar saman úr einkunnum skólans á vor- eða jólaþrófum með það í huga hvort mikil skekkja er á milli.

Raðeinkunnir eru skoðaðar hjá hverjum einstaklingi og í framhaldinu er gripið til sérkennslu ef þörf er á í samráði við kennara og foreldra.

Skólastjóri 8

Við setjum okkar niðurstöður inn á heimasíðuna og höfum gert síðustu 10 árin.

Þá er það meðaltal okkar skóla, meðaltal Suðurlands og landsmeðaltalið.

Við berum síðan saman einkunn nemandans við skólaprófin og tökum síðan ákvörðun um úrræði ef þörf er á.

Kennari 12

Við skoðum niðurstöður einstakra nemenda í samræmi við námsferil þeirra annirnar á undan könnunarpófunum til að sjá hvort ekki sé rétt fylgni þar á milli. Ef eitthvað virðist vera á rangri leið eða hefur farið úrskeiðis þá grípum við þar inn í með viðeigandi ráðstöfunum. Bekkurinn í heild sinni er líka skoðaður með tilliti til nokkurra árganga skólans þar á undan til að sjá breytingar á milli árganga.

Samanburður á milli einstakra skóla og landshluta er því miður óhjákvæmilegur og þykir mér það miður. Aðstæður og árgangar eru svo gríðarlega mismunandi á landsvísu að samanburður er oft og tíðum óraunhæfur og gefur stundum ranga mynd af raunverulegu ástandi hvers skóla fyrir sig. Ég tel ótvírætt að mesta og besta notagildi niðurstaðna könnunarprófanna sé að finna innan hvers skóla fyrir sig.

Skólastjóri 10

Einkunnir einstakra nemenda eru skoðaðar sem og niðurstöður einstakra bekkja. Eins eru niðurstöður ákveðinna hluta prófanna skoðaðar sérstaklega og þá þælt í því hvort að vinna þurfi sérstaklega með þá hluta.

Samanburður er óhjákvæmilegur - þar sem tölurnar liggja til hliðsjónar.

Mikilvægasti þáttur prófanna er framfarastuðullinn og hefur hann verið skoðaður gaumgæfilega eftir að námsmatsstofnun fór að birta hann.

Undanfarin þrjú ár hafa niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekkjum verið skoðaðar sérstaklega og unnið með þær niðurstöður, t.d. brugðist við slökum árangri í stærðfræði með sérstöku átaki.

Kennari 1

Við skoðum bæði niðurstöður fyrir einstaka nemendur og svo árganginn eins og hópa. Okkur finnst mikilvægt að geta rætt um niðurstöður við foreldra og raðtölurnar hjálpa mikið til að allir skilji stöðuna sem barnið er í gagnvart heildinni.

Kennari 2

Það sem við skoðum fyrst og fremst er framfarastuðullinn (hjá 7. og 10. bekk). Við skoðum hvort hópurinn standi í stað miðað síðasta samræmda próf eða hvort framfarir séu eða hvort niðurstöður séu slakari en áður. Þetta segir okkur hvort kennslan hjá okkur sé að skila tilætluðum árangri. Við skoðum einnig einstaka nemendur. Sérstaklega nemendur sem eru ekki að ná árangri og til að



skoða hvað hægt sé að gera til að bæta það. Eða nemendur sem skara framúr, eru þeir að fá námsefni við hæfi.

Við skoðum auðvitað líka hvernig við erum að standa okkur miðað við aðra skóla. Við berum ekki mikið saman bekk heldur skoðum árganginn sem heild.

Skólastjóri 2

Þegar niðurstöður úr samræmdum prófum berast skólanum, er farið í að skoða hvar hægt er að gera betur. Einnig hver staða skólans er miðað við landsmeðaltal.

Hver þáttur innan greinar er skoðaður sérstaklega og athugað hvort einstakir þættir eru að koma áberandi verr út en heildareinkunn. Einnig er skoðað hvaða þættir eru að koma best út. Deildarstjóri kallar til kennara viðkomandi árganga og farið er yfir niðurstöður, ásamt skólastjórnendum.

Þegar skólinn fær frumrit prófanna í hendur, fara kennarar yfir prófin, áður en nemendur fá prófin með sér heim. Prófunum er skipt upp í námsþætti og árangur hvers nemanda skoðaður gaumgæfilega. Skoðað er hvort margir nemendur fá rangt fyrir sömu spurningu innan sama þáttar eða hvort mikil dreifing er á röngum svörum. Ef dreifing er lítil og margir nemendur eru að fá sömu villurnar, fara kennarar í sérstaka vinnu með nemendum á þeim þáttum sem þeir hafa ekki náð tökum á.

Kennarar í 4. og 7. bekk halda kynningu á niðurstöðum á deildarfundum á yngra- og miðstigi og umræða um niðurstöðurnar fer þar fram, þannig að hægt er að gera enn betur á næsta ári. Niðurstöður eru síðan kynntar foreldrum.

Kennarar í 10. bekk eru faggreinakennarar og fer því umræðan um niðurstöðurnar fram inna þess hóps sem kennir viðkomandi grein.

Kennari 11

Niðurstöður eru notaðar til að fara yfir stöðu nemenda. Við berum þær líka saman við þau próf sem við lögðum fyrir á haustönn.

Skólastjóri 6

Við skoðum einkunnir einstakra nemenda og berum okkur saman við stöðu nemandans í öðrum könnunum. Skoðum vel hvort einhver einstök atriði séu frekar en önnur að koma illa út og bregðumst þá við því. Einnig skoðum við stöðu annarra skóla. Við höfum ekki sett þessar upplýsingar inn á heimasíðu skólans.

Kennari 9

Við skoðum niðurstöður hvers og eins og reynum að meta einstaklinginn miðað við aðra. Við notum bæði landsmeðaltal sem og meðaltal annarra nemenda í skólanum. Við ræðum alltaf um að nota þessa niðurstöðu til að vinna betur að því sem miður fer í prófinu, en það gengur satt best að segja ekki vel. Við höfum gripið til þess að breyta námsefni hjá nemendum, setja á fleiri stuðningstíma ef hægt er og jafnvel reynt að búa til litla námshópa, þar sem saman eru komnir nemendur á svipuðu reki. Annars notum við þetta sem umræðugrundvöll við nemendur og foreldra til að benda á og átta okkur á hvernig staðan er.

Kennari 4

Við skoðum niðurstöður einstakra nemenda og berum þær saman við einkunnir skólans og bregðumst við ef það er áberandi munur þar á milli. Við skoðum líka einstaklingsniðurstöður nemendanna með það í huga að bregðast kennslufræðilega við því sem við teljum þurfa.

Við skoðum heildarniðurstöður bekkja og skólans en fyrst og fremst horfum við á einstaklingana. Við höfum rætt það hér í skólanum að það er stuttur tími til að bregðast kennslufræðilega við heildarniðurstöðunum samræmdu könnunarprófanna í 10. bekk.



Kennari 8

Við skoðum heildarniðurstöðurnar og reynum að átta okkur á hvort einhverjir námsþættir komi almennt illa út. Ef svo er þá er brugðist við því með því að vinna sérstaklega með þá þætti.

Einnig skoðum við raðeinkunnir og framfaræinkunnir, en þær finnast mér segja mest til um stöðu nemenda.

Kennari 6

Kennarar skoða heildarniðurstöður skólans í hverri námsgrein með tilliti til landsmeðaltals og meðaltal eigin svæðis. Einkunnir einstakra nemenda eru síðan skoðaðar, útkoma úr hverjum þætti hvers fags, framfarastuðull og raðeinkunn. Við skoðum hvernig hópurinn dreifist í raðeinkunn.

Skólastjóri 1

Skólinn skoðar einstakar einkunnir og heildina. Bæði hvað varðar einstaka nemendur, árganga og á milli skólaára.

Þá vinnur Skólaskrifstofa tölfræðiyfirlit milli ára þar sem hægt er að fylgjast með þróun og árangri einstakra skóla.

Kennari 5

Niðurstöðurnar eru notaðar til þess bera saman við aðrar einkunnir í skólanum. Foreldrar og nemendur eru upplýstir um gildi og vægi prófanna og þau nýtt til þess að bæta þá þætti sem lakast standa.

Skólastjóri 7

Niðurstöður samræmdra prófa eru birtar hér í skólasamfélaginu. Annarsvegar fyrir hvert ár og hinsvegar sem þriggja og fimm ára meðaltöl.

Við greinum hvert próf og skoðum hvort einstakir prófþættir komi betur eða verr út en aðrir og grípum þá til ráðstafana í samráði við kennara ef þurfa þykir.

Staða nemenda á greiningar- og könnunarprófum sem lögð eru fyrir innan skólans er borin saman við niðurstöður samræmdra prófa auk þess sem vitnisburður sem foreldrar fá tvisvar á ári er einnig skoðaður í ljósi niðurstaðna samræmdra prófa.

Með þessu móti viljum við nota niðurstöður samræmdra prófa til að bæta kennsluhætti.

Kennari 7

Niðurstöðurnar eru notaðar til að skoða stöðu hvers nemanda. Þar skiptir máli að sjá hverjar framfarirnar hafa orðið. Einkunn og einkunnir úr ýmsum þáttum eru bornar saman við einkunnir skólans á vorönninni á undan og jólaprófum á eftir.

Kennarar funda um niðurstöðurnar og ræða saman um það hvað má bæta. Komi einhver þáttur áberandi verr út en annar er brugðist við því.

Foreldrar fá bæði kynningu á prófunum og fund með umsjónarkennara eftir að niðurstöður liggja fyrir. Raðtalan er mikilvæg í útskýringum kennarans. Þurfi að grípa inn í (með léttara eða þyngra efni t.d.) er það gert í samráði við foreldra og sérkennara.

Niðurstöður eru alltaf sendar foreldrum og þær fara á heimasíðu skólans, það mætti þó mikilli andstöðu árið sem 4. bekkurinn var óvenju fámennur og allir vissu um ákveðnar fatlanir nemenda í hópnum.



Kennari 10

Niðurstöður eru notaðar til að skoða stöðu nemenda. Horft er til hvernig nemenda hefur gengið í prófum í 4., 7. og 10. bekk og litið til þess hvort framfarir hafi orðið hjá nemandanum eða hann staðið í stað.

Árangur nemenda í einstökum greinum skoðaður með það fyrir ljósi hvort og hvernig hægt er að grípa inn í einstaka þætti ef hægt er. Ef nemendur koma illa út í t.d. íslensku er kannað hvort og hvernig hægt er að bregðast við, þá í samráði við sérkennara skólans.

Árangur skólans er skoðaður með tilliti til niðurstaðna síðustu ára.

Heildarniðurstöður skólans eru skoðaðar með það fyrir augum hvort einhver þáttur skeri sig fremur úr en annar og þá með hvaða móti er hægt að bregðast við því ef þarf.

Skólastjóri 3

Þegar niðurstöður prófa liggja fyrir eru þær skoðaðar vandlega fyrir hvern og einn nemanda með það fyrir augum að nýta niðurstöður prófanna til að leggja áherslu á ákveðna þætti í kennslu með það að markmiði að gera betur í kennslu. Niðurstöður eru kynntar foreldrum og þeim einnig gerð grein fyrir því hvernig skólinn muni bregðast við.

Skólastjóri 9

Við skoðum bæði heildarniðurstöður og niðurstöður einstakra hópa og einstaklinga. Heildarniðurstöður eru settar upp í súlurit til samanburðar milli ára og við landshluta og landið í heild. Farið er yfir þær niðurstöður á kennarafundi. Reynt er að hafa umfjöllunina jákvæða og uppbyggilega og forðast að einblína bara á það sem þarf að laga.

Skólastjóri 4

Já, við notum niðurstöðurnar talsvert. Skoðum útkomu úr spurningum einstaka spurningum, finnum veikustu þættina hjá okkur og reynum að finna hvað þyrfti helst að bæta í kennslunni. Skoðum einnig framfarir milli ára hjá nemendum



2. Hvað er það í einkunnunum sem skólinn skoðar?

Kennari 3

Við skoðum raðeinkunnir og þá berum við saman jólaprófseinkunn úr skólanum til að sjá hvort þessar einkunnir eru í samræmi við einkunnir úr öðrum prófum frá okkur.

Einnig förum við yfir einstaka þætti til að athuga hvað þarf að bæta hjá okkur.

Skólastjóri 8

Við skoðum einkunnir og raðeinkunn, en lítum vel á einstaka liði innan hvers prófs t.d. rúmmál í stærðfræði og stafsetningu og lesskilning í íslensku. Það er mjög gott að nýta þessar niðurstöður fyrir skólastarfið m.t.t. nemenda.

Kennari 12

Við skoðum hvernig hver og einn prófþáttur kemur út í samanburði við einkunnir úr -öðrum könnunum og símati kennara í þeim þáttum. T.d. getur verið að ritun þurfi að bæta eða ákveðinn þátt lesskilnings og svo framvegis sem svo er hægt að nýta sér við kennsluskipulag.

Skólastjóri 10

Öll þau gögn sem skólinn fær eru skoðuð, einkunnir, raðeinkunnir nemenda og framfarastuðlar.

Kennari 1

Við skoðum einstaka þætti, metum framfarir í 7. og 10. bekk. Berum saman, leitum eftir styrkleikum og veikleikum nemenda sem og hópa. Raðtölur og framfarastuðull er það sem við skoðum.

Skólastjóri 6

Við skoðum þróunina á milli prófa 4. b., 7. b. og 10. b., hvort um framfarir sé að ræða.

Við skoðum hvernig einkunnin skiptist niður á þætti til að ganga úr skugga um hvort einhver atriði séu áberandi slök/sterk hjá okkur og skoðum það þá.

Kennari 9

Við skoðum framfarir og svo lítum við á greinar, eða atriði innan greina, sem okkur þykja athyglisverð.

Kennari 6

Kennarar hvers fags skoða heildarniðurstöður hvers nemanda og sundurliðun þátta innan greinarinnar. Við skoðum raðeinkunn nemenda, bæði sem einstaklings og hóps.

Við skoðum framfarastuðul á milli prófa. Landsmeðaltal, meðaltal svæðis og frammistaða skólanna í næsta nágrenni er einnig skoðuð til viðmiðunar.

Kennari 2

Við skoðum allar einkunnir og sérstaklega raðeinkunnir nemenda. Einnig skoðum við hvernig einstaka námbættir koma út með hliðsjón af því hvar við getum bætt okkur og hvar við erum á réttri leið.

Kennari 8

Við skoðum raðeinkunnir og framfaræinkunnir hvers nemanda fyrir sig. Ef framfarir eru undir meðallagi þarf að skoða það sérstaklega, hvað það er sem veldur.

Einnig skoðum við einkunnir í hverjum námbætti og berum okkur saman við landsmeðaltal. Út frá þessu metum við hvort við þurfum að leggja meiri áherslu á einhvern námsþátt öðru fremur.

Kennari 4

Við skoðum einstaka prófþætti hjá nemendahópum í þeim tilgangi að ákveða kennsluáherslur, t.d. lesskilning, ritun, og einstaka þætti stærðfræðinnar, t.d. rúmmál.

Við skoðum framfarastuðul einstakra nemenda milli 4., 7. og 10. bekkjar og hugum að því hvað þarf að bæta hjá viðkomandi. Við höfum gjarnan samstarf við foreldra um þennan þátt.



Skólastjóri 1

Skólinn skoðar hvernig árgangurinn kemur út í einstökum fögum og einstökum þáttum innan hvers fags fyrir sig.

Einnig er fylgst með framvindu hvers nemanda milli 4., 7. og 10. bekkjar.

Skólastjóri 2

Við skoðum, eins og áður hefur verið komið inn á, hvaða þættir eru að koma vel eða illa út, til þess m.a. að athuga hvort eitthvað sé að klikka í kennslunni, en þá er hægt að betrubæta hana. Þá skoðum við einni framfarastuðlana, rýnum vel í þá, bæði hvað varðar allan hópinn og einnig hvern einstakling.

Kennari 11

Við berum prófin saman við haustannarprófin okkar. Einnig skoðum við raðeinkunn og förum yfir einstaka liði úr prófunum.

Skólastjóri 7

Einstakir prófþættir eru skoðaðir hjá hverjum nemanda, aðallega í ljósi normaldreifðrar einkunnar. Einnig er prófeinkunnin skoðuð.

Raðeinkunnin er okkar meginsamanburðarkvarði og gefur til kynna hvort ástæða sé til að bregðast við.

Kennari 7

Við förum yfir alla efnisþætti prófsins með það í huga að bæta okkur ef einhver þátturinn kemur illa út. Við reynum líka að átta okkur á því hvað veldur ef nemandi kemur ekki vel út úr einhverjum þætti eða er langt frá því sem hann hefur talist vera í skólaprófum. Við reynum þannig að finna orsakirnar og bregðast við því sem vantar upp á.

Við skoðum raðeinkunn og framfarastuðul sem segja mjög mikið.

Kennari 10

Við skoðum raðeinkunn nemenda og framfarastuðla. Berum saman hvernig nemendum gengur á milli samræmdra prófa, eru þau að bæta sig, standa í stað eða hreinlega að slaka á?

Við skoðum einnig hvernig hver prófþáttur kemur út hjá heildinni og einstökum nemendum.

Skólastjóri 3

Allt er skoðað vel, raðeinkunnir og framfarastuðlar og þær upplýsingar eru notaðar til að gera áætlanir um hvað þarf að bæta hjá hverjum og einum.

Skólastjóri 9

Það fer eftir því hver skoðar. Kennarar sem kenna viðkomandi fög og umsjónarkennara fá allar upplýsingar og greina bæði einstaka þætti og heildarmynd.

Skólastjóri 4

Hvaða einstaka prófatriði skora lægst hjá okkur svo hægt sé að bæta úr því.

Kennari 5

Við skoðum efnisþættina vel og einnig bendum við nemendum og foreldrum á raðeinkunnina. Það getur líka verið áhugavert að bera skólaprófin við þessi próf.



3. Er þetta mismunandi eftir hvort um er að ræða 4., 7. eða 10. bekk?

Kennari 3

Fyrst er farið yfir 10. bekk þar sem stutt er eftir hjá þeim af árinu þegar einkunnir berast. Eftir það er farið yfir 4. og 7. bekk.

Ekki svo frábrugðið milli árganga hvernig við lesum úr einkunnum en bregðumst við eins og þörfin er hverju sinni. Árgangar eru mjög mismunandi. Stundum er þörfin mest í 10. bekk en stundum í 7. bekk.

Skólastjóri 8

Fyrst er farið yfir 10. bekk þar sem stutt er eftir hjá þeim af árinu og niðurstöður koma alltaf fyrst frá Námsmatsstofnun frá þeim. Síðan er farið í 4. og 7. bekk.

Kennari 12

Í raun er það sambærilegt hjá öllum bekkjunum hvernig niðurstöður eru notaðar þó svo nýtingin sé betri hjá 4. og 7. bekk heldur en 10. bekk því sá bekkur á náttúrulega svo lítið eftir af skólanum. Þó er alltaf hægt að grípa inn í þar á lokasprettinum.

Skólastjóri 10

Niðurstöður úr prófum 4. og 7. bekkjar hafa undanfarin ár borist seint. Þó hefur verið unnið með niðurstöðurnar eins markvisst og unnt hefur verið. Þetta eru greinandi próf sem gefa nokkuð góða mynd af því hvernig staða nemenda er.

Þó má ræða framkvæmd og fyrirlögn prófanna. Vonandi umræða sem verður tekin upp síðar.

Kennari 1

Kannski erum við að skoða alla eins en við skoðum mjög einstaklingsútkomu í 4. bekk. Þar erum við einnig mjög áhugasöm um þætti innan greinar, þ.e. hvernig árgangurinn er að koma út.

Skólastjóri 6

Í raun skoðum við alla bekkina svipað og bregðumst einnig þannig við.

Kennari 9

Ég verð að viðurkenna að ég þekki ekki hvernig farið er með þetta í 4. eða 7. bekk. Ég kenni á unglingastigi og hef lítil tengsl á önnur stig. Þetta er ekki tekið til almennrar umræðu í skólanum.

Kennari 6

Sama háttarlag er haft um niðurstöður prófa þessara bekkja.

Kennari 8

Ég held að prófin séu notuð á svipaðan hátt á öllum stigum.

Kennari 4

Varðandi framfarir milli 4., 7. og 10. bekkja er aðgengilegast að vinna úr framfaræinkunnum 4. til 7. bekkjar. Það vinnst góður tími til að skipuleggja kennslufræðiáætlanir fyrir hópa/bekki eftir að niðurstöður könnunarprófanna í 7. bekk berast. Þeim áætlunum er líka unnið eftir í 8. bekk. Niðurstöðurnar berast ekki fyrr en langt er liðið á haustönnina.

Við nýtum niðurstöður samræmdu könnunarprófanna að mestu leyti út frá einstaklingunum, sérstaklega í 4. og 10. bekk.

Skólastjóri 1

Mjög svipað ferli er í gangi og er það í umsjá deildarstjóra og faggreinakennara í hverju fagi (umsjónarkennara í 4. bekk).



Kennari 11

Það er að ég tel alltaf farið fyrst yfir niðurstöður 10. bekkjar þar sem þeir eru á lokaspretti námsins, síðan er farið yfir 4.-7. bekk.

Skólastjóri 2

Helsti munurinn er sá að við kynnum niðurstöður prófanna í 4. og 7. bekk, sem og rýni okkar í þessar niðurstöður, fyrir stærri hópi kennara og foreldra.

Kennari 2

Farið er yfir þetta á svipaðan hátt hjá öllum árgöngum.

Skólastjóri 7

Í raun skoðum við alla bekkina með sama hætti, þ.e. lítum á prófeinkunnina sjálfa, raðeinkunn og normaldreifða einkunn.

Kennari 7

Við notum sömu aðferð í öllum bekkjum, fundur faggreinakennara og umsjónarkennara og sérkennara fer yfir niðurstöðurnar. Yfirleitt er fyrsti fundurinn vegna 10. bekkjar og síðan 4. og 7. bekkjar þar sem niðurstöðurnar berast frekar seint.

Kennari 10

Nei, ekki er munur á hvernig unnið er með niðurstöður samræmdra prófa. Ef þarf þá er reynt að bregðast við því eins vel og hægt er sama á hvaða aldri nemandinn er.

Skólastjóri 9

Á þessu er ekki mikill munur en þó er gagnlegt að skoða framfarastuðla sem fást í 7. og 10. bekk

Skólastjóri 4

Nýtum allar niðurstöður.

Kennari 5

Þetta er gert svipað á öllum stigum.

Skólastjóri 3

Prófin eru skoðuð með sama markmiði, að gera betur og leggja áherslu á það sem betur má fara. Í 4. og 7. bekk er hægt að gera markmið til lengri tíma þar sem 10. bekkurinn á eftir styttri tíma. Því er það mín skoðun að það eigi að taka 10. bekkjarprófin að vori í 9. bekk þannig að niðurstöður liggi fyrir strax að hausti. Þannig yrði þeirra vinna með þeim nemendum markvissari.



4. Skoða kennarar einstakar einkunnir sinna nemenda í könnunarprófunum?

Kennari 3

Já kennarar skoða einkunnir hjá nemendum í sínum umsjónarþekki og líka hjá þeim sem þeir kenna í sinni grein og jafnvel öðrum greinum. Mikil áhugi hvernig „börn okkar“ eru að standa sig.

Skólastjóri 8

Við höfum sem sérstakan dagskrárlið hjá okkur í skólanum að kennarar/umsjónarkennara fari yfir niðurstöður samræmduprófanna, ræði þær og komi með tillögur til stjórnenda ef þeir telja eitthvað þurfi að gera.

Kennari 3

Það er líka hjá okkur þannig að haldnir eru sérstakir fundir þar sem kennarar í greinninni og umsjónarkennarar með stjórnendum fara yfir niðurstöðurnar.

Skólastjóri 6

Já þeir gera það, umsjónarkennarar fara vel yfir allt og greinakennararnir skoða þær greinar sem þeir kenna.

Kennari 9

Já. Umsjónarkennarar, greinakennarar og skólastjóri fara saman yfir einkunnirnar og við ræðum niðurstöðuna, bæði út frá stöðu nemendanna og greinarinnar. Þar reynum við að miða við útkomu fyrri ára, sem og útkomu innan árgangsins bæði í skólanum og á landsvísi.

Kennari 6

Já, það gera þeir, sem umsjónarkennarar og sem kennarar sinnar námsgreinar. Fundur er haldinn með stjórnendum og kennurum viðkomandi stigs.

Kennari 2

Já allir kennarar skoða sérstaklega sína nemendur en einnig fara kennarar, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu yfir niðurstöður árgangsins í heild.

Kennari 8

Já, hver kennari skoðar niðurstöður nemenda sinna og nýtir sér niðurstöðurnar í áframhaldinu.

Kennari 4

Já, það gera umsjónarkennarar og faggreinarkennarar allra nemenda í 4., 7., og 10. bekk. Sérkennarar skoða einnig niðurstöður nemenda og gjarnan í samstarfsteimum kennara, ásamt skólastjórnendum.

Kennari 12

Já, auðvitað gera þeir það. Og oft og iðulega þá skoða kennarar einkunnir hjá öðrum nemendum líka. Ég myndi nú segja að þetta flokkaðist undir áhugasvið flestra kennara.

Skólastjóri 1

Kennarar fara alltaf yfir einkunnir einstakra nemenda og er það hluti af því ferli sem sett er í gang þegar niðurstöður liggja fyrir.

Kennari 11

Já þeir gera það.

Skólastjóri 7

Það gera þeir en við skólastjórnendur höfum frumkvæði að þeirri skoðun og vinnum úr prófaniðurstöðum áður en kallað er í kennara.



Kennari 7

Já kennarar skoða mjög vel einkunnir nemendanna bæði í sínu fagi og öðrum greinum. Faggreinakennarar, umsjónarkennarar og sérkennari fara rækilega yfir niðurstöðurnar saman.

Skólastjóri 2

Já, þeir gera það. Bæði þeir kennarar sem kenna viðkomandi grein og svo einnig umsjónarkennarar nemendanna.

Kennari 10

Umsjónarkennarar í 4. og 7. bekk skoða einkunnir nemenda sinna og í samráði við stjórnendur leita leiða til að bregðast við ef þarf.

Í 10. bekk skoða umsjónarkennarar einkunnir ásamt þeim greinakennurum sem málið varðar.

Kennari 1

Já og hafa áhuga á skoða hvern og einn. Sérstaklega námsárangur í þeirri grein sem þeir kenna.

Skólastjóri 10

Já - kennarar fara yfir ásamt deildarstjóra hvaða þættir koma vel út og hvaða þættir verr.

Skólastjóri 9

Já.

Skólastjóri 4

Já, þeir nýta niðurstöðurnar til frekari greiningar á stöðunni.

Kennari 5

Já, t.d. eru einkunnir úr 7. bekk skoðaðar áður en nemendur mæta í 8. bekk. Aðeins til þess að gera sér mynd af þeim nemendum sem eru að mæta.



5. Einkunnir hverra eru helst skoðaðar?

Kennari 3

Oftast nær eru það einkunnir hjá þeim sem við höfum áhyggjur af sem og einkunnir þeirra sem skara fram úr. En allar einkunnir eru skoðaðar.

Skólastjóri 6

Við skoðum allar einkunnir.

Kennari 9

Við skoðum einkunnir allra. Best eru þó einkunnir þeirra sem eru á endanum skoðaðar. Við reynum að einbeita okkur mest að þeim sem við vitum að standa höllum fæti og reynum að bregðast við. Þeir sem best koma út eru sennilega of lítið í umræðunni og ekki nógu mikið gert með það.

Kennari 6

Við skoðum einkunnir allra en sérstaklega þeirra sem koma illa út, þeirra sem víkja frá væntingum sem gerðar voru til þeirra og skoðum þá þætti sem komu illa út hjá þeim. Við skoðum framfarastuðulinn og reynum að átta okkur á hvaða skýringar séu líklegar á frammistöðu.

Kennari 2

Við skoðum sérstaklega einkunnir nemenda sem raðast mjög hátt eða mjög lágt til skoða hvað hægt sé að gera til að koma á móts við þarfir þeirra.

Kennari 8

Mér finnst aðaláherslan vera á þeim sem eru ekki að sýna framfarir á milli prófa í 4. – 7. og 7. – 10. bekk. Það eru þeir nemendur sem við höfum helst áhyggjur af. Einnig skoðum við þá nemendur sem okkur finnst skara fram úr.

Kennari 4

Við skoðum einkunnir allra nemenda. Við skoðum sérstaklega niðurstöður sem koma kennurunum á óvart og veltum ástæðunum fyrir okkur, gjarnan í samstarfi við foreldra viðkomandi nemenda. Við skoðum sérstaklega niðurstöður nemenda sem fá slakar einkunnir og bregðumst við innan sérkennslunnar. Við skoðum líka sérstaklega framúrskarandi niðurstöður og reynum að koma til móts við þá nemendur, eins og alla nemendur.

Þegar við skoðum niðurstöður einstakra nemenda, athugum við líka námsstíl viðkomandi nemenda og út frá því leitum við leiða til að bæta námsárangur.

Kennari 12

Allar einkunnir eru skoðaðar jafnvel, og síðan er farið í að greina þær einkunnir sem þurfa sérstaka athygli.

Skólastjóri 1

Einkunnir allra eru skoðaðar og framvinda hvers nemanda er skoðuð. Gildir þar einu hvort um er að ræða nemendur sem fá slaka niðurstöðu, þá sem eru í meðallagi og þá sem fá góða útkomu.

Kennari 11

Þeirra sem við teljum að séu í vandræðum og þurfi aðstoð við lokakafla námsins.

Skólastjóri 8

Við skoðum allar einkunnir ef við sjáum eitthvað sem þarf að skoða nánar með tilliti til breytinga á einstaklingsnámskrá, þá er það skoðað enn betur.



Skólastjóri 7

Við skoðum einkunnir þeirra lægstu sérstaklega, þeirra hæstu sem og veruleg frávik frá öðru mati sem við höfum í höndum.

Kennari 7

Allar einkunnir eru skoðaðar og hver efnispáttur ræddur.

Skólastjóri 2

Einkunnir allra eru skoðaðar. Skiptir ekki máli hvaða árangri nemandinn er að ná. Allt skoðað.

Kennari 10

Allar einkunnir eru skoðaðar. En ef nemandi stendur í stað eða er að slaka á þá er sérstaklega fylgst með því og reynt að velta því upp hverju veldur.

Kennari 1

Allra.

Skólastjóri 10

Allra nemenda.

Skólastjóri 4

Sérstaklega þeirra sem þarf að aðstoða til að ná betri árangri.

Kennari 5

Einkunnir allra eru skoðaðar en einna helst hjá þeim sem við höfum áhyggjur af.



6. Er þetta mismunandi eftir hvort um er að ræða 4., 7. eða 10. bekk?

Kennari 9

Ég verð að viðurkenna að ég þekki ekki hvernig farið er með þetta í 4. eða 7. bekk. Ég kenni á unglíngastigi og hef lítil tengsl á önnur stig. Þetta er ekki tekið til almennrar umræðu í skólanum.

Kennari 6

Eg tel að það sé unnið svipað með þetta í öllum bekkjum en held þó að áhersla á ólíkar lestraraðferðir og vinnu með stærðfræði sé mest eftir 4. bekk.

Kennari 12

Ég kenni á unglíngastigi svo að 10. bekkur er mitt áhugasvið en ég veit að kennarar í 4. og 7. bekk vinna á mjög svipaðan hátt með sínar einkunnir.

Skólastjóri 1

Mjög svipað ferli er í gangi í öllum þessum árgöngum undir stjórn deildarstjóra.

Kennari 3

Þetta er unnið svipað í öllum þessum árgöngum og halda stjórnendur utan um þetta.

Kennari 11

Það er eflaust mismunandi eftir árum og kennurum sem koma að kennslu þessara bekkja það árið.

Skólastjóri 8

Í 4 og 7. bekk er farið nákvæmar í hlutina m.t.t. lestur og lesskilnings annars er vinnuferlið mjög líkt fyrir alla bekkina. Við erum búin með vinnuna við 10. bekkinn því niðurstöður koma alltaf fyrst fyrir þau.

Kennari 8

Ég hef ekki nóg vitneskju til að svara þessu fyrir öll stigin.

Kennari 2

Nei það er farið á svipaðan hátt yfir þetta hjá öllum árgöngum.

Skólastjóri 7

Nei, þetta er með svipuðum hætti í öllum þremur bekkjunum.

Kennari 4

Nei, þetta skoðum við á mjög svipaðan hátt í þessum aldurshópum.

Kennari 7

Þetta er skoðað á sama hátt í öllum bekkjunum.

Skólastjóri 2

Nei, þetta er ekki misjafnt eftir árgöngum. Allt skoðað.

Kennari 10

Hjá okkur er unnið eftir sama ferli sama í hvaða árgangi nemendur eru.

Skólastjóri 6

Það er unnið á mjög svipaðan hátt með alla þessa árganga.

Skólastjóri 10

Nei.

Skólastjóri 4

Held að það sé svipað hjá öllum bekkjum. E.t.v. er þó meiri vinna lögð í 4. og 7. bekk.



Kennari 1

Mjög svipað.

Kennari 5

Nei, svipað fyrirkomulag alls staðar.



7. Skoðar skólinn hvort einstaka nemendur hafi hækkað eða lækkað milli prófa miðað við aðra nemendur eða meðaltöl, þ.e.a.s. frá 4. bekkjar prófi til 7. bekkjar prófs og frá 7. bekkjar prófi til 10. bekkjar prófs?

Kennari 12

Aðallega er farið yfir hvort nemandinn hefur hækkað eða lækkað miðað við sjálfan sig á milli prófa á milli bekkja. Hvern og einn nemanda verður að meta út frá réttum forsendum, þ.e.a.s. honum sjálfum, ekki satt? Meðaltöl og raðtölur gera lítið fyrir einstaklinginn ef eitthvað þarf að laga.

Skólastjóri 1

Farið er nákvæmlega yfir meðaltöl sem skólinn vinnur og eins meðaltöl sem skólayfirvöld í bænum vinna.

Þar er fylgst með hvort nemendur og árgangar séu að bæta sig og hver fylgni sé milli einstakra þátta í einstökum fögum.

Kennari 3

Já allt er skoðað en aðallega þó miðað við nemandann sjálfan, hvort hann er að hækka eða lækka sig.

Kennari 11

Já við skoðum hvort framfarir hafi orðið milli prófa hjá einstaklingum. Sérstaklega varðandi framfarir milli 4. og 7. bekkjar.

Skólastjóri 8

Já það er lítið á það og miðað við nemandann sjálfan hvernig og hvort framfarir hafi verið eðlilegar miklar eða litlar.

Kennari 8

Nemendur eru eingöngu bornir saman við sjálfa sig, þ.e. árangur úr fyrri prófum. Hafi nemandi ekki sýnt eðlilegar framfarir þá þarf að skoða það sérstaklega.

Kennari 2

Já við skoðum nemandann alltaf út frá framfarastuðlinum því að sjálfsgöðu viljum við hafa hann jákvæðan. Ef framfarastuðullinn er neikvæður þá þarf að skoða hvað hægt sé að bæta.

Skólastjóri 7

Það er skoðað en í raun verður að skoða stöðuna eins og hún er fyrst og fremst og takast á við þann veruleika.

Kennari 4

Við skoðum aðallega hvort einstaka nemendur hafi hækkað eða lækkað milli prófa miðað við hvað þeir höfðu sjálfir fengið áður.

Einstaka sinnum höfum við skoðað nemendahópa miðað við meðaltöl og brugðist kennslufræðilega við því til að bæta námsárangur.

Kennari 7

Hækkun eða lækkun er bæði skoðuð miðað við aðra nemendur. Einkunnir hvers og eins í fyrri könnunarprófum eru skoðaðar og eins borið saman við skólapróf.

Kennari 6

Já, við skoðum hvort um framför er að ræða hjá hverjum fyrir sig.

Skólastjóri 2

Já, þetta er einmitt það sem við gerum, en skoðum einnig mjög vel hvernig hann er að standa sig miðað við sjálfan sig, þ.e. framfarastuðulinn.

**Kennari 10**

Skólinn skoðar sérstaklega hvort nemendur hafi hækkað eða lækkað á prófum eftir einstaklingnum sjálfum en ekki hópnum.

Skólastjóri 6

Yfirleitt eru nemendur skoðaðir út frá eigin árangri en ekki miðað við árangur annarra nemenda.

Kennari 1

Já, og hvernig þau í samanburði við framfarir á skólaprófum.

Kennari 9

Já, við berum saman einkunnir á milli árganga og skoðum hvernig þróunin hefur verið.

Skólastjóri 10

Já.

Skólastjóri 9

Framfarastuðlar einstakra nemenda og einnig hópsins í heild eru athyglisverðir.

Skólastjóri 4

Já, niðurstöður eru skoðaðar bæði miðað við heildina og einstaka nemendur.

Kennari 5

Já, framfarastuðullinn er skoðaður og einnig röðunin m.v. hópinn.



8. Eru framfarir heilla bekkja athugaðar á milli 4., 7. og 10. bekkjar könnunarprófanna – þá miðað við heildarmeðaltöl hverju sinni?

Skólastjóri 1

Framfarir bekkja og árganga eru skoðaðar sérstaklega og er þar tekið tillit til heildarmeðaltala hvað varðar fagið í heild og einstakra þátta þess.

Kennari 12

Heilir bekkir eru jú kannaðir líka, þrátt fyrir að einstaklingurinn fá meiri athygli. Og einhverjir kennarar miða líklega við heildarmeðaltölin.

Kennari 3

Ég hugsa að margir kennarar skoði framfarir bekkja í yngri deildum en þetta á oft ekki við í 10. bekk.

Skólastjóri 8

Já við skoðum meðaltölin milli ára enda setjum þau inn á heimasíðuna okkar.

Kennari 8

Það hefur verið þannig að niðurstöður árganga eru skoðaðar og athugað hvernig árgangurinn í heild sinni er að standa sig miðað við heildarmeðaltöl.

Kennari 2

Við skoðum framfarir milli bekkja og árganga út frá hverju fagi og námsþáttum, til dæmis hvernig lesskilningur eða ritun kemur út.

Skólastjóri 7

Já, með því er fylgst sérstaklega en í fámennum skólum þá skiptir hver einstaklingur það miklu máli að óraunhæft getur verið að bera niðurstöðurnar saman sérstaklega þegar miklar breytingar hafa orðið í nemendahópnum.

Kennari 4

Já, einstaka sinnum höfum við gert það ef frávikin frá heildarmeðaltalinu eru mikil. Við teljum að samræmdu könnunarprófin gefi skólum vísbendingar um hvernig kennsla og námsframvinda bekkja er.

Kennari 7

Það er gert en mestu athyglinni er þó beint að einstaklingnum.

Kennari 6

Frá 4. til 10. bekkjar skoðum við framvindu hjá einstaklingum en eftir 10. bekk lítum við sérstaklega á þá þætti sem koma illa út hjá mörgum.

Skólastjóri 2

Já, framfarir heilla bekkja eru skoðaðar, miðað við heildarmeðaltöl hverju sinni.

Kennari 10

Já, við skoðum alltaf niðurstöður bekkjanna í heild sinni.

Skólastjóri 6

Já við fylgjumst með því svona yfir lengri tímabil hvort miklar breytingar verði hjá okkur.

Kennari 1

Já þá helst ef mikil munur er en annars er áherslan mest á einstaklinginn.



Kennari 11

Það var að ég held ekki gert síðasta haust í það minnsta.

Kennari 9

Já. Við skoðum útkomurnar með það í huga hvernig þróunin hefur verið. Í mínum skóla höfum við athugað hvernig greinar koma út og skoðum hvort að það sé eitthvað sem við getum gert betur, eða hvar við sýnumst vera á réttri leið.

Skólastjóri 10

Já - eins er líka horft til framfarastuðla.

Skólastjóri 9

Þegar farið er yfir frammistöðu skólans í heild á kennarafundi og frammistaða liðinna ára sett upp til samanburðar fer ekki hjá því að frammistaða tiltekinna árganga berst í tal.

Skólastjóri 4

Aðallega milli 4. og 7. bekkjar.

Kennari 5

Framfarir árgangsins er frekar skoðaðar sem heild.



9. Ber skólinn sínar niðurstöður saman við landshlutann? Ef svo er, vinsamlega tilgreinið með hvaða hætti.

Skólastjóri 7

Nei, við gerum það ekki. Að mínu mati er raunhæfast að bera saman við landið allt.

Kennari 3

Ekki endilega, en frekar landið allt og svo aðra skóla.

Skólastjóri 8

Við setjum niðurstöður skólans, Suðurlands og landsmeðaltalsins inn á heimasíðu okkar og höfum gert síðustu 10 ár.

Kennari 4

Nei, það höfum við ekki gert. Við teljum það ekki bæta skólastarfið.

Kennari 12

Ekki með neinum formlegum hætti, en ég hef nú trú á að einhverjir kennarar og/eða stjórnendur geri það þó svo það hafi ekkert að segja fyrir skólastarfið.

Kennari 7

Það er að einhverju leyti gert í umræðunni, skólastjórinn hefur áhuga á því og hann kemur því á framfæri.

Mér finnst allt í lagi að vita landshluta- eða landstölurnar en þær breyta engu um það hvernig við vinnum fyrir einstaklingana sjálfa og það eru þeir sem skipta máli.

Árgangar eru misjafnir, fjölmennir - fámennir.

Kennari 6

Við skoðum niðurstöður okkar miðað við niðurstöður landshlutans og skóla í sama bæjarfélagi, þ.e. skoðum meðaleinkunn. Sem kennarar höfum við engar aðrar einkunnir til taks frá öðrum skólum.

Skólastjóri 2

Skólinn ber sínar niðurstöður saman við landshlutann, sem og landið allt, sem okkur þykir segja meira um árangurinn.

Kennari 10

Já, stjórnandinn skoðar niðurstöður skólans í samanburði við niðurstöður landshlutans.

Skólastjóri 6

Við berum okkur frekar saman við einstaka skóla í okkar landshluta.

Kennari 1

Já við rennum yfir það en skoðum helst landið og svo Rvík. (heimabæ).

Kennari 11

Nei, við berum okkur ekki saman við þá skóla sem eru í kringum okkur og í sama sveitafélagi þótt við skoðum það alveg.

Kennari 9

Við berum okkur vissulega saman við aðra skóla. Það er mest gert innan svæðis og er ekki hugsað þannig að við séum í einhverskonar keppni eða metingi. Ég get kannski sagt að við vitum hvar við stöndum miðað við aðra.

Kennari 8

Já það er skoðað hvernig við komum út miðað við meðaltal landshlutans.

**Skólastjóri 10**

Já - borið er saman við landshlutann (kjördæmið), og landið allt.

Skólastjóri 9

Já, á súluriti á kennarafundi

Skólastjóri 4

Já, skoðum meðaltöl landshluta og berum stundum saman einstaka þætti.

Kennari 2

Við förum ekki mikið út í það en skoðum samt hvernig við komum í heildina út miðað við Reykjavík (heimabæ) og landið allt.

Kennari 5

Já við berum okkur saman við landshlutann sem og landið allt.



10. En við landsmeðaltal?

Skólastjóri 7

Já við berum okkur saman við landsmeðaltal.

Kennari 3

Já við gerum það.

Skólastjóri 8

Við setjum niðurstöður skólans, Suðurlands og landsmeðaltalsins inn á heimasíðu okkar og höfum gert síðustu 10 ár.

Kennari 4

Við skoðum það en vinnum ekkert úr því.

Kennari 12

Jú, ég myndi segja að landsmeðaltal sé oft og tíðum inni í myndinni.

Kennari 7

Já, það er með í umræðunni.

Kennari 6

Já, við skoðum niðurstöður einnig út frá landsmeðaltali.

Skólastjóri 2

Já, við gerum það.

Kennari 10

Já, niðurstöður eru alltaf að skoðaðar í samanburði við landsmeðaltal.

Skólastjóri 6

Já, við berum okkur saman við það.

Kennari 1

Já.

Kennari 11

Við skoðum það og vitum af því enn ekkert unnið eftir því frekar.

Kennari 9

Við berum nemendur okkar saman við landsmeðaltal. Við skoðum hvernig okkar krakkar koma út miðað við aðra með það í huga hvað það er sem við erum að gera. Þessar athuganir eru ekki eitthvað sem koma fyrir augu krakkanna eða foreldra nema það sé eitthvað sem við sjáum að stingur í stúf.

Kennari 8

Já við berum okkur saman við landsmeðaltal.

Skólastjóri 10

Já.

Skólastjóri 9

Já, við erum meðvituð um frammistöðu okkar skóla m.t.t. landshluta og landsmeðaltals.

Skólastjóri 4

Já



Kennari 2

Já við skoðum það.



11. Hvað með samanburð við aðra skóla, og þá hvaða skóla helst?

Skólastjóri 7

Ég hafði til nokkurra ára skóla af svipaðri stærð til viðmiðunar og þá sérstaklega skóla sem sýndu stöðugt góðan árangur á samræmdum prófum. Mér fannst það síðan of þröngt sjónarhorn og lít frekar á heildina og síðan gengi einstakra nemenda.

Skólastjóri 8

Nei, við gerum það ekki sérstaklega.

Kennari 4

Við gerum lítið af því að bera niðurstöður samræmdu könnunarprófanna saman við niðurstöður annarra skóla. Við teljum að samanburður milli skóla og niðurstöður samræmdu könnunarprófanna eigi ekki að stýra skólstarfinu. Það er margt mikilvægt í skólstarfi sem samræmd könnunarpróf meta ekki.

Kennari 3

Já við skoðum aðra skóla og berum okkur saman við aðra skóla í svipuðum bæjarfélögum og af svipaðri stærð og gerð.

Kennari 12

Fyrir mig persónulega hafa aðrir skólar ekkert að gera með mína kennslu svo samanburður við þá er ekki neitt fyrir mig sérstaklega. Að mínu mati er samanburður á eplum og appelsínnum ekki raunhæfur.

Kennari 7

Við berum okkur ekki saman við aðra skóla.

Kennari 6

Við berum okkur saman við skóla innan sama bæjarfélags og lítum þá til þeirra skóla sem eru að standa sig betur en við. Við blésum til fundar í mínu fagi, í lok mars til að bera saman val á kennsluefni og yfirferð þess. Saman komu fulltrúar frá sex skólum af átta sem fengu fundarboð. Það koma alltaf upp einhverjar góðar hugmyndir á svona fundum og þannig læra allir eitthvað. Við áformum að hittast aftur í haust áður en kennsla hefst.

Skólastjóri 2

Já, við höfum borið okkur saman við aðra skóla. Þar má nefna skólana í bæjarfélaginu. Einnig höfum við líka borið okkur saman við þá skóla á landinu sem hafa verið að standa sig hvað best. Við viljum helst ekki vera langt frá þeim. Þó að þetta hafi verið gert til margra ára, fullyrði ég að þetta stýrir ekki skólstarfinu.

Kennari 10

Nei, við höfum ekki borið okkur saman við aðra skóla á markvissan hátt.

Skólastjóri 6

Við skoðum fyrst og fremst skóla sem eru svipaðir af stærð og gerð sem hafa verið að sýna góðan árangur.

Kennari 1

Já sambærilega skóla, þ.e. í sama hverfi.

Kennari 11

Nei ekkert frekar.

Kennari 9

Þá skóla sem við erum í nágígi við. Á okkar landsvæði, sveitarfélagi.



Kennari 8

Nei við berum okkur ekki saman við aðra skóla.

Skólastjóri 10

Já - samanburður hefur verið gerður á útkomu 10. bekkja við skólana í næsta nágrenni.

Skólastjóri 9

Við berum okkur ekki sérstaklega sama við aðra tiltekna skóla en þegar fjallað er um frammistöðu sveitarfélagsins á fræðislunefndarfundum kemur frammistaða einstakra skóla sveitarfélagsins í ljós.

Skólastjóri 4

Skoðum landshlutann okkar og sambærilega skóla.

Kennari 2

Nei við berum okkur ekki saman við aðra skóla.

Kennari 5

Við berum okkur saman við skóla í grenndinni og bæjarfélaginu.



12. Eru niðurstöður í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk kynntar sérstaklega innan skólans fyrir starfsliði skólans? Með hvaða hætti er það gert?

Kennari 9

Nei, þetta er í raun ekki kynnt fyrir starfsfólkinu, heldur kíkir hver kennari á sína grein.

Skólastjóri 8

Það er ekki gert á starfsmannafundum en það er gert á kennarafundum og stundum er sagt frá því á skólaslitum ef það hefur gengið sérstaklega vel.

Kennari 8

Nei, þar er ekki nein sérstök kynning á niðurstöðunum, heldur heldur hver kennari utan um sitt.

Kennari 11

Nei það er ekki kynnt niðurstöður sérstaklega fyrir starfsliði skólans.

Kennari 10

Stjórnendur segja frá því á almennum starfsmannafundum að niðurstöður samræmdra könnunarprófa séu komnar í hús. En síðan eru niðurstöður prófanna kynntar umsjónarkennurum og sérgreinakennurum og farið yfir þær sérstaklega.

Skólastjóri 2

Já, það er gert, bæði á starfsmannafundum og einnig hengjum við upp niðurstöðurnar á kaffistofuna.

Skólastjóri 10

Já - kynntar á kennarafundi þar sem farið er yfir meðaltöl og samanburð við kjördæmið og landið í heild, raðeinkunnir kynntar og það sem athyglivert þykir hverju sinni.

Kennari 12

Nei, niðurstöðurnar eru ekki kynntar sérstaklega fyrir starfsliði skólans.

Skólastjóri 9

Heildarniðurstöður eru settar upp í súlurit til samanburðar milli ára og við landshluta og landið í heild og kynntar á kennarafundi.

Skólastjóri 4

Já, niðurstöður kynntar á starfsmannafundum.

Kennari 2

Nei ekki fyrir starfsfólki almennt. Hver árgangur fer yfir niðurstöður sinna nemenda ásamt deildarstjóra sérkennslu og aðstoðarskólastjóra.

Kennari 4

Nei, þær eru ekki kynntar sérstaklega á sameiginlegum fundi. Viðkomandi kennarar kynna sér þær og svo eru þær ræddar í samstarfsteymum viðkomandi árganga.

Kennari 3

Við kynnum niðurstöður á kennarafundum en förum svo líka yfir þetta með þeim kennurum sem við á.

Kennari 5

Nei, það er ekkiallsherjar kynning, frekar kynning með árganginum og þeim sem koma að hverjum árgangi fyrir sig.

Kennari 6

Fundir eru haldnir með kennurum viðkomandi greina og skólastjórnendum. Þar er farið yfir niðurstöður og framvinda hópsins skoðuð.



Kennari 7

Niðurstöðurnar eru kynntar faggreinakennurum og umsjónarkennurum fyrst á fundi með skólastjóra. Sérkennari, umsjónarkennari og faggreinakennarar rýna betur í niðurstöðurnar og fara yfir þær á fundi og skoða þær með tilliti til hvers og eins nemanda.

Á almennum starfsmannafundum er yfirleitt sagt frá því að einkunnir séu komnar í hús og farið almennar yfir niðurstöðurnar.

Skólastjóri 6

Nei það er ekki gert, deildarstjórar kynna niðurstöður fyrir sínum stigum en heildarkynning fyrir allt starfslið er ekki framkvæmd.



13. Eru niðurstöður í samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk kynntar sérstaklega fyrir foreldrum?

Kennari 9

Við kynnum niðurstöður vitanlega vel fyrir hverjum og einum og þá látum við oft fylgja með hvernig viðkomandi stendur miðað við hina.

Skólastjóri 8

Jú það er gert á foreldradögum /-degi eftir að niðurstöður berast.

Kennari 8

Já niðurstöðurnar eru kynntar foreldrum og farið vel yfir hvernig á að lesa úr niðurstöðunum svo foreldrar geti séð hvernig sitt barn stendur sig miðað við fjöldann.

Kennari 11

Já kennarar gera það. Þá er það gert á foreldradögum.

Kennari 10

Í foreldraviðtölum er farið yfir niðurstöður prófanna. Farið yfir raðeinkunn og einkunn nemenda. Einnig ef bregðast þarf sérstaklega við þá er það rætt í foreldraviðtalinu.

Skólastjóri 2

Já, það er gert, en þó ekki fyrr en búið er að fara yfir niðurstöðurnar og rýna í þær.

Skólastjóri 10

Ekki formlega, foreldrar fá send meðaltöl kjördæmis og landshluta.

Kennari 12

Já, umsjónarkennarar sjá um að gera það á næsta foreldradegi, og svo fá foreldrar auðvitað sem og nemandinn sitt útkomubríf í hendurnar um leið og það berst.

Skólastjóri 9

Foreldrum eru einungis kynntar niðurstöður barns síns enda kemur raðeinkunn þar fram sem gefur foreldrum hugmynd um hvar í röðinni þeirra barn er.

Skólastjóri 4

Niðurstöður eru birtar opinberlega á heimasíðu skólans og bæjarins.

Kennari 2

Nei ekki sérstaklega en foreldrar fá niðurstöður síns barns sendar heim. Einnig kemur fram í matsskýrslu skólans sem er á heimasíðunni hvernig skólinn er að koma út miðað við landsmeðaltalið.

Kennari 6

Það er einungis farið yfir hvað hver einkunn stendur fyrir, þ.e. prófs-, samræmd- og raðeinkunn. Við gerum þetta í foreldraviðtölum og allir fá útprentun af frammistöðu síns barns.

Kennari 4

Já, þær eru ræddar á morgunkaffiforeldrafundum viðkomandi árganga, sem stjórnendur halda með foreldrum.

Kennari 3

Við sendum nemendur að sjálfsögðu heim með niðurstöðurnar þegar þær koma í hús og síðan er sendur póstur á foreldra hvernig ber að lesa út úr niðurstöðunum. Einnig eru niðurstöðurnar ræddar á næsta foreldradegi.



Kennari 5

Já, farið er yfir niðurstöður í foreldraviðtölum í lok okt. og foreldrum gerð grein fyrir stöðunni.

Kennari 7

Í 10. bekk eru foreldrar kallaðir til á sérstakan aukafund með umsjónarkennara og aðstoðarskólastjóra. Þar eru niðurstöðurnar afhentar.

Yfir niðurstöður í 4. og 7. bekk er yfirléitt farið á foreldradegi en niðurstöðurnar eru sendar heim þegar þær berast.

Skólastjóri 6

Já það er farið yfir niðurstöðurnar í foreldraviðtölum.



14. En eru niðurstöðurnar ræddar við fræðslustjóra eða í sveitarstjórn/bæjarstjórn/borgarstjórn þess sveitarfélags þar sem skólinn er? Með hvaða hætti er það gert, t.d. formlega eða óformlega?

Kennari 9

Nei.

Kennari 8

Ég veit ekki til þess að þetta sé gert í mínum skóla.

Skólastjóri 8

Niðurstöður eru stundum kynntar á fræðslunefndarfundum og þá fer fundargerð áfram til sveitarstjórn.

Kennari 11

Held ekki.

Skólastjóri 2

Fræðslustjóra eru sendar niðurstöðurnar og þær síðan ræddar á fundum stjórnenda með fræðslustjóra.

Skólastjóri 10

Já - rædd og kynnt formlega á fundum fræðslunefndar og svo í bæjarstjórn.

Kennari 12

Nei, ekkert sérstaklega þó svo skólastjóri geri oft grein fyrir þeim í stórum dráttum á fundi með fræðslunefnd sveitafélagsins.

Kennari 10

Fræðslustjóri fær einnig niðurstöður samræmdra könnunarprófanna í hendur. Farið er yfir niðurstöður á skólanefndarfundum.

Skólastjóri 9

Já, bæði formlega á fræðslunefndarfundum og óformlega við fræðslustjóra og í samvinnu skólastjóra.

Skólastjóri 4

Bæjaryfirvöldum eru kynntar niðurstöður.

Kennari 6

Fræðslustjóri ræðir þetta að einhverju leyti í skólaráði en ég veit ekki á hvern hátt.

Kennari 4

Nei, ekki veit ég til þess.

Kennari 3

Já fræðslustjóri fær niðurstöðurnar líka.

Kennari 5

Veit ekki.

Kennari 2

Nei.

Kennari 7

Skólastjóri og fræðslunefnd ræða niðurstöður. Niðurstöðurnar fara einnig inn á fund skólaráðs.



Skólastjóri 6

Já við sendum okkar niðurstöður til fræðslustjóra sem ræðir við okkur. Frekar er um óformlegt spjall að ræða.



15. Er í einhverjum tilvikum rætt við foreldra eða nemendur eftir könnunarpróf um niðurstöður nemandans?

Skólastjóri 8

Niðurstöður eru alltaf ræddar við 10. bekkinga. Þá m.t.t. samanburðar á landsmeðaltali og Suðurlandsmeðaltali.

Kennari 11

Já það er gert t.d. til að skipuleggja sérkennslu í samræmi við einkunnir.

Kennari 8

Ég veit ekki hvort rætt er við alla foreldra og nemendur um niðurstöðurnar.

Kennari 10

Já það er gert. Þá sérstaklega ef bregðast þarf við með t.d. sérkennslu.

Skólastjóri 10

Já.

Skólastjóri 2

Já það er gert.

Kennari 12

Já, ef upp kemur eftir að niðurstöður hafa verið greindar að bregðast þurfi við einhverju sérstaklega, þá er rætt við foreldra og nemendur.

Kennari 9

Já, alltaf. Við ræðum við hver og einn um niðurstöðuna og skoðum útkomuna miðað við landsmeðaltal og prófin í 4. og 7. bekk. Ég veit hins vegar ekki hvernig þessu er háttað í 4. og 7. bekk.

Skólastjóri 9

Líkur eru á að niðurstöður samræmdra prófa séu í mörgum tilfellum ræddar í samstarfi kennara og foreldra en ekki eru haldnir sérstakir fundir þar um.

Skólastjóri 4

Já, ef kennarar telja þörf á því.

Kennari 6

Já, það er gert í viðtali á milli kennara, foreldra og barns.

Kennari 4

Já, það er gjarnan gert, sérstaklega í 10. bekk. Einnig er rætt við foreldra barna, ef það þarf að bregðast við með einum eða öðrum hætti, t.d. sérkennslu.

Kennari 3

Já í einhverjum tilvikum er haft samband ef bregðast þarf við með sérkennslu.

Kennari 5

Já, þegar niðurstöður liggja fyrir þá er farið yfir hvað tölurnar þýða. Bæði fyrir hópinn og einstaklinga.

Kennari 2

Ef foreldrar óska eftir því að ræða það er það gert en annars ekki.

Kennari 7

Já ef útkoma nemandans er þannig að ástæða er til að bregðast við fjallar fundur foreldra, kennara og sérkennara um málið.



Skólastjóri 6

Já það er gert ef við þurfum að bregðast við t.d. með einstaklingsnámskrá eða sérkennslu.



16. Ef svo er, hvaða nemendur og eða foreldra er helst talað við? Hvers vegna er helst talað við þessa nemendur eða foreldra en ekki aðra?

Skólastjóri 8

Nemendur 10. bekkjar hafa mestan þroska og áhuga á að vita hvernig þau standa sig miðað við 10. bekkinga skólans á fyrri árum. Þá er lítið til hvað þau eru mikið/lítið fyrir ofan/neðan landsmeðaltalið. Viðtölin við foreldrana eru um niðurstöður og framfarir hjá þeirra eigin barni og þá er oft áréttað að samræmdu prófin hafa ekkert með aðgöngu að framhaldsskólum að gera.

Kennari 10

Það er gert ef kemur fram í niðurstöðum að einstaklingurinn hefur ekki náð tilteknum markmiðum og það þarf að bregðast við því með stuðning eða sérkennslu.

Skólastjóri 10

Ef að eitthvað sérstakt hefur „komið upp á“. Sérstaklega er um að ræða nemendur 10. bekkjar.

Skólastjóri 2

Það er t.d. gert þegar nemendur eru að koma okkur mikið á óvart með árangur, þá aðallega þegar þau eru ekki að ná þeim árangri sem von var á.

Kennari 12

Vegna þess að í þeim tilvikum þarf að öllum líkindum að taka á einhverjum sértökum þáttum í námi nemandans, reyna að breyta til baka einhverri miður góðri þróun, nú eða bara hreinlega taka sig á.

Skólastjóri 4

Sérstaklega í þeim tilfellum þar sem nemandi hefur dregist aftur úr frekar en að standa í stað eða bæta sig.

Kennari 11

10. bekkjar.

Kennari 6

Það er talað við alla.

Kennari 4

Umsjónarkennarar tala við alla foreldra og nemendur um samræmdu könnunarprófin í 4., 7. og 10. bekk í næsta foreldraviðtali eftir prófin. Sérkennarar tala við foreldra nemenda sem þarf að bregðast við með sérkennslu og öðrum úrræðum innan stoðkerfisins. Faggreinakennarar ræða gjarnan við foreldra og nemendur sem þurfa að „taka sig á“ með betri ástundum í kennslustundum og/eða heimanámi. Stundum ræða foreldrar við skólastjórnendur vegna barna sinna.

Kennari 5

Það er talað við alla og einna helst þá sem eiga börn sem koma ekki vel út og þeim gerð grein fyrir stöðunni.

Kennari 3

Við upplýsum alltaf þá foreldra og nemendur sem við teljum að þurfi á sérkennslu að halda. Fyrst er farið yfir 10. bekk þar sem stutt er eftir hjá þeim en síðan er lagst í sömu vinnu með 7. og 4. bekk.

Kennari 8

Ég veit ekki alveg eftir hverju er unnið í sambandi við þessi samtöl.

Kennari 2

Aðeins gert ef foreldrar óska eftir því.



Kennari 7

Hver nemandi í 10. bekk fær sinn persónulega fund ásamt foreldrum og umsjónarkennara.

Skólastjóri 6

Helst er talað við þá sem við þurfum á einhvern hátt að bregðast við með sérúrræðum. Hina er rætt við í foreldraviðtölum.



17. Hvernig hafa samræmd könnunarpróf áhrif á skólastarfið – bæði í aðfarartíma prófanna og svo yfir veturinn almennt?

Skólastjóri 8

Í aðfarartíma prófanna þá er lögð áhersla á að undirbúa nemendur í greinunum íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og einnig í ensku í 10. bekk vel þann stutta tíma í september sem gefst. Á vorönn er farið yfir atriði samræmdu prófanna með þeim bekkjum sem taka þau næsta haust. Áherslan getur verið mismunandi eftir kennurum en lagt er upp með ákveðna samræmda vinnu við þau með nemendum á vorönninni.

Skólastjóri 10

Þau hafa þau áhrif að þau auka spennu meðal nemenda og jafnvel starfsfólks. Betra væri ef framkvæmdin, fyrirlögnin væri í höndum skólanna. Hægt sé að leggja prófin fyrir á fleiri dögum og jafnvel í smærri hlutum.

Reynt er svo að vinna með niðurstöðurnar þegar þær liggja fyrir.

Kennari 12

Yfir veturinn almennt tel ég að prófin hafi lítil áhrif, og nú orðið eru þau ekki að hafa nein afgerandi áhrif almennt. Sem faggreinakennari í 10. bekk þá læt ég þau nú nær ekkert raska mínum áætlunum sem svo í síðustu 2-3 vikurnar fyrir þau. Því þau eru náttúrulega til að kanna hvernig ástandið er, en ekki hvernig ástand ég get búið til.

Kennari 10

Reynt er að láta þau hafa sem minnst áhrif á skólastarfið. En nemendur fá samræmd próf í hendur sem þau vinna að einhverju leyti heima á haustdögum og einnig er farið yfir framkvæmd prófanna. Á vorin nota kennarar hluta af samræmdum prófum í vorprófum, s.s. lesskilning og stundum málfræðihlutann.

Kennari 9

Frá skólabyrjun er mikið hugsað um prófin. Í 10. bekk látum við krakkana vinna undirbúningsverkefni. Það er samt mjög mikið í þeirra höndum, þau ráða sjálf hversu mikinn undirbúning þau leggja í þetta. Eftir prófin hafa þau ekki mikil áhrif.

Skólastjóri 2

Þau hafa ekkert rosalega mikil áhrif á skólastarfið. Í byrjun skólaárs, rétt fyrir prófin, er aðallega lögð áhersla á að undirbúa nemendur fyrir prófin, upprifjun o.þ.h. Síðan ef það eru einhverjir þættir, sem eru að koma alveg sérstaklega illa út, þá er það skoðað og gerðar áætlanir um að laga það.

Skólastjóri 9

Nemendur og kennarar eru meðvitaðir um prófin.

Skólastjóri 4

Sumum finnst prófin vera of snemma og skólastarfráttir fram að þeim stýrist of mikið af prófunum. Þetta er þó misjafnt eftir kennurum.

Kennari 11

Vikurnar fram að prófum eru undirbúningsvikur fyrir prófið. Þá eru tekin gömul samræmd próf og æft sig á þeim.

Kennari 4

Mér finnst áhersla lögð á það í skólastarfinu, að samræmdu könnunarprófin hafi ekki stýrandi áhrif í aðfarartíma prófanna, þó fá nemendur tækifæri til að æfa sig á eldri prófum um haustið. Nemendur geta auðvitað æft sig á gömlum samræmdum prófum heima.

Við leggjum meiri áherslu á að bregðast við niðurstöðunum, kennslufræðilega og á annan viðeigandi hátt.



Kennari 5

Lítill áhrif, gömul próf eru kynnt fyrir nemendum en þeir eru ekki æfðir reglulega fyrir prófin.

Kennari 3

Fyrir prófin eru nemendur að einhverjum hluta búnir undir þau. Annars reynum við að minnka stressið á nemendum eins og hægt. Eftir prófin er það bara úrvinnsla hjá okkur þar sem farið er yfir niðurstöðurnar og brugðist við með sérkennslu ef þörf er á.

Kennari 8

Fyrir prófin er upprifjun og gömul próf notuð. Það er samt reynt að láta prófin ekki hafa of mikil áhrif. Eftir prófin eru niðurstöðurnar skoðaðar annars hafað þau engin áhrif á vetrarstarfið almennt.

Kennari 6

Við höfum ekki notað mikið af þeim en erum að hugsa um að leggja fyrir eitt próf í okkar fagi í 9. bekk, í lok apríl, til þess að þau viti á hverju er von. Við leggjum meiri áherslu á þau atriði sem prófað er úr en önnur. Í haust munum við rifja upp og þá notum við örugglega gömul próf til hliðsjónar.

Kennari 2

Þau hafa lítill áhrif. Nemendur fá að sjá og taka gömul samræmd próf til að vita að hverju þeir ganga.

Kennari 7

Nemendur æfa sig á gömlum samræmdum prófum í september, fyrir prófin. Sumum nemendum í 10. bekk finnst þau tilgangslaus, kvíðavaldandi og óþarfa stress sem fylgir.

Skólastjóri 6

Þau hafa ekki mikil áhrif, kannski þó orðið mest í 4. og 7. bekk þar sem kennararnir leggja töluvert upp úr því að nemendur þekki formið á prófunum. Við reynum að nálgast þau af skynsemi og snúum ekki skólastarfinu á haus þó svo að samræmd próf séu aðsigi. Við leggjum áherslu á að þau séu könnunarpróf og eigi að aðstoða okkur við að taka stöðuna eins og hún er.



18. Eru könnunarprófin nýtt beint í kennslu til undirbúnings fyrir þau, t.d. farið yfir eldri próf, eða svipað efni kennt?

Skólastjóri 8

Já þau eru nýtt beint í kennslu.

Kennari 10

Já, oft er farið yfir eldri próf. Hluti úr þeim notuð í vorpróf og svo eru þau lögð fyrir rétt fyrir prófin þannig að nemendur viti nokkuð að hverju þeir ganga.

Skólastjóri 10

Í einhverjum tilfellum eru skoðuð gömul próf.

Kennari 12

Síðustu tímuna fyrir könnunarprófin nýti ég mér eldri próf til þess að nemendur sé kunnugir prófforminu sem lagt er fyrir þau.

Kennari 9

Nei.

Skólastjóri 2

Já, könnunarprófin (gömlu) eru nokkuð notuð, þá aðallega til að sýna nemendum hverju þeir geti átt von á, varðandi útfærslu (próffyrirkomulag).

Skólastjóri 9

Kennarar nýta sér eldri próf í einhverjum tilvikum en það eru þó engin bein tilmæli um að það sé gert

Skólastjóri 4

Já, farið er yfir eldri próf og þá námsþætti sem hafa komið verst út.

Kennari 11

Já.

Kennari 4

Mjög takmarkað. Nemendur spreyta sig á gömlum samræmdum prófum í ágúst og september og 4. bekkingum er kynnt hvernig þetta lítur út.

Kennari 5

Það er farið yfir gömul próf og börnin æfð í því að fylla í reitina og skila rétt af sér en tekur ekki langan tíma.

Kennari 3

Já í sumum tilvikum og oft eru textar og annað nýtt í jóla eða vorpróf.

Kennari 8

Ákveðnir efnisþættir eru teknir fyrir og eru þá gömul próf nýtt til upprifjunar eða námsefni fundið annars staðar.

Kennari 6

Já, en við höfum ekki notað mikið af þeim, látið nemendur vinna eitt en boðið þeim að fá fleiri ef þeir vildu. Við höfum notað hluta af þeim í skólapróf, sérstaklega lesskilningshluta.

Kennari 7

Já, ekki síst lesskilningsverkefni í yngri bekkjunum.



Kennari 2

Stundum eru gömul samræmd próf notuð sem vorpróf vorið áður en nemendur taka sjálf prófin. Reynt er að rifja upp helstu atriði fyrir prófin að hausti annars miðast kennslan ekki við það að nemendur séu að fara að taka samræmd próf.

Skólastjóri 6

Við nýtum ekki prófin beint í kennslu, en kynnun fyrir nemendum prófformið.



19. Er það mismunandi eftir því hvort um er að ræða 4., 7. eða 10. bekk?

Skólastjóri 8

Það getur verið áherslumunur en þó ekki.

Kennari 10

Ég hugsa að þetta sé svona álíka. Það er reynt að láta prófin ekki stjórna skólastarfinu, en þau eru þó kynnt þannig að nemendur viti nokkurn veginn að hverju þeir ganga.

Skólastjóri 10

Í einhverjum tilfellum, já.

Kennari 12

Ég tel að um svipaða hluti sé að ræða í öllum þessum bekkjum í mínum skóla.

Kennari 9

Þekki ekki hvernig málum er háttað í 4. og 7. bekk.

Skólastjóri 2

Þetta er mjög svipað eftir árgöngum.

Skólastjóri 4

Mest í 4. og 7. bekk

Kennari 4

Í 4. bekk er nemendum kynnt hvernig prófin líta út, þau spreyta sig á einu slíku og prófa hvað hvað umfangið er mikið.

Í 7. og 10. bekk leysa þau samræmd próf í tímum um haustið.

Kennari 5

Mest æft í 4. og 7. bekk.

Kennari 3

Sennilega er lögð minnst áhersla á undirbúning í 4. bekk en þau eru samt kynnt fyrir forminu þannig að þau vita að hverju þau ganga.

Kennari 8

Ég hugsa að það sé svipað alls staðar. Reyndar hefur verið áhersla á að gera ekki mikið úr prófunum hjá yngstu nemendum.

Kennari 6

Ég tel það vera svipað á öllum stigum.

Kennari 7

Ég held að þetta sé svipað í öllum bekkjunum.

Kennari 11

Já það er mjög mismunandi.

Kennari 2

Þetta er mjög svipað í öllum árgöngum.

Skólastjóri 6

Nei, við höfum svipaðan hátt á með alla árgangana.

**20. Finnst þér vægi samræmdra könnunarprófa í skólastarfi hafa aukist eða minnkað síðustu ár?****Kennari 10**

Mér finnst vægið vera svipað. Að vísu hafa örugglega einhverjar breytingar orðið á vægi samræmdra könnunarprófa í 10. bekk eftir að þau voru sett á í skólabyrjun en ekki í lok 10. bekkjar.

Skólastjóri 10

Frekar minnkað - eftir að prófað er að hausti?

Kennari 12

Vægi þeirra hefur minnkað verulega í huga nemenda sem og kennara, sérstaklega eftir að þau dattu út sem viðmið fyrir framhaldsskólaumsókn. Og tímasetning þeirra er líka ekki mjög gildisþrungin.

Skólastjóri 2

Vægið hefur minnkað nokkuð, miðað við hvernig þetta var áður en prófin voru færð að hausti.

Skólastjóri 9

Með fjölbreyttara námsmati er algengara að litið sé á samræmdu prófin sem einn mælikvarða af mörgum.

Skólastjóri 4

Minnað frekar en aukist, sérstaklega í 10. bekk.

Kennari 4

Ég get ekki séð að vægið hafi breyst, hvorki aukist né minnkað í 4. og 7. bekk. Mér finnst það hafa minnkað í 10. bekk.

Kennari 5

Fólk er afslappaðra gagnvart prófunum, vægið er svipað í 4. og 7. bekk en hefur minnkað í 10. bekk.

Kennari 3

Minnað, fólk er afslappaðra.

Kennari 8

Vægi prófana í skólastarfinu hefur lítið breyst. Það hefur alltaf verið reynt að gera ekki of mikið úr þeim og láta þau ekki stjórna skólastarfinu.

Kennari 6

Það hefur haldist svipað en prófin stjórna á beinan og óbeinan hátt áherslum í kennslu. Á fundi kennara í mars, kom fram að áhersla á stafsetningarkennslu hafði minnkað vegna þess að ekki væri lengur prófað í stafsetningu nema óbeint, í ritun.

Skólastjóri 8

Vægið er það sama hjá okkur í 4. og 7. bekk. En það hefur minnkað í 10. bekk sérstaklega hjá nemendum og eitthvað minna hjá kennurum.

Kennari 7

Vægi prófanna hefur minnkað eitthvað, sérstaklega hjá nemendum í 10. bekk. En prófin stjórna vinnu skólans að einhverju leyti að minnsta kosti er reynt að bregðast við því þegar einhverjum árgangnum gengur ekki vel í einhverjum prófluta.

Kennari 11

Minnað ef eitthvað er.



Skólastjóri 6

Vægið hefur minnkað.

Kennari 2

Í 4. og 7. bekk er það mjög svipað og verið hefur en vægið hefur minnkað í 10. bekk.



21. Hversu mikilvæg eru þau fyrir skólastarfið í dag?

Skólastjóri 10

Frekar mikilvæg. Ágætt tæki fyrir skólann að sjá hvar hann stendur miðað við aðra.

Kennari 10

Þau eru mikilvæg fyrir skólastarfið. Nauðsynlegt er fyrir okkur að sjá hvernig nemendur okkar eru að standa sig, bæði einstaklingslega og í heildina.

Kennari 12

Svona miðlungs eða neðar myndi ég segja fyrir 10.bekk, en aftur á móti nokkuð mikilvæg fyrir 4. og 7. bekk upp á að bregðast við.

Skólastjóri 2

Þau eru mikilvæg að því leyti að gott er að sjá hvar við stöndum miðað við aðra skóla á landinu og svo einnig til að sjá hvar við þurfum að taka okkur á.

Skólastjóri 9

Þau er gagnlegur mælikvarði á það sem þau mæla.

Skólastjóri 4

Finnst þau góður mælikvarði á stöðuna og samanburð milli ára. Hins vegar finnst okkur prófin stundum of erfið og það kemur fyrir að atriði eru á prófunum sem bekkurinn á eftir að fara yfir á árinu.

Kennari 5

Mikilvæg, góð til þess að sjá stöðu nemandans í hópnum, árganginum, m.v. landið og hvað má bæta.

Kennari 3

Þetta er fínt mælitæki fyrir skólann og nemendur til að sjá hvar við stöndum miðað við aðra með raðtölunum.

Kennari 8

Þetta er ágætt tæki til að meta nemendur. Mestu skiptir þó að geta metið hvern nemenda fyrir sig og framfarir hans miðað við heildina. Þá á ég við framfaræinkunnina.

Kennari 6

Ég tel að prófin eigi rétt á sér og það sé gott að hafa samræmdan mælikvarða á hópinn. Þau stýra áherslum að einhverju leyti, hamlu e.t.v. um leið en spurning hvort framhaldsskólinn verði ekki að hafa einhver viðmið um undanfara fyrir framhaldsnám og hvort sameiginlegur menningararfur þurfi ekki að komast til sem flestra, t.d. í gegnum fornsögur og ljóð.

Skólastjóri 8

Þau eru mjög mikilvæg fyrir skólastarfið það eru nauðsynlegt fyrir nemendur að vita hvar þeir standa miðað við sína jafnaldra einnig er gott að sjá hvernig skólinn/bekkirnir standa milli ára miðað við aðra.

Kennari 7

Prófin mæla auðvitað ekki alla þætti, a.m.k. ekki í íslensku.

Þau eru ágæt til að sjá stöðu hvers nemanda með raðeinkunn og til að finna þætti sem ekki ganga vel.

Fjölmiðlar hafa mikinn áhuga á skólum sem lenda neðarlega í röð skólanna en hafa minni áhuga á þeim sem gengur vel.

Kennari 11

Ekki eins mikilvæg og áður en þau hafa enn mikinn tilgang.



Skólastjóri 6

Þau eru frekar mikilvæg.

Kennari 2

Þau eru mikilvæg fyrir skólastarfið til að hafa sem viðmið við aðra skóla og landið í heild. Einnig til að sjá hvar einstakir nemedur standa og fyrir foreldra að sjá hvar þeirra barn raðast. Einnig til að skoða hvar vel gengur og hvað má bæta. En þau eru bara einn hluti af matinu ásamt svo mörgu öðru sem mikilvægt að meta í skólastarfinu.



22. Hafa könnunarprófin bein eða óbein áhrif á stjórnun skólans? Og þá með hvaða hætti?

Skólastjóri 10

Nei, hafa ekki bein áhrif á stjórnun skólans.

Kennari 10

Nei, ekki svo ég viti til.

Kennari 12

Ekki hef ég nú orðið vör við það og tel svo alls ekki vera.

Skólastjóri 9

Samræmd próf eru einn af ótal mörgum þáttum sem hafa áhrif á stjórnun skólans.

Skólastjóri 4

Nei, lítil, nema að því leyti að kynna niðurstöður og stýra hvernig þær eru nýttar.

Skólastjóri 2

Nei, ekki beint, nema þá að koma verkefnum á fólk, eins og að rýna í niðurstöður og kynna niðurstöður.

Kennari 4

Nei, ég kannast ekki við það.

Kennari 5

Hafa engin áhrif á stjórnun skólans

Kennari 3

Nei ekki beint. Ekki annað en það þarf að skipuleggja undirbúninginn og yfirsetu.

Kennari 8

Það verð ég ekki vör við.

Skólastjóri 8

Já þau hafa alíavega óbein áhrif á stjórnun skólans, það eru lagðar línurnar á samráðsfundum og lagt upp með að ákveðin vinna sé framkvæmd sem kemur nemendum til góða fyrir undirbúning prófanna.

Kennari 6

Niðurstöður þeirra eru notaðar til viðmiðunar um framvindu í kennslu. Kennarar eru minntir á þau og þau stjórna óbeint vali á viðfangsefnum hvernar greinar þó að þau séu ekki eins og svipa yfir mannskapnum. Eldri próf eru notuð í einhverjum mæli sem æfingatæki við undirbúning.

Kennari 7

Niðurstöður eru kynntar og unnið með hvern nemanda.

Ég reikna með að stjórnendur vildu kannski breyta einhverju ef skólinn kæmi illa út.

Kennari 11

Nei.

Skólastjóri 6

Nei þau hafa það ekki.

Kennari 2

Nei, það held ég ekki.



23. eru einhvers konar umbótaáætlanir gerðar í kjölfar samræmdra könnunarprófa, og þá hvers konar?

Skólastjóri 10

Já, t.d. tekið betur á þeim þáttum sem hafa komið illa út.

Kennari 10

Já, það er farið í gegnum hvaða þættir koma illa út og hvaða þættir koma ágætlega út. Farið er í að huga að hvaða þættir koma illa út og hvernig hægt er að bregðast við því.

Kennari 12

Ef þess gerist þörf miðað við útkomu könnunarprófanna, og þá yfirleitt í einstaklingstílvikum.

Skólastjóri 9

Skólinn er sífellt að vinna að bættu skólastarfi, t.d. með vinnuhópum um einstakar námsgreinar og ýmsa þætti í skólastarfinu. Niðurstöður samræmdra prófa eru einn af þeim þáttum sem slíkir hópar skoða þegar það á við.

Skólastjóri 4

Þegar prófin eru skoðuð er farið yfir þætti sem koma verst út og unnið að því að bæta kennslu í þeim þáttum.

Skólastjóri 2

Já, í þeim þáttum sem koma verst út.

Kennari 4

Já, það eru gerðar áætlanir til að bæta kennslu þar sem vísbendingar koma um að þess þurfi, t.d. í ákveðnum þáttum í stærðfræði, lesskilningi og/eða ritun.

Kennari 5

Nei, engin sérstök.

Kennari 3

Já allir þættir eru skoðaðir og þá gripið til aðgerða ef einhverjir þættir eru að koma mjög illa út. Hvað þarf að bæta og hvernig getum við gert það? Stundum höfum við sett upp vinnufundi þar sem kennarar vinna að ýmsum þáttum um hvað er hægt að gera.

Kennari 8

Já það er farið yfir hvaða þættir koma illa út og reynt að vinna betur með þá þætti.

Skólastjóri 8

Það er alltaf farið yfir þá þætti sem koma ekki vel út og þá er lögð áhersla á þá þætti.

Kennari 6

Eftir síðustu áramót var tekin ákvörðun um að endurskoða kennsluáætlanir skólans og láta þær byggja enn betur á markmiðum námskráa hvers fags. Sú endurskoðun er gerð til að nemendur okkar nái betri árangri í námi og byggist þessi ákvörðun m.a. á niðurstöðum samræmdra prófa.

Kennari 7

Já, ef einhver þáttur kemur illa út er unnin sérstök umbótaáætlun í honum.

Kennari 11

Já ef að einhverjir þættir koma sérstaklega illa út.



Skólastjóri 6

Já við bregðumst við þeim þáttum sem koma illa út.

Kennari 2

Já ef árangur í ákveðnum námsþætti kemur mjög illa út hefur það verið skoðað og farið út í umbætur.



24. Eru samræmd könnunarpróf notuð við innra mat í skólanum og þá með hvaða hætti?

Skólastjóri 10

Nei þau hafa ekki verið notuð við innra mat hingað til (svo heitið geti).

Kennari 12

Nei, það tel ég nú ekki.

Kennari 10

Já, að einhverju leyti hafa þau verið notuð við innra mat í skólanum. Niðurstöður prófanna eru bornar saman á milli ára.

Skólastjóri 9

Já, frammistaða á samræmdu prófum er einn af þeim þáttum sem teknir eru til skoðunar í innra matinu.

Skólastjóri 4

Já, niðurstöður hafa verið nýttar sem þáttur í innra mati skólans.

Skólastjóri 2

Já, útkoma úr samræmdum prófum er einn af þeim þáttum sem tilheyra innra mati skólans.

Kennari 4

Já, niðurstöður í samræmdum prófum er einn af þeim þáttum sem eru skoðaðir í innra mati skólans.

Kennari 5

Nei, ekkert sérstaklega.

Kennari 3

Já við skoðum niðurstöður milli ára en annars ekki.

Kennari 8

Ég get ekki svarað þessu.

Skólastjóri 8

Þau eru höfð til hliðsjónar en ekki beinn liður í innra matinu.

Kennari 6

Þau eru aðallega notuð sem hlutar af skólaprófum. Lesskilningskaflar eru stundum notaðir í íslenskuprófum og jafnvel gamlir stafsetningarhlutar þó dregið hafi úr beinni stafsetningarkennslu á efstu stigum.

Kennari 7

Samræmd könnunarpróf eru þáttur í innra mati skólans eins og öll önnur próf.

Kennari 11

Nei, held ekki.

Skólastjóri 6

Nei við höfum ekki gert það enn en það stendur til.

Kennari 2

Já árangur í samræmdum prófum er skoðaður út frá landsmeðaltali og niðurstöður settar í sjálfsmatsskýrslu.



25. Eruð þið almennt ánægð með vinnu Námsmatsstofnunar í sambandi við framkvæmd og kynningu á niðurstöðum samræmdu könnunarprófanna?

Kennari 3

Já almennt. Stundum finnst manni sem villur sem koma upp í prófi á prófdag ættu ekki að eiga sér stað.

Kennari 12

Nei, það er ég ekki. Vel flest árin eru villur í nær öllum prófunum hvort heldur er í prófheftunum sjálfum eða í lausnunum og það er ekki gott. Hvað varðar niðurstöðurnar og kynningu á þeim þá finnst mér að Námsmatsstofnun ætti ekki að hafa mikið hlutverk þar annað en að senda skólunum útkomuna á skipulegan og skiljanlegan máta.

Skólastjóri 2

Það má segja að þetta sé tvíþætt. Varðandi kynningu á niðurstöðum samræmdra prófa, þá er það bara eins og það á að vera. Í sambandi við framkvæmdina, þá er allt of algengt að um villur sé að ræða í prófunum. Það er ekki gott, raunar mjög slæmt.

Kennari 8

Framkvæmdin og kynningin á niðurstöðunum á prófunum hefur verið ágæt. Prófin eru stundum gölluð og er slæmt að vita ekki um þessa galla fyrr en eftir á.

Undanfarin ár hefur mér fundist stærðfræðiprófin gölluð að því leyti að það vantar að byrja prófið á einhverju auðveldu. Það skiptir máli fyrir getulitla nemendur að byrja á einverju sem þau ráða vel við.

Kennari 10

Já, almennt erum við það. Þó er slæmt eins og í haust þegar upp koma villur á prófdegi. Það getur haft slæm áhrif á nemendur.

Skólastjóri 8

Já það erum við. Skilin á prófunum hjá 4. og 7. bekk mættu koma fyrr.

Kennari 6

Ég tel rangt að birta meðaltöl skóla opinberlega. Meðaltöl gefa takmarkaðar upplýsingar sem eru bæði mis- og oftúlkaðar. Skólar eru flokkaðir út frá þeim í góða og vonda og ekkert annað starf virðist vera metið en þessar niðurstöður þriggja námsgreina (á elsta stigi). Það er spurning hvort ekki ætti að birta landsmeðaltal og meðaltal svæðis en aðrar upplýsingar væru eingöngu fyrir skólana til að vinna eftir. Foreldrar og nemendur fengu auðvitað niðurstöður barnsins og útskýringar miðað við frammistöðu þess.

Áherslubreytingar hafa orðið í íslenskuprófum, lesskilningur hefur t.d. meira vægi en áður um leið og margar kannanir benda til þess að margir unglingar lesi lítið annað en námsbækur; ef þeir gera það. Er ekki eitthvað misræmi í þessu?

Samskipti við fólk í Námsmatsstofnun hafa verið góð en villur hafa slæðst inn í prófin og það er náttúrulega bagalegt.

Kennari 7

Ég er svo sammála stelknum hér fyrir ofan að ég hef ekki miklu við hans orð að bæta.

Mér finnst ákaflega hvítleitt að sjá stafsetningarvillur í íslenskuprófinu!

Kennari 11

Já heilt yfir. Niðurstöður mættu þó berast mun fyrr.



Skólastjóri 6

Já heilt yfir þá eru við það. Það er þó alveg undarlegt að villur ein eða fleiri skuli alltaf slæðast inn í prófin sem eiga væntanlega að vera margprófarkalesin.

Ég er þó alltaf hugsí yfir birtingu á niðurstöðum í fjölmiðlum, hverju á það að skila?

Kennari 2

Já við erum það. Niðurstöður mættu berast fyrr.



26. Eru einhverjir annmarkar á framsetningu niðurstaðna samræmdu könnunarprófanna frá Námsmatsstofnun?

Kennari 12

Niðurstöðublöðin sjálf eru skiljanleg og skipulega uppsett að mínu mati, svo þar eru ekki annmarkar.

Skólastjóri 2

Nei að mínu mati er það ekki.

Kennari 8

Nei ekki að mínu mati.

Kennari 10

Nei, ekki svo að ég viti.

Skólastjóri 8

Nei, niðurstöðurnar eru skiljanlegar og vel uppsettar.

Kennari 6

Nei, ekki svo að ég viti en þær þurfa ekki að fara á torg.

Kennari 7

Niðurstöðurnar eru yfirleitt mjög skýrar og skiljanlegar.

Kennari 11

Nei það finnst mér ekki.

Skólastjóri 6

Nei, það tel ég ekki vera.

Kennari 2

Nei, ekki að mínu mati.

Kennari 3

Nei, það held ég ekki.



27. Hvernig mætti gera upplýsingar frá Námsmatsstofnun gagnlegri t.d. með skýrari framsetningu, kynningu eða útskýringum?

Kennari 12

Gagnvirkni, númer 1, 2 og 3.

Skólastjóri 8

Það mætti hugsa sér gagnvirkni?

Kennari 10

Ég er sammála hinum tveimur. Gagnvirkni skiptir máli.

Kennari 6

Það fer eftir því hver á að fá þessar upplýsingar, skólinn, nemendur og foreldrar eða almenningur. Skólinn virðist fá skýrar upplýsingar en það er spurning hvort ekki ætti að kynna samræmd próf í sjónvarpi, hver sé tilgangur þeirra, hvernig beri að túlka niðurstöður og hvað hver mælikvarði gefi vísbendingar um. Þetta getur verið gagnlegt fyrir alla og leitt raunsæa umræðu úti í samfélaginu um skólamál. Það er tilhneiging til að halda allri umræðu innan veggja skólanna og spurning hvort það sé vegna þess að skólamálaumræða litast svo oft af sleggjudómum og neikvæðum reynslusögum einstaklinga.

Kennari 7

Gagnvirkni er málið.

Ég gæti líka hugsað mér að prófin væru rafræn. Gætu verið gagnvirk að einhverju leyti þannig að skólarnir (nemendur og kennarar) fái strax svörun við einhverjum þáttum. Þetta eru að langmestu leyti krossapróf.

Kannski mætti líka taka þau á einhverju tímabili. Það er spurning um útfærsluna.

Kennari 8

Ég held að gagnvirkni gæti gagnast í þessu efni.

Kennari 11

Gagnvirkni hallelúja:)

Skólastjóri 6

Tek undir þetta með gagnvirknina

Kennari 3

Já Gagnvirkni kæmi sér vel.

Kennari 2

Mér finnst góð hugmynd að hafa þau að hluta til gagnvirk.



Á NÆSTU SÍÐUM ER ÖLL „UMRÆÐA“ EÐA SKRIF FORELDRA RAKIN Í SÖMU RÖÐ OG ÞEIR BIRTU SVÖR SÍN Á FJARUMRÆÐUBORDINU



1. Fyrst koma spurningar um niðurstöður samræmdu könnunarprófanna í grunnskólanum. Ræðir þú við barnið/börnin um niðurstöður samræmdra könnunarpófa og þýðingu þeirra?

Foreldri 6

Ekki mikið, því ég vill ekki gera of mikið úr neinum prófum. Hann sér um það sjálfur. Hann er með það góðar einkunnir að hann getur valið hvaða skóla sem hann vill.

Við ræddum um dæmið sem var rangt í stærðfræðiprófinu, þegar hann tók prófið. Svo kom upp að það var felld niður ásamt tveimur öðrum sem voru talin of þung held ég.

Almennt ræðum við um próftækni fyrir próf: Taka sér tíma í prófinu, hvíla sig vel fyrir prófið, lesa vel áður en farið er að sofa, o.s.frv.

Síðan þegar prófið er búið, þá spyr ég um skemmtilegar spurningar eða hvað var erfitt, en yfirleitt ekki þegar einkunnirnar koma - þá er það bara stutt „Flott hjá þér“.

Foreldri 11

Við ræddum lítillega um niðurstöður prófanna til dæmis það að prófin hafi enga þýðingu varðandi val á framhaldsskóla þannig að þó að niðurstaða þeirra hafi ekki verið ásættanleg þýði það ekki að það loki dyrum. Við ræddum líka einstaka prófpætti sem drengurinn minn var ósáttur við. Annars gerðum við ekki mikið úr þessu.

Foreldri 10

Já prófin voru nokkuð rædd á mínu heimili. Undirbúningur í okkar skóla var lítill sem enginn og algjörlega sett á krakkana og heimilin. Það var nokkuð rætt þar sem við vissum af öðrum skólum sem fóru vel yfir efnið með sínum krökkum og lögðu mikla áherslu á góða útkomu.

Niðurstaða prófanna var því rædd og mikil óánægja er meðal krakkanna sem ég hef rætt við, bæði mín eigin og önnur. Þeim finnst tilgangssleysi prófanna mikið og þau séu marklaus með öllu þar sem ekki sé tekið tillit til þeirra varðandi inngöngu í framhaldsskóla og einnig út af því hversu misjafnlega skólarnir taka á þeim.

Einnig var mikil hneykslan með að prófin séu ekki betur gerð en raun ber vitni.

Foreldri 15

Í mínum huga hafa þessi próf mikla þýðingu. Því með þeim fáum við upplýsingar um gengi nemenda á landsvísu og gæði skólastarfs. Ég hef því lagt áherslu á það að vanda sig við töku prófanna og talað um próftækni. Og notað tækifærið og rætt við barnið um nauðsyn þess að gera alltaf sitt besta, því þó það hjálpi þér ekki einmitt núna þá skipti prófin máli fyrir skólann þinn og nærumhverfið.

Í haust ræddum við mest um íslenskuprófið og í framhaldinu nauðsyn þess að gefa sér tíma til að lesa á hverjum degi.

Ég er þakklát fyrir að fá upplýsingar um prófin og fannst ég komast nær námi barns míns þegar við ræddum undirbúninginn.



Foreldri 20

Já ég geri það. Ég fer yfir niðurstöðurnar með þeim og við ræðum sérstaklega hluti sem þeim finnast „skrítnir“. Börn mín hafa staðið sig vel á þessum prófum en hafa samt sem áður frekar neikvætt viðhorf til prófanna, sér í lagi stærfræðiprófanna. Þar sem þau hafa reynslu af tvönnu konar kennslu í stærðfræði (með aðferðum og sjálfsköpun aðferða) þá finnst þeim ekki alltaf skýrrt hvað skal gera þrátt fyrir æfingar áður en prófin eru tekin.

Foreldri 7

Við ræddum þessi próf talsvert og þar sem ég á líka börn sem tóku samræmd próf þegar þau skiptu meira máli upp á framhaldskólann og einstaka prófþættir voru ræddir og kom upp sú umræða að sumt sem var verið að prófa úr hefði ekki verið kennt.

Foreldri 14

Já, við höfum rætt samræmdu prófin við börnin okkar, hvernig þau eru hugsuð og hvað þau þýða upp á að komast inn í alla framhaldsskóla.

Foreldri 12

Við ræðum það ekki svo mikið við 4. bekkjar niðurstöður, aðeins meira við niðurstöður í 7. og 10. bekk þegar skilningur á niðurstöðum er meiri. En mest í hvetjandi tón og horfum meira á það sem vel gekk.

Foreldri 18

Ekki alltaf.

Í 4. bekk finnst mér ekki ástæða til þess nema þá helst að draga úr gildi þeirra. Legg áherslu á að þetta eru ekkert öðruvísi próf en önnur próf. Sama má segja um 7. bekkjar prófin. Í 10. bekk höfum við aðeins rætt þau en mér finnst að þau ættu frekar að vera við lok 9. bekkjar. Ég tel að þannig megi betur bregðast við hjá þeim nemendum sem þurfa að bæta sig á einhverjum sviðum. Börnin mín standa reyndar vel námslega og ég ekki lagt mikla áherslu á samræmd próf yfirhöfuð.

Foreldri 21

Ég ræddi mikið við dóttir mína um niðurstöður prófanna tveimur til þremur dögum eftir að einkunnir lágu fyrir. Það var vegna þess að hún fékk mikið áfall því að einkunnir voru miklu lægri en hún er von að fá og hún var gersamlega niðurbrotin.

Við fengum líka fund með kennaranum hennar til að ræða þetta og þuftum við hreinlega að byggja upp sjálfstraust hennar að nýju.

Foreldri 13

Sonur minn er með námsörðugleika og á ekkert gott með svona próf, þ.e. lengd og lestur. Því hef ég dregið úr mikilvægi þessara prófa sem slíkra! Og lagt upp með að hann sé eingöngu að skoða hvar hann standi miðað við jafnaldra og hvaða möguleika hann eigi til að bæta sig. Hvaða þættir séu ekki á eins góðu róli og æskilegt sé til miðað við jafnaldra og þau plön sem hann hefur gert. Þetta sé ekkert endanlegt mat á kunnáttu hans og færni. Þegar niðurstöðurnar voru síðan komnar í hús var bara talað um hvernig við gætum unnið með þetta í samráði við skólann!



Foreldri 3

Ekki mikið en við fórum þó yfir einkunnir. Dóttir minni fannst þær lægri heldur en hún hafði búist við þrátt fyrir að hafa notað allan tímann sem gefinn var til próftöku.

Foreldri 16

Já við gerum það og mikilvægi þess að þreyta prófið til þess að mæla stöðu sína miðað við jafnaldra sína um land allt.

Foreldri 4

Lítið. Ræddum einstaka próf og prófþætti. Persónulega finnst mér þessi próftími alrangur, hér eru enn haustannir (smalamennska, réttir o.þ.h.) á prófdögum og hugurinn hjá syninum því alls ekki við prófin. Við skoðuðum líka árangur í samræmi við þann árangur sem hann hefur náð á könnunarprófum í 4. og 7. bekk.

Ég hef lítið gert úr gildi árangurs á könnunarprófum þegar kemur að vali á menntaskóla. Heldur lagt áherslu á að könnunarprófin vísi á hvar þurfi að taka sig á í hverri námsgrein.

Foreldri 9

Já við ræddum þetta töluvert í kringum prófin í haust. Þá var óánægja hjá mínu barni með dæmin í stærðfræðinni sem voru röng vegna þess að þau tóku svo mikinn tíma sem þýddi minni tíma í allt hitt. Svo kemur þetta umræðuefni upp af og til núna í kringum framhaldsskólalæpælingarnar.

Foreldri 1

Já einkunnir barnsins, en ekki niðurstöður skólans. Við skoðuðum sérstaklega raðeinkunnirnar því þar gat ég bent barninu á hvar það stóð sig vel og hvar það mætti bæta sig. Einnig gott tækifæri til að grípa inn í ef þess þurfti.

Foreldri 19

Já, ég hef farið yfir niðurstöðurnar með barninu og þýðingu þeirra. Einnig skoðum við saman raðeinkunn.

Foreldri 2

Ég á börn í 7. og 10. bekk sem tóku prófin og niðurstöðurnar voru lítilega ræddar á mínu heimili. Ég veit ekki alveg hvað ég að segja um þessi próf, þau próf sem börnin mín hafa tekið hafa ekki komið vel út en eru samt með góðar einkunnir í skólanum.

Foreldri 8

Já - og kannski frekar um mikilvægi þess að ástunda námið.

Foreldri 5

Þetta var rætt á okkar heimili eins og almennt er gert um einkunnir. Ég verð nú að viðurkenna að ímyndin á þessu samræmda prófi er ekki góð. Vandræðagangur á framkvæmd og svo finnst mér gæta þess að vantrú sé hjá skólastjórnendum með tilgang þeirra og þýðingu niðurstaðna. Þetta finnst mér



smitast til foreldra (mín) og barna þannig að niðurstaðan m.t.t. samanburðar á landsvísu er ekki tekin alvarlega.

Ég upplifði þetta þannig a.m.k.

En almennt um prófin, þá fannst mér niðurstaðan góð hjá mínu barni fyrir utan stærðfræðina, en þar átti ég von á betri einkunn.

Foreldri 17

Já ég geri það en ekki í miklum mæli, ræddum aðeins fyrir prófið undirbúning og hvíld, lesa vel yfir og fara aftur yfir áður en skilað er. Spyr hvernig hefði gengið eftir á og hvað hefði gengið vel og hvað illa. Eftir niðurstöðurnar þá spurði ég hvað hefði gerst í stærðfræðiprófinu þar sem það kom verst út. Svo hrós fyrir það sem gekk vel



2. Gerðir þú það líka þegar barnið tók samræmt könnunarpróf í 7. bekk og 4. bekk?

Foreldri 6

Sama fyrirkomulag. Rætt saman fyrir og eftir prófið, en ekki um niðurstöðurnar.

Foreldri 11

Við ræddum niðurstöðurnar ekkert sérstaklega annað en að þá gekk ágætlega. Niðurstöðurnar voru í meira samræmi við getuna og þetta þurfti ekkert að ræða sérstaklega.

Foreldri 10

Það fór eitthvað minna fyrir samræmdum prófum í 4. og 7. bekk og ekki mikið rætt á heimilinu.

Foreldri 15

Já, sama fyrirkomulag en þó var eðli málsins samkvæmt meiri tími notaður í þetta í 10. bekkjar prófunum.

En í 4. bekk þurfti undibúningurinn að vera öðru vísi, og var kannski svipaðri því sem var líka gert í skólanum, tala um hvernig svona próf væru, hafa skriffæri og aðrar græjur í lagi og hrósa svo fyrir dugnaðinn við að sitja svona lengi.

Foreldri 20

Já bæði fyrir og eftir próf.

Foreldri 14

Já, við höfum alltaf rætt um samræmdu prófin við börnin okkar, í 4. , 7. og 10. bekk. Alltaf gætt þess að þau séu afslöppuð og láti þetta ekki koma sér úr jafnvægi. Við höfum ekki lagt aukaverkefni fyrir þau heima, né neitt þess háttar. Þeim hefur báðum gengið afar vel í öllum samræmdum prófum og þetta því verið léttur róður fyrir fjölskylduna í heild. Á hinn bóginn þekkjum við líka öll nemendur sem hafa farið á taugum fyrir og/eða í prófunum sjálfum, sem er að sjálfsgöðu skelfilegt.

Foreldri 12

Sjá fyrra svar.

Foreldri 18

Við ræddum þessi próf helst á þeim nótum að þau væri ALLS EKKI frábrugðin öðrum prófum nema í lengd. Finnst almennt gert of mikið úr orðinu Samræmd próf og tel að mörg börn fari hreinlega „á taugum“ þegar í prófið er komið. Tel að ef þessu væri breytt í „Könnun“ fengist önnur niðurstaða hjá mörgum einstaklingum.

Foreldri 21

Ég ræddi það ekki eins mikið þá. Dóttir mín hefur alltaf verið mjög samviskusamur nemandi og ég vildi ekki gera of mikið úr þessum prófum til að auka ekki á prófkvíða. Þá voru einkunnir í samræmi við aðrar einkunnir sem hún hafði fengið.



Foreldri 13

Í 4. bekk var sonur minn ólæs og tilgangslaust að senda hann í próf í íslensku. Hann reyndi eitthvað í stærðfræðinni en ég gerði lítið úr þessu heima og talaði nánast ekkert um niðurstöðurnar við hann! Í 7. bekk var hann meira meðvitaður um sig og sína námsstöðu og þegar niðurstöður komu fór þó nokkur tími í að tala um hvernig hægt væri að snúa vörn í sókn og minnka „mikilvægi“ prófsins. Hins vegar hef ég aldrei æft börnin mín sérstaklega fyrir prófin, heldur sagt þeim að þetta sé til að skoða hvernig þau standa. Þau eigi að mæta vel úthvöld og vanda sig sem best þau geta.

Foreldri 3

Nei miklu minna.

Foreldri 16

Já en ekki í sama mæli og í 10 bekk. Við lögðum áherslu á að þau gerðu sitt besta. Gættum þess að mynda ekki óþarfa stress hjá börnunum.

Foreldri 4

Ekki í 4. bekk. Þá ræddum við að prófið væri meira fyrir kennarann til að sjá hvað gengi vel og hvar þyrfti meiri æfingu.

Í 7. bekk var svipuð umræða, en þá fórum við líka yfir hvort samræmi væri frá einkunnum í 4. bekk.

Foreldri 9

Við ræddum þetta eitthvað í öll skiptin. Man nú ekki alveg hversu mikið, en ég reyndi að gera ekki of mikið mál úr þessu.

Foreldri 7

Það var eitthvað rætt en kannski með öðru hugafari núna var þetta bara til að sjá hvernig barnið stæði, en í 10. bekk var meiri alvara vegna áhrifa á inngöngu í menntaskóla.

Foreldri 1

Misskildi fyrstu spurninguna, vissi ekki að hún væri bara um 10. bekkjar prófin, en ég hef rætt við börnin mín um niðurstöður prófanna og bent á að þau séu leið til að átta sig á styrk og veikleikum sínum út frá námslegum þáttum, því skólarnir verði að hafa einhver viðmið til að byggja áframhaldandi kennslu á.

Foreldri 19

Við fórum vel yfir niðurstöður í 4. bekk - kannski af því að þetta var alveg nýtt fyrir okkur. Niðurstöður í 7. bekk voru ekki skoðaðar neitt sérstaklega vel. Í báðum tilvikum ræddum við um fyrirkomulag og hvernig maður undirbýr sig og tekur prófið. Barnið var veikt þegar annað prófanna í 4. bekk var lagt fyrir og ég man að við vorum að grínast með að það hefði verið óheppilegt fyrir meðaltal skólans, enda er barnið mjög góður námsmaður.



Foreldri 8

Við ræðum ekki mikið könnunarprófin sem slík, en ég hvet barnið mitt áfram í náminu, þ.e. til að ástunda það og vera samviskusamur. Það er líka mikilvægt að treysta börnunum og að þau séu sjálfstæð. Við hrósum barninu/börnunum okkar fyrir þann góðan árangur, sem þau hafa náð í þeim prófum sem þau taka.

Foreldri 2

Sama með prófin 7 og 4. bekk þetta var lítilega rætt bæði fyrir og eftir og ekkert meira um það að segja.

Foreldri 5

Ekki eins, en rætt um einkunnina, eins við gerum með allar einkunnir.

Foreldri 17

Já ég gerði það, aðallega varðandi undirbúning, gefa sér tíma og lesa vel yfir osfrv. Svo hrósaði ég fyrir einkunnirnar enda gekk rosa vel þá.



3. Hvaða kynningu hefur þú fengið á niðurstöðum úr samræmdum könnunarprófum frá skólanum?

Foreldri 6

Lítið sem ekkert. Þetta barst aðeins í tal í næsta foreldraviðtali. Skólinn virðist ekki vera of stressaður yfir þessu sem öðru. Það er ekki mikill samkeppnisandi í skólanum, sem ég tel af hinu góða.

Foreldri 10

Við fengum enga kynningu frá skólanum. Hvorki fyrir prófin né um niðurstöður eftir prófin.

Á opnum foreldrafundi sem haldinn var fyrir prófin, en um allt annað efni, barst talið að samræmdu prófunum og þar kom afstaða skólans skýrt fram.

Viðkomandi skóli leggur alls enga áherslu á samræmd próf 10. bekkjar - og það hefur að mér finnst haft mjög neikvæð áhrif á krakkana. Þau líta svo á að metnaður varðandi þeirra frammistöðu sé ekki eins mikill og þau finna hjá krökkum í öðrum skólum og það fer ekki vel í metnaðarfulla námsmenn.

Foreldri 20

Lítið sem enga, hjá okkur kom það ekki að sök þar sem þekking er af prófunum af öðrum vettvangi en það mætti vera meiri kynning en tölvupóstur sem tilkynnir að komið sé að prófum og að farið verði yfir gömul próf.

Foreldri 14

Við höfum enga kynningu fengið frá skólanum. Ég hef hins vegar spurt skólustjórnann út í niðurstöður fyrir skólann í heild sinni. Það er metnaður í skólanum varðandi niðurstöður samræmdra prófa, en ekki þó þannig að það sé of mikil pressa á nemendum. Það væri gott og þarft að kynna prófin fyrir foreldrum /aðstandendum og jafnvel leyfa þeim að spreyta sig á eins og einu, gömlu prófi :)

Foreldri 12

Nei, þeir gera ekki mikið úr þessum prófum. Það er litið á þetta sem stöðupróf og ekki mikið lagt í undirbúning sem er gott.

Foreldri 18

Enga aðra en bréfið sem berst heim með niðurstöðum og svo umræðum í foreldraviðtölum.

Foreldri 21

Ég var kölluð á fund til kennara dóttur minnar til að fá afhentar einkunnirnar úr prófunum. Við ákváðum svo í sameiningu að við skyldum fara vel yfir prófin þegar þau kæmu til baka til að sjá hvað hefði farið úrskeiðis.

Ég fékk svo kynningu á niðurstöðum skólans miðað við aðra skóla þar sem ég er í skólaráði.



Foreldri 13

Enga kynningu. Ég hef aðeins komið sjálf inn á þær í foreldraviðtali og þá til þess fá að vita hvað skólinn ætli sér með niðurstöðurnar og hvort hægt sé að fá aukna aðstoð fyrir drenginn.

Foreldri 3

Eitthað lítið hefur komið frá skólanum um þessi samræmdu könnunarpróf.

Foreldri 16

Enga hvorki fyrir né eftir prófin.

Foreldri 11

Alls ekki neina þó sannarlega hafi verið ástæða til að ræða hvers vegna einkunnum í samræmdum prófum í 10. bekk hafði hrakað svona frá því í 7. bekk og til hvaða ráða mætti grípa.

Foreldri 4

Litla sem engu. Niðurstaðan er send heim í lokuðu umslagi og sendur tölvupóstur um að niðurstaðan hafi verið afhent.

Foreldri 15

Niðurstöðurnar voru sendar heim með börnunum og eins afrit af úrlausnum. Þegar skólinn var undir meðaltali bæjarfélagsins í læsi var sett í gang sérstakt lestrarátak sem ég tel mjög af hinu góða. Í næsta foreldraviðtali eftir prófin var farið yfir niðurstöðurnar og hvar drengurinn minn stæði í samanburði við skólann og fyrri samræmd próf.

Foreldri 9

Það er nú ekki mikið meira en bréfið sem kom með niðurstöðunum. Ég veit t.d. ekki hvar okkar skóli stendur í samanburði við aðra og hef svo sem ekki mikið spáð í það þó að það væri fróðlegt að vita.

Foreldri 7

Það var nú frekar lítið aðeins rætt í foreldraviðtölum en ekki meira en önnur próf sem var verið að segja frá.

Foreldri 1

Enga frá skólanum

Foreldri 19

Bréfið sem kemur heim og svo umræður í foreldraviðtölum. Ef ég man rétt þá var nú ekki mikið gert úr þessu í foreldraviðtölum í 4. og 7. bekk, en í 10. bekk var farið yfir hvað það væri sem mætti bæta og hvað væri gott.



Foreldri 8

Við fáum samræmda kynningu á heildarniðurstöðum frá skólanum. Veit að það er umræða í skólanum um slakan meðalárangur. Veit ekki hvort það er allt sem á að vera að mæla. Spurning að setja einnig aðra mælikvarða á skólastarf, t.d. er varðar líðan barna o.s.frv. Þar að meta hvort breytingar á skipulagi hafa áhrif t.d. stærri bekkir og blandaðir bekkir, eru allir að fá þann stuðning sem er nauðsynlegur o.s.frv.

Foreldri 2

Fyrir prófin fengum við foreldrar bréf frá deildastjóra og í því bréfi eru allt um samræmdu prófin. En ég hef ekki fengið kynningu á niðurstöðum úr prófunum sjálfum nema það sem stendur í bréfinu sem eru send heim með einkunnum.

Foreldri 5

Ekkert utan það sem barnið kom með heim..

Kennari vísaði til þess í foreldraviðtali að GÍ væri ekki samanburðarhæfur, þar sem aðrir skólar veldu úr lélega nemendur og létu þá sleppa prófunum. Sem aftur hækkar meðaleinkunnina úr þeim skóla.

Það fannst mér áhugaverð fullyrðing, ef satt reynist.

Foreldri 17

Enga, ekkert fyrir eða eftir prófin.



4. Myndir þú vilja fá ítarlegri eða öðruvísi kynningu eða umræðu um samræmdu könnunarprófin frá skólanum? Vinsamlega tilgreindu hvers konar kynningu eða umræðu þú myndir vilja fá frá skólanum.

Foreldri 6

Ekki endilega. Ég lít svo á að þessi próf séu fyrst og fremst fyrir menntamálaráðuneytið til að skoða hvernig kennsla hefur þróast og stöðu menntakerfisins í heild. Þau eru einnig gagnleg fyrir skólayfirvöld til að sjá hvernig skólinn stendur sig, þótt það geti verið miklar sveiflur milli árganga. Einstaklingssamanburður er ávallt viðkvæmur.

Það er lítið sem einstakir foreldrar geta gert til að kippa í skólayfirvöld og því er kynning eða umræða ekki endilega til gagns. Stundum geta umræður um tölfræði úr svona könnunum leiðst út í furðuleg smáatriði og í kjölfarið gerist það að kennslan skekkist til að mæta þeirri gagnrýni sem kom úr umræðunni. Ég er því mjög sáttur að það eru hættar að birtast miklar upplýsingar um niðurstöður prófanna frá menntamálaráðuneytinu, og því ekki mikil umræða í fjölmiðlum.

Fyrir foreldra skiptir einstaklingurinn máli, og því er nauðsynlegt fyrir þá að ræða um stöðu barnsins, einkum og sérstaklega ef barnið sker sig úr á einhvern máta (framúrskarandi eða slakt). Það væri því gott fyrir skólann ef það væri gerð slík tölfræðigreining á gögnunum og skólinn (ekki foreldrar) fengi ábendingar. Oftast má þó búast við að skólinn sé þegar búinn að átta sig á þessum einstaklingum.

Það er því nauðsynlegt að foreldrar geti fengið aðgang að skólayfirvöldum til að ræða árangur og líðan barnsins, en hvort þessi próf eigi að veita þar þyngra en annað veit ég ekki.

Ég sé fram á að nám í grunnskólum eigi eftir að verða meira og meira einstaklingsmiðað, þar sem tölvuvinnsla breytir námi og kennslu. Vandamálið er sérstaklega á báðum endum námsgetunnar - þeir sem eru góðir á einhverju sviði og þeim sem gengur erfiðlega á einhverju sviði. Þegar ég gekk í skóla var þetta leyst á mjög einfaldan máta - raðað í bekk (eftir niðurstöðum úr prófum!). Vandamálið er hins vegar miklu flóknara, því sumir geta skarað fram úr á einu sviði, en átt erfitt á öðrum.

Foreldri 10

Ef prófin eiga að halda áfram að vera samræmd þá væri til hagsbóta að samræma einnig kynningu á þeim svo allir foreldrar standi jafnar.

Aðallega þurfa skólarnir og yfirvöld að ákveða tilgang þess og undanfara prófa þarf að samræma svo að krakkarnir sitji við sama borð. Eins og staðið er að málum núna þá hafa prófin misst gildi sitt þar sem þau segja lítið til um getu einstaklings og skóla í samanburði við hina - þar sem undirbúningur og áhersla er með misjöfnun hætti.

Kynning frá skóla og almenn umræða hefur lítið að segja meðan fyrirkomulagið er eins áttavíllt og raun ber vitni.

Foreldri 20

Skólinn þarf kannski ekki endilega að fara yfir prófin með okkur foreldrum þar sem skilaboðin undanfarið hafa verið að prófin séu könnunarpróf en ekki námsmat í lok skólaárs eins og áður.

Samt sem áður mætti gera foreldrum meira grein fyrir gildi prófanna fyrir nemendur og skóla. Ekki bara



nefnt í framhjálaupi á foreldrafundum sem ekki allir hafa tækifæri að sækja í hvert sinn.

Kannski Menntamálaráðuneytið frekar en skólinn geti komið inn sem virkari upplýsingaaðili og þá ekki einungis í netmiðlum.

Það gleymist oft að þrátt fyrir að kannanir bendi til að Íslendingar séu mjög tæknivæddir og nettengdir þá eru einstaklingar og fjölskyldur sem ekki hafa aðgang að netefni og tengingum að staðaldri. Skólinn hjá okkur treystir um of á að fólk sé daglega tengt neti og vefpósti.

Foreldri 14

Já, væri gott að fá meiri kynningu á prófunum, t.d. með því að boða til fundar með nemendum og foreldrum þeirra, þar sem farið væri í gegn um uppbygginu prófanna, hvað raðeinkunnin þýðir o.s.frv. Kennari/skólástjóri færi þá í gegn um eitt samræmt próf, lið fyrir lið. Þegar villur koma upp í samræmdum prófum, á að birta þær opinberlega, ásamt afsökunarbeiðni til nemenda !

Foreldri 11

Ég er hjartanlega sammála þessu með afsökunarbeiðnina því alltof oft koma upp villur í prófunum. Villur sem geta svo sannarlega haft áhrif á niðurstöður þar sem nemendur eyða tíma í erfið (gölluð) reikningsdæmi til dæmis og setja þá út af laginu við próftökuna. Einnig eru dæmi þess að prófað er úr námsmarkmiðum sem nemendur eiga að hafa náð í lok þess bekkjar sem þeir eru í þegar prófið er lagt fyrir.

Foreldri 6

Mér finnst reyndar allt í lagi að sum verkefni séu þyngri en svo að hægt sé að búast við að nemendurnir geti leyst þau. Það getur verið að kennslan sé komin fram úr prófunum og þá er nauðsynlegt að vita af því.

Foreldri 14

Hárrétt og ég er sammála þessu. Gölluð dæmi geta verið dropinn sem fyllir mælinn hjá nemendum, ekki síst þeirra sem eru taugaóstyrkir og gera miklar kröfur til sín. Það er mannlegt að gera mistök, en þá á líka að biðjast afsökunar. Samræmi verður ALLTAF að vera milli námsmarkmiða og verkefna. Endurtekin mistök þeirra sem semja prófin, verða bæði til að rýra traust almennings og til að stressa nemendur upp.

Foreldri 12

Það væri gott að fá betri kynningu á tilganginum með prófunum, og hvernig á eða má nota niðurstöður. Það mætti til að mynda fara fram umræða um nauðsyn þessara prófa.

Foreldri 18

Nei það held ég ekki. Sjálfri finnst mér þau ekki skipta meira máli en önnur próf eða kannanir.

Foreldri 21

Það væri örugglega gott að fá samræmda kynningu og umræðu um tilgang þessara prófa. Á að þjálfa börnin í að taka samræmd próf eða skipta þau engu máli ?



Foreldri 13

Mér finnst að tilgangur og markmið eigi að vera kynnt betur fyrir nemendum, foreldrum og kennurum. Þar sem ég tel að þetta sé ákveðið greiningartæki á námsstöðu nemenda innan árgangs, þá myndi ég vilja sjá að skólinn kynnti það sem slíkt. Hvernig skólinn hyggðist vinna markvissar með niðurstöðurnar. Að niðurstöður hvers nemanda væru skoðaðar, kortlagðar og síðan sett fram áætlun í kjölfarið ef þörf væri á sérstökum úrræðum. Þá sé skoðað hvort bæta megi kennslu í einhverjum þáttum og hvar sé vel gert.

Þá er þetta vissulega greiningartæki fyrir Menntamálaráðuneytið til að skoða þróun náms og kennslu frá ári til árs. Það þarf líka að gera öllum sem koma að þessum prófum vel grein fyrir því. Að þetta skipti máli þess vegna.

Hins vegar finnst mér fjölmiðlum lítið koma þetta við og þetta á ekki að vera samkeppnismál á milli skóla.

Foreldri 6

Hjartanlega sammála.

Foreldri 3

Já öll kynning og allt sem eykur á samvinnu eykur meðvirkni til skólstarfs.

Foreldri 16

Öll kynning hlýtur að skýra markmið prófanna. Við erum með þriðja barnið í 10. bekk á 10 árum. Það verður að viðurkennast að við erum að uppgötva á þessum spjallþræði að markmið samræmdra prófa hafa gjörbreyst. Þegar elsta barnið þreytti prófin voru prófin hugsuð sem mælikvarði á stöðu barnanna meðal jafnaldra m.t.t. inngöngu í framhaldsskóla. Nú er greinilegt að eitthvað allt annað er uppi á teningnum og vægi prófanna er minna en áður.

Foreldri 11

Nei það held ég ekki. Mér sýnist sem prófin séu lítið notuð í skólum yfirhöfuð að öðru leyti en því að valda smá taugatitringi rétt áður en þau eru lögð fyrir. Þannig að ég spyr fyrir hverja eru þessi próf? Skólana eða menntayfirvöld? Nemendur, foreldra eða kennara? Ef þau eru fyrir menntayfirvöld landsins þá ættu þau að sjá um kynningu og eftirfylgd prófanna. Hvað gerist til dæmis þegar skólar koma sérstaklega illa út úr samræmdum prófum, mæta einhverjir á staðinn til að taka út kennslu og árangur? Hvað er gert við þessi próf?

Foreldri 4

Ég vil fá að sjá hver árangur skólans er (í 4., 7. og 10. bekk) samanborið við sambærilega skóla.

Fá að heyra hvort það er eitthvað sem sker sig úr hvað árangur varðar og hvað skólayfirvöld lesa út úr því.

Fá að vita hvernig kennarar/skólayfirvöld hyggjast nýta niðurstöðuna til að gera kennsluna og þar með nám nemenda markvissara.

Niðurstaða sem er bara sett ofan í skúffu í skólanum nýtist ekki til að efla skólstarfið.



Foreldri 15

Ég er mjög ánægð með hvernig unnið er með prófin í skóla minna barna og vil síðan taka undir orð „karfa“ hér að ofan að prófin eru auðvitað fyrir þá sem búa til menntakerfið líka og prófa það.

Ég lít á prófin sem mikilvæga prófun á skólunum sem bregðast eigi við án þess að blása eigi niðurstöðurnar upp í fjölmiðlum. Prófin á að nota til að bæta og finna gloppur hvort sem það er í kerfinu eða í færni og leikni nemendanna.

Sem samfélagsþegna hlýtur það að vera keppikefli okkar að menntakerfið virki sem best og auðvitað verður að prófa kerfið.

Ég vildi sjá hlut samræmdra prófa stærri og tel sjálfsgagt að kennarar/skóla geti fengið aðgang að vönduðum markmiðsbundnum samræmdum könnunarprófum í öllum námsgreinum til að auka gæði skólustarfs.

Foreldri 9

Ég tel að það væri gott að fá umræðu um prófin til að skýra út tilganginn með þeim.

Spurning hvort að sú kynning ætti að vera alfarið á höndum skólans eða samræmd frá menntamálayfirvöldum eins og prófin eru.

Það er alltaf markvissara að fá svona kynningar á fundum þ.s. hægt er að spyrja spurninga og spjalla um hlutina þannig að t.d. fundur með foreldrum í byrjun skólaárs væri ein leið.

Foreldri 7

Ekki endilega, ég held að þetta séu bara próf fyrir menntamálaráðuneytið til að skoða hvernig kennsla almennt er í skólum landsins því að eitt svona próf getur ekki gefið endanlegt mat á hvernig barninu gengur í skóla því finnst mér ekki eiga að gera meira úr þessum prófum heldur en öðrum nema þá fyrir skólana að taka sig á ef prófin koma illa út, en það er þá hægt að skoða hvað hægt sé að gera til úrlausnar.

Foreldri 1

Já því þannig tel ég mig skilja betur hvað barnið mitt er að fara að gera og geti betur stutt það. Það mætti kynna þá þætti sem spurt hefur verið um í prófunum undan og þegar niðurstöður liggja fyrir mætti senda upplýsingar um hvernig skólinn stóð sig svo við þurfum ekki að lesa óskýrar fréttir um það í fjölmiðlum.

Foreldri 19

Já, ég myndi vilja fá meira um samanburð við aðra skóla. Maður sér þetta helst í fjölmiðlum og svo ef maður leitar á heimasíðunni þar sem þetta er birt. Meðaltalið í mínum landshluta hefur verið slakt og ég myndi vilja sjá einnig kynningu á því hvernig skólinn notar niðurstöðurnar til að bæta námsárangurinn.



Foreldri 8

Nei - en kannski mætti vinna meira með að bæta árangur af skólastarfi, virkja foreldra. Foreldrar koma alltaf minna og minna að námi barna sinna.

Foreldri 2

Nei mér finnst þetta gott eins og þetta er ég fæ allar þær upplýsingar sem ég þarf frá skólanum.

Foreldri 5

Já.

Ég mundi vilja vita hvort skólinn sé sjálfur sáttur við niðurstöðuna í samanburði við aðra skóla. Ef svo er ekki, þá væri gott að vita hvað hann ætlar að gera til að laga það.

Foreldri 17

Ekki endilega, nema umræðu varðandi stöðu barnsins.



5. Kynnir kennarinn sérstaklega niðurstöður prófanna í tíma fyrir börnunum?

Foreldri 18

Já að einhverju leyti hefur mér skilist.

Foreldri 7

Jú það var gert og eitthvað talað um þetta.

Foreldri 1

Hef ekki verið vör við það.

Foreldri 11

Nei það var ekki gert mér vitanlega.

Foreldri 19

Það held ég ekki, örugglega ekki í 4. og 7. bekk, en er ekki alveg viss með 10. bekk.

Foreldri 8

Þetta hef ég ekki hugmynd um, en minnir að eldri strákurinn minn hafi einhverntíman talað um það, á ekki von á að sérstök kynning fari fram í 4. bekk.

Foreldri 6

Þetta var eitthvað rætt en ekki mikið.

Foreldri 10

Ég man ekki hvernig það var í 4. og 7. bekk - í 10. bekk voru niðurstöðurnar bornar saman af krökkunum sjálfum en mér vitandi fór ekki fram nein kynning í skólanum. Einna helst var farið yfir stærðfræðina.

Foreldri 2

Nei það hefur ekki verið í þeim prófum sem mín börn hafa farið í.

Foreldri 20

Ekki nema það hafi verið eitthvað sérstakt sem þurfti að ræða við allan hópinn.

Foreldri 5

Ekki hugmynd.

Foreldri 4

Að einhverju leyti, held ég. En niðurstöður eru ekki markvisst notaðar til að aðstoða nemendur við að bæta sig í þeim þáttum sem koma illa úr, því miður.



Foreldri 3

Já nemendur fengu kynningu.

Foreldri 14

Já, kennarinn kynnti niðurstöður samræmdra prófa fyrir bekknum.

Foreldri 21

Niðurstöður voru ekkert ræddar í tíma hjá dóttur minni heldur voru niðurstöður kynntar í einstaklingsviðtölum.

Foreldri 13

Nei ekkert sérstaklega, heldur talaði hann almennt um að þau hefðu staðið sig vel.

Foreldri 16

Nei ekki svo við vitum.

Foreldri 15

Í 10. bekk var talað um prófin og hvað hefði komið vel og hvað illa út.

Foreldri 9

Já umsjónarkennari afhenti niðurstöðurnar og ræddi eitthvað við þau, alla vegana í 10. bekknum.

Foreldri 17

Nei.



6. Hafið þið rætt við kennara um niðurstöður prófanna? Hvers vegna / Hvers vegna ekki?

Vinsamlega tilgreinið ástæðu þess að þið hafið rætt við kennara um niðurstöður prófanna eða hvers vegna þið hafið ekki rætt þær.

Foreldri 18

Eingöngu í foreldraviðtölum. Það er þá kennari sem hefur haft frumkvæði að umræðunum. Ég sé ekki ástæðu til að ræða niðurstöður prófa úr samræmdum prófum umfram önnur próf. Börnunum hefur öllum gengið vel námslega í skóla svo kannski hefur það áhrif á það að ég hef ekki talið ástæðu til að ræða niðurstöður við kennara.

Foreldri 7

Þetta hefur verið rætt í foreldraviðtölum en ekki meira en með önnur próf. Ég hef lítið rætt niðurstöður þessarar prófa vegna þess að það er litlu hægt að breyta og ég hef bæði átt börn sem hefur gengið vel og illa í þessum prófum svo að mér finnst það gott mál að vægi þeirra í inngöngu í menntaskóla sé minnkað því að það að 1 próf eigi að gilda er ekki gott en mér finnst samt vera minna talað um þessi próf núna í skólum heldur en fyrir 10 árum.

Foreldri 1

Já í næsta foreldraviðtali. Nefndi rétt aðeins niðurstöðurnar og þá hvar barnið stóð sig vel og hvort hægt væri að aðstoða það meira í þeim þáttum sem voru lakari. Mér fannst nauðsynlegt að nefna þetta því það er ákveðin pressa varðandi prófin og umfjöllun um þau í fjölmiðlum. Nefni hins vegar ekki niðurstöður skólans í heild

Foreldri 11

Jú ég ræddi við umsjónarkennarann og aðstoðarskólastjórann um niðurstöðurnar og hversu slakur árangurinn væri miðað við árangur fyrri prófa og hvernig bregðast mætti við.

Foreldri 19

Já, við höfum rætt við kennara, en bara í foreldraviðtölum, ekki verið í sambandi sérstaklega út af niðurstöðunum. Niðurstöðurnar hafa verið nokkuð góðar og ekki sérstök ástæða til að biðja um að einhverjir þættir fái aukna áherslu. Við tókum þetta sérstaklega upp í foreldraviðtali í 10. bekk til að ræða möguleika á vali á leið í framhaldsskóla.

Foreldri 8

Hef ekki þurft að ræða niðurstöðu prófanna sökum þess að þær hafa almennt verið góðar. Höfum meira rætt hegðun, ástundun og þess háttar. Mörgum börnun leiðist í skólanum, þurfa erfiðari verkefni sem reyna að sjálfstæði og skapandi hugsun.

Foreldri 6

Þetta barst aðeins í tal í foreldraviðtali, en ekkert frekar en önnur próf. Það var ekkert sem kom fram í þessu sem kom á óvart.



Foreldri 10

Við höfum ekki sérstaklega rætt þessar niðurstöður við kennara. Hugsanleg ástæða þess er að mínum börnum gengur vel og vægi prófanna er ekkert.

Hins vegar hef ég mikið rætt þetta próf almennt við nemendur á efsta stigi grunnskóla og fyrsta ári í frh.skóla. Almenn óánægja skín í gegn hjá öllum nemendum, hvort sem þeim gengur vel eða ekki.

Foreldri 20

Ekki mikið, börnunum mínum hefur gengið vel hingað til og ég þekki til prófanna. Kennurum hefur ekki fundist ástæða að fara yfir neitt nánar og oft bara „stóð sig vel“ verið viðkvæðið.

Foreldri 2

Nei ekki af fyrrabragði, þetta hefur verið rætt í foreldraviðtölum og þá eru það kennarinn sem hafa frumkvæði af því.

Foreldri 5

Hef ekki rætt það við kennarann. Það hefur gengið þokkalega og það hefur áhrif, en ég er ekki að byggja mín samskipti og viðbrögð við árangri barnanna á þessum prófum, heldur öllum prófum og almennum samskiptum við kennara.

Foreldri 4

Ekki annað en að kennari tilgreinir einkunn barnsins í foreldraviðtali. Umsjónarkennarinn, sem sér um foreldraviðtalið, er ekki sá sem kennir þessi fög og virðist bara ekkert vita um þetta nema einkunnina. Aðrir kennarar eru ekki til viðtals.

Foreldri 3

Nei við höfum ekki niðurstöður við kennara.

Foreldri 14

Já, hef rætt lauslega við kennarann um niðurstöður samræmdu prófanna, einkum til að kanna hvernig bekknum í heild gekk.

Foreldri 21

Ég fór á fund með kennara ásamt dóttur minni eftir að ég hafði farið yfir prófið vegna þess að henni gekk illa miðað við próf undanfarin ár. Við fórum vel yfir prófin til að skoða hvaða þættir hefðu gengið illa og hvers vegna.

Foreldri 13

Já ég ræddi þær aðeins í foreldraviðtali og þá með tilliti til þess hvað ætti að gera með niðurstöðurnar, ef taka ætti mark á þeim. Hvort ástæða væri til að bregðast við á einhvern hátt og hvort búast mætti við aukinni aðstoð í náminu.



Foreldri 16

Nei höfum ekki gert það, kannski vegna þess að börnunum hefur gengið vel í prófunum.

Foreldri 15

Ég ræddi prófin í foreldraviðtali við kennara að eigin ósk. Bæði niðurstöður míns barns og skólans í heild, uppbyggingu pófsins, kosti og galla.

Foreldri 9

Þetta kom til tals í næsta foreldraviðtali eftir prófin en ekkert utan þess. Árangur í stærðfræðinni var undir því sem nemandinn hafði vænst og skoðuðum við það.

Foreldri 17

Við höfum aðeins rætt niðurstöðuna í stærðfræði sem var slök og hvað vantaði upp á kunnáttuna. Ekkert utan þess.



7. Berið þið saman einkunnir barnsins/barnanna við meðaltal skólans, landshlutans eða landsmeðaltal?

Foreldri 2

Nei það hef ég ekki gert.

Foreldri 5

Já.

Foreldri 11

Já það geri ég.

Foreldri 7

Já ég geri það.

Foreldri 1

Já meðaltal skólans.

Foreldri 6

Nei. Eina sem skiptir máli fyrir einstaklinginn er raðtalan yfir heildina.

Foreldri 4

Já, aðeins.

Foreldri 3

Nei ekki höfum við gert það.

Foreldri 8

Já lauslega.

Foreldri 14

Já, við gerum það, en ekki þannig að viðkomandi viti endilega af því, þó það hafi einnig komið fyrir. Þessi mál voru t.d. rædd eftir mistökin í stærðfræðihluta samræmdu prófanna. Við könnum alltaf hvar „okkar“ skóli stendur miðað við landið í heild, svo og landshlutinn.



Foreldri 10

Nei alls ekki. Ég tel prófin ekki marktæk sem mælikvarði til samanburðar.

Á meðan prófið er unnið með þeim hætti sem nú er og þeim misjafna undirbúningi sem nemendur fá þá tel ég svo vera.

Foreldri 21

Við skoðuðum aðeins einkunnir út frá raðtölunum.

Foreldri 13

Nei, ég hef hins vegar skoðað hvort einhverjar breytingar hafi orðið milli 4., 7. og 10. bekkjar eða hvort forspárgildið sé marktækt!

Foreldri 16

Já það gerum við, og skoðum stöðu barnsins og skólans í því samhengi.

Foreldri 15

Já bæði einkunnir barnsins, skólans og bæjarfélagsins.

Foreldri 19

Já, í 4. og 10. bekk gerðum við það.

Foreldri 18

Nei.

Foreldri 9

Lítið, skoðuðum aðeins eftir prófin hvernig nemandinn stæði á lansmeðaltali. Ekkert skoðað meðaltal skólans eða landshlutans.

Foreldri 20

Nei.

Foreldri 17

Já, bara lauslega svona til að átta sig á stöðunni.



8. Hvernig fylgist þið með umræðum um niðurstöður samræmdra próf í fjölmiðlum?

Foreldri 2

Ef það kemur í dagblöðunum þá les ég allt um það og einnig ef það kemur fram í fréttum sjónvarps þá fylgist ég með því.

Foreldri 5

Já. Þetta er eini mælikvarðin sem við höfum til að fylgjast með því hvort skólinn á Ísafirði sé samkeppnishæfur við aðra skóla.

Foreldri 11

Lítið því umræðan snýst aðallega um hvaða skólar koma verst út og hvaða skólar koma best út - en er það aðalatriðið og ef svo er hvers vegna er þá ekki kafað dýpra í þá umræðu? Hvað gerir skóla „góða“ og „vonda“ út frá niðurstöðum samræmdra prófa?

Foreldri 7

Í fréttamiðlum, en þá er aðalega talað um þá landshluta sem koma verst og best út mætti vera fjallað meira um þetta.

Foreldri 1

Les fyrirsagnirnar og hlusta með öðru eyranu, læt þetta ekki trufla mig.

Foreldri 6

Lítið sem ekkert. Mér finnst umræðan ekki á því plani að það taki því að elta hana, og ég hef ekki tíma eða áhuga á því að kafa eitthvað ofan í gögnin sjálfur.

Mér finnst hvað leiðast að heyra þegar farið er að tala um einstaka skóla og árangur þeirra. Samanburður milli landshluta er meira að segja vafasamur án þess að kafa ofan í gögnin og vita hvað liggur að baki. Það er þannig með grafík að hún er góð til að sjá mynstur en til að draga ályktanir verða gögnin sjálf að vera til staðar.

Sá samanburður sem er hvað áhugaverðastur er þróun milli ára yfir lengra tímabil, því þá jafnast sveiflur út og þá ætti að sjást hvort menntun í landinu er á réttri leið. Það er síðan skólakerfisins að taka á þeim agnúum sem koma upp.

Það er mjög varhugavert að umræðan fari að snúast upp í það að það verði keppni milli einstakra skóla eða landshluta. Ef svo er er eins gott að prófin endurspegli þá stefnu sem yfirvöld vilja að menntun ungmenna okkar nái til. Því það er nú einu sinni svo að ef þú mælir eitthvað, þá leggja menn áherslu á það. Ef þú mælir árangur blaðamanns eingöngu eftir því hversu margar línur hann skilar af texta, þá er hætt við að blaðið fyllist af einhverju blaði og endurtekningum um ekki neitt. Á sama hátt má segja um samræmdu prófin - ef áhersla er á stafsetningu þá leggja skólarnir sig fram við að kenna hana; ef áhersla er á ritun og lesskilning þá leggja skólarnir sig fram við að kenna hana; o.s.frv. Þannig stýra samræmdu prófin áherslum í kennslu hvort sem þau vilja það eða ekki - sérstaklega ef umræðan fer út í meting milli skóla.



Í Bretlandi hefur umræðan verið um það að árangur þar í samræmdum prófum hefur stöðugt verið að batna gegnum árin - það eru stöðugt fleiri og fleiri sem fá toppinkunn. Það finnst mér benda til að kennslan er stöðugt að batna og trúlega líka að hún er mikið miðuð að árangri í þessum prófum (sem gilda mikið í umsóknum í háskóla).

Ég hef enga lausn á því hvað eigi að gera annað en það að mér finnst að samræmd próf eigi að breytast í takt við þjóðfélagið og kennsluhætti. Ég dáist að mörgu sem mínir strákar eru að læra. Þetta er ýmislegt sem mér var ekki kennt fyrr en ég var kominn mun lengra í námi. Þetta er mjög af hinu góða. Það var erfitt fyrir Einstein að setja fram jöfnuna um að massi er orka, en það er ekki erfitt að kenna hana. Þess vegna má ekki alltaf vera jafnaðarmerki milli einhvers sem var flókið og þess að það þurfi að vera flókið.

Foreldri 4

Les bara þær greinar sem höfðu til mína, hvað þetta varðar. Hef sérlega gaman af umfjöllun um stærðfræði, en leiðist heldur þegar fréttamenn eru að velta sér upp úr slöku gengi ákveðins/ákveðinna landshluta.

Foreldri 3

Já það gerir maður og reynir að fylgjast með en þessu er ekki nægjanlega skil gerð.

Foreldri 8

Lítið.

Foreldri 14

Já, það gerum við og höfum gert í afar Foreldri 5n tíma :)

Foreldri 10

Fylgist ekki beint með umræðunni en hún fer samt ekki framhjá mér. Tek undir það sem nokkrir nefna hér að leiðinlegt er að sjá þá áherslu fjölmiðla að draga fram þá sem koma verst út. Tel að fjölmiðlar ættu að skoða og kynna betur hvernig prófin fara fram og hvernig undirbúningur er hjá hinu ýmsu skólum - ef þeir á annað borð vilja fjalla um málið. Að kynna aðeins útkomuna gefur skakka mynd á sama hátt og hægt er að gefa ranga mynd úr hvaða skoðanakönnun sem er ef einhverjum breytum og staðreyndum er sleppt.

Foreldri 21

Ég hlusta eftir því ef umræða er í útvarpi eða fréttum sjónvarps. Þá er oftast nær bara talað um hverjir eru „bestir“ og „verstir“ í ákveðnum landshlutum en ekki kannski rætt um hvort skólar séu fámennir og hvort allir nemendur taki heinlega prófin í hverjum skóla fyrir sig. Þá er ég að tala um nemendur með námserfiðleika og nemendur með sérþarfir.

Foreldri 13

Ég fylgist ekkert sérstaklega með þeim, og nenni ekki að eltast við umræðu um gæði skóla og kennslu út frá samræmdum prófum! Þá finnst mér umræðan oft grunnhyggjin, eins og blaðamenn hafi alls ekki skoðað hvað er markmiðið með prófunum.



Í Hollandi eru samræmd próf 2x á ári og þegar ekki gengur nógu vel er aukinn stuðningur inn í skólann, til að auka gæði kennslunnar. Hér finnst mér þetta stundum verða svona keppni milli landshluta en þó helst skóla. Svona umræða gengur fram af mér.

Foreldri 16

Les það sem kemur fram í dagblöðum, vefmiðlum, og fylgist með fréttum í ljósvakamiðlum.

Foreldri 15

Mér finnst umræða í fjölmiðlum um samræmd próf yfirleitt mjög ófagleg og helst snúast um hverjir eða hvað kemur illa út eða hvaða skóli komi best út. Yfirleitt er ekkert farið dýpra í umræðuna: „Hvers vegna ákveðnir skólar standi vel eða illa“ og „sá vandi að í raun og veru eru prófin að reyna að prófa margt í einu“.

Foreldri 19

Les mér til á netinu, fylgist með í blöðum og útvarpi/sjónvarpi ef ég verð vör við umræðu þar. Umræðan í fjölmiðlum er samt ekki mjög „djúp“ og mest talað um þau svæði sem koma verst út og best.

Foreldri 18

Mjög lítið sem ekkert. Ég hef frekar litla trú á að samræmd próf gefi rétta mynd af skólum.

Foreldri 9

Hlusta ef ég heyri eða rekst á fréttir af þessu. Leita þær ekki sérstaklega uppi.

Foreldri 20

Í sjónvarpi og blöðum þegar það kemur upp, legg ekkert sérstaklega á mig að elta fréttirnar

Foreldri 17

Ekki mikið, helst ef það kemur eitthvað í fréttum sjónvarpsins eða greinaskrif í blöðum.



9. Sækir þú/þið upplýsingar til Námsmatsstofnunar, t.d. með því að hafa samband eða með því að sækja upplýsingar á vef? Hér er átt við ANNAÐ en gömul próf.

Foreldri 2

Nei, ekkert nýlega.

Foreldri 5

Nei.

Foreldri 11

Nei aldrei.

Foreldri 7

Nei aldrei.

Foreldri 1

Nei ekkert.

Foreldri 6

Nei.

Foreldri 4

Nei.

Foreldri 3

Nei.

Foreldri 8

Já við gerðum það með elstu dóttur okkar, en þá skiptu samræmdu prófin máli sem þau gera ekki í sama mæli nú - þ.e. varðandi í hvaða framhaldsskóla nemendur komust.

Foreldri 14

Nei, það hef ég ekki gert, hef hreinlega ekki látið mér detta það í hug

Foreldri 10

Nei.

Foreldri 21

Já ég sótti réttu svörin til að fara yfir prófin.

Foreldri 13

Nei.



Foreldri 16

Nei.

Foreldri 15

Já ég fylgist reglulega með vef Námsmatsstofnunar og hef farið á fyrirlestra hjá Námsmatsstofnun t.d. um niðurstöður Pisa og framkvæmd samræmdra prófa.

Einnig hef ég skoðað niðurstöður samræmdra prófa og tölfraði á netinu og það sama má segja um svarahefti.

Foreldri 19

Eftir 4. bekkjar prófið þá fékk ég það sent frá Námsmatsstofnun. Ég hef einnig sótt upplýsingar á vef stofnunarinnar og þurfti starfs míns vegna að nálgast upplýsingar þar um svæðið mitt í fyrra, en gekk afar illa að finna það sem ég var að leita að.

Foreldri 18

Nei hef mjög lítið gert af því.

Foreldri 9

Nei.

Foreldri 20

Nei.

Foreldri 17

Nei



10. Undirbýrð þú barnið þitt sérstaklega á einhvern hátt fyrir samræmd könnunarpróf?

Foreldri 7

Já með því að þau hafa æft sig á gömlum samræmdum prófum og lært vel fyrir þessi próf.

Foreldri 1

Ég undirbý það á sama hátt og fyrir önnur próf, gæti þess að það fái nægan svefn og hollt og nóg að borða. Þar sem samræmdu prófin eru viðamikil hef ég ekki farið í einstaka þætti enda ekki með forsendur til þess en skólinn hefur verið með undirbúning, t.d.lagt fyrir gömul próf.

Foreldri 19

Ekki sérstaklega umfram það sem skólinn gerir - sé til þess að barnið sé vel hvílt og borði staðgóðan morgunmat, geti rætt við mig ef það eru atriði sem eru að stressa það o.s.frv.

Foreldri 6

Já og nei. Það sem ég hef látið þá gera er að fara yfir gömul próf til að átta sig á uppsetningu prófanna. Þannig að undirbúningurinn hefur meira verið próftækni en lestur á námsefni. Fyrir utan það er bara að fara snemma að sofa kvöldið fyrir próf og síðan að taka sér tíma í prófinu. Lesa yfir prófið og sannreyna það sem hægt er.

Foreldri 21

Dóttir mín sá að mestu leyti um undirbúning sjálf eins og fyrir önnur próf. Hún tók gömul próf á netinu eins og svo margir gera og minn þáttur var þá helst andlegur stuðningur og hvatning. Við foreldrar erum vön að hlýða yfir efni fyrir reglubundin próf í skólanum en það var ekki hægt að gera fyrir samræmdu prófin. Ég veit að kennarar eru með einhvern undirbúning fyrir prófin og mér finnst þeir vera hæfastir til að undirbúa börnin námslega og okkar foreldra að sýna andlegan stuðning. En stemmingin hjá okkur var bara eins og fyrir hvert annað próf og við vildum ekkert gera of mikið úr þessu enda engin ástæða til.

Foreldri 10

Undirbúningur fyrir samræmd próf var að mestu eins og fyrir önnur próf. Við prentuðum eldri samræmd próf eftir ábendingum kennara þar sem ákveðið var í skólanum að nota ekki kennslustundir til yfirferðar þá var það gert heima.

Foreldri 16

Ekki í 4 & 7. bekk. En þau settu sig sjálf í girinn og tóku þátt í námsmaraþoni með skólafélögnum. Skólinn kom þar ekki nærri en börnin tóku þetta upp hjá sjálfum sér og líkaði vel.

Foreldri 2

Nei ekkert meira en undir önnur próf.

Foreldri 18

ekki að öðru leyti en því að ræða að það er eins og hvert annað próf og undirbúningur er alltaf sá sami.



Dóttir mín sér um sinn prófundirbúning sjálf og það er hennar að undirbúa sig. Góður svefn og næring skiptir máli en við leggjum ekkert meiri áherslu á það fyrir próf en alla aðra daga.

Foreldri 15

Það hefur fengið gömul próf í skólanum til að æfa sig á og þau hafa jafnvel verið heimavinna. Ég hef skoðað þau með mínu barni.

Foreldri 9

Ekki öðruvísi en fyrir önnur próf en þá reyni ég að fylgjast með hvernig gengur og athuga hvort hún vilji einhverja aðstoð við undirbúninginn. Reyndar eru gömul próf skoðuð meira hér en fyrir önnur próf en hún sá alveg um að finna þau sjálf.

Foreldri 14

Við höfum ekki undirbúið börnin okkar sérstaklega fyrir samræmdu prófin. Ástæðan er tvíþætt: í fyrsta lagi þurfa þau ekki á því að halda og í öðru lagi teljum við að það gæti stressað þau um of...

Foreldri 20

Ekki prófin sjálf, enda er það svo sem gert í skólanum, ég hef alltaf lagt áherslu á að vera útsofin, vel nærð o.s.frv. fyrir þessi próf sem og önnur.

Foreldri 4

Með því að fara með barninu yfir gömul próf sem það hefur leyst. Skoðum saman þau atriði sem eru röng eða barnið kann ekki skil á.

Foreldri 17

Bara með því að passa upp á svefn og næringu, sjá til að þau hafi farið yfir gömul próf svo þau viti hvað þau eru að fara að gera og ræða það að lesa vel fyrir mæli og fara aftur yfir prófið í lokin.

Foreldri 13

Nei, en ég reyni að sjá til þess að þau séu úthvöld, hafi borðað morgunmat og séu í ágætu jafnvægi.

Foreldri 8

Nei ekki fyrir almenn próf, en þegar dóttir mín tók 10. bekkjar próf þá aðstoðaði ég hana við undirbúning.

Foreldri 11

Já strákurinn minn hefur æft sig á gömlum prófum. En að öðru leyti ekkert sérstaklega.



11. Hvernig undirbjóstu barnið/ börnin á annan hátt fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk?

Foreldri 7

Passað að þau hvíldu sig vel og lærðu ekki of lengi í einu borðað hollan mat og sagði þeim að þetta væru próf til að skoða hvað þau kynnu og það þyrfti ekki meira stress í kringum þessi próf en önnur.

Foreldri 1

Gætti þess að það færi snemma að sofa og nærðist vel kvöldinu áður og um morguninn sem prófið var. Einnig með hvatningarorðum og sjálfstyrkingu.

Foreldri 19

Hvíla sig, borða vel/hollt, reyna að vera ekki að stressa sig.

Foreldri 6

Ekkert sérstakt annað en það sem ég nefndi í síðustu spurningu. Sofa vel, taka sér tíma í prófinu, lesa yfir prófið. Annars hef ég reynt að gera ekki of mikið úr vægi þessara prófa, til að stressa ekki of mikið.

Foreldri 21

Bara eins og fyrir önnur próf og alltaf gengið vel. Svo á ég aðra dóttir í 7. bekk sem tók samræmd próf á sama tíma og þessi í 10. bekk og ég settist niður með henni við tölvuna þegar hún var að æfa sig á gömlum prófum í stærðfræði því að hún þurfti á því að halda. Henni gekk svo bara ljómandi vel svo að það borgaði sig.

Ég tala ekkert sérstaklega um góða næringu eða svefn þar sem það er mikilvægur þáttur hjá okkur alltaf á hverjum degi. Mér finnst það bara undirstaða þess að börnin geti stundað nám, tónlist, íþróttir og tómstundir. Sum eru meira að segja í þessu öllu.

Foreldri 10

Ég man ekki til þess að einhver sérstakur undirbúningur hafi verið fyrir prófin í 4. og 7. bekk. 10. bekkjar prófið var fyrirferðarmeira þar sem almenn umræða er meiri vegna þess og eflaust spilar það stóran þátt að áður fyrr skipti þetta próf mjög miklu máli.

Foreldri 16

Reyndum að minnka álag á öðrum sviðum og vera til staðar. Þössuðum upp á að næring og hvíld væri í lagi, því hún skiptir líka máli.

Foreldri 2

Lét þau fara snemma að sofa eins og ég geri fyrir öll próf.

Foreldri 18

Í 10. bekk ræddum við þessar kannanir kannski meira en hin árin. Þó sérstaklega eftir prófin, þar sem þau voru ekki vel unnin að þessu sinni.



Foreldri 15

Ekkert sérstaklega.

Foreldri 9

Í síðasta svari kom fram að það var í raun ekki mikill munur á undirbúningi hér miðað við önnur próf. Minnir þó að ég hafi meira hjálpað við undirbúning þegar dóttir mín var yngri en hún sá mest um þetta sjálf núna í 10. bekk. Reyndi markvisst að vinna á móti stressi.

Foreldri 14

Ég sá til þess að þau fengju nægan svefn og staðgóðan morgunverð, einnig að þau hefðu með sér vatnsflösku í prófin, ef þau vildu. Hef passað að hafa afslappað andrúmsloft og hrósað þeim til að ýta undir sjálfstraustið...

Foreldri 20

Hvíld, borða og slaka á.

Foreldri 4

Með því að gæta betur að svefni :-)) og hollu nesti. Líka með því að fara yfir gátlista frá kennara, auk gamalla prófa sem barnið hafði leyst í skólanum.

Foreldri 17

Gerði þetta alltaf eins, reyndi að koma í veg fyrir stress.

Foreldri 13

Nei, ekki að öðru leyti en að passa upp á svefn og morgunmat, ég gerði ekkert úr þessum prófum umfram önnur próf.

Foreldri 8

10. bekk, með því að sækja gömlu próf á netið og vinna með þau.

Foreldri 11

Ég undirbjó hann ekkert fyrir samræmt próf í 4. bekk en hann æfði sig á gömlum prófum fyrir 7. og 10. bekkjar prófið.

Foreldri 3

Einginn sérstakur undirbúningur bara venjulegur, fara ekki seint að sofa.



12. Lætur þú barnið/ börnin æfa sig á eldri samræmdum könnunarprófum?

Foreldri 7

Já þau hafa gert það og er það mjög fínt að geta æft sig á því.

Foreldri 1

Nei ég legg þau ekki fyrir, en ef þau hafa komið með próf heim frá skóla förum við yfir uppbyggingu prófsins en ekki beint framkvæmdina.

Foreldri 19

Nei.

Foreldri 6

Já. Aðallega til að kynnst uppsetningu prófsins og gerð spurninganna.

Foreldri 21

Já þær gerðu það bæði heima og í skóla og ég tel það vera bestu undirbúningurinn fyrir prófið. Samræmd próf eiga að vera stöðumat þannig að þau eiga að þekkja efnið vel ef þau hafa stundað námið sitt samviskusamlega. Uppsetningin á samræmdu prófunum er þó svo allt öðruvísi en próf sem þau eru von að taka þess vegna held ég að bestu undirbúningurinn sé að taka gömul próf.

Foreldri 10

Já í 10. bekk

Foreldri 16

Skólinn sá um þann þátt. Börnin eru líka með betri kunnáttu við heimildaöflun en við og nýta sér tæknina til fulls.

Foreldri 2

Já, það er gert í skólanum, ég geri það ekki hér heima. Þau koma með þetta heim ef þau ná ekki að klára þetta í skólanum. Ég er ekki að stressa þau upp með því að leggja fyrir þau próf heima nóg að skólinn geri það.

Foreldri 18

Ef þau hafa fengið slík próf í skólanum höfum við að einhverju leyti farið yfir þau. En annars hef ég nú látið kennara og skólann um að fara yfir námsefni með börnunum fyrir próf. Létt upprifjun með þeim á þeim atriðum sem þau óska eftir aðstoð okkar foreldra með er sjálfsgöð en við leggjum ekki hart að þeim að læra mikið auka heima fyrir samræmd próf.

Foreldri 15

Lítið nema í samráði við skólann. Skoðuðum aðeins ritunarverkefni í gömlum prófum í íslensku fyrir síðustu samræmdu próf.



Foreldri 9

Dóttir mín gerði það sjálf fyrir prófin í 10. bekk. Man bara ekki alveg hvernig þetta var í fyrri samræmdum prófum.

Foreldri 14

Nei, ég læt börnin ekki æfa sig á eldri prófum, tel ekki þörf á því þar sem skólinn sér afar vel um allan undirbúning og ekki þörf á frekari æfingum heima.

Foreldri 20

Nei en skólinn hefur gert það.

Foreldri 4

Nei, skólinn sér um það.

Foreldri 17

Já.

Foreldri 13

Nei, en þau hafa gert það í skólanum.

Foreldri 8

Já þ.e. fyrir 10. bekkjar próf.

Foreldri 11

Já.

Foreldri 3

Nei við höfum ekki gert það.



13. Æfa börnin sig á eldri samræmdum könnunarprófum í skólanum undir stjórn kennara?

Vinsamlega tilgreindu ef þetta var mismunandi í 4., 7. og 10. bekk.

Foreldri 10

Nei. A.m.k. ekki fyrir 10. bekkjar prófin. Man ekki hvernig það var fyrir hin prófin.

Foreldri 16

Já eins og fram kom í svari við fyrri spurningu. Það var meira lagt fyrir þau af eldri prófum í 7. og 10. bekk og mest í 10. bekk.

Foreldri 2

Já, í skólanum undir stjórn kennara. Þetta er ekki mismunandi í bekkjum.

Foreldri 7

Já allavega í 7. og 10. bekk og ég held eitthvað í 4. bekk líka.

Foreldri 1

Já á öllum 3 stigunum.

Foreldri 6

Aðeins. Það var tekið hluti af prófi eins og lesskilningur, til að allir gætu áttað sig á hvers væri til ætlast. Eitthvað svipað í stærðfræðinni - hluti af prófi tekið fyrir. Á fyrri árum hjá honum var svipað fyrirkomulag eða enn minna gert.

Hjá þeim sem var að fara í 7. bekkjar prófið var svipað. Farið var yfir hluta af prófum, en ekki heilt próf. Í lok 6. bekkjar var þau látin taka eitt próf í lok ársins (á þessum dögum sem engin kennsla fer fram eftir að misserisprófin eru búin). Þetta var til gamans gert og var ekki metið þá.

Foreldri 18

Já að einhverju leyti hefur verið farið yfir gömul próf í skólanum á öllum skólastigum.

Foreldri 19

Já, það var gert á öllum stigum.

Foreldri 15

Já í öllum þessum bekkjum og prófin eru jafnvel send með heim sem heimavinna.

Foreldri 9

Í 10. bekknum fengu þau eldri próf í skólanum en gerðu þau heima. Man ekki hvernig þetta var í 4. og 7. bekk.

**Foreldri 14**

Já, þau hafa æft sig á eldri prófum í öllum þremur árgöngunum.

Foreldri 20

Já á öllum stigum og hjá öllum börnunum (3) í tveimur skólum.

Foreldri 4

Já, æfa sig a.m.k. í skólanum. Ég geri ráð fyrir að það sé undir stjórn kennara.

Foreldri 17

Já oftast gera þau það, var þó eitthvað mismunandi milli greina í 10. bekk.

Foreldri 13

Eitthvað var unnið í eldri prófum, aðallega til að kynna fyrir þeim formið og lengdina á prófunum.

Foreldri 8

Held að það hafi bara verið gert í 10. bekk.

Foreldri 11

Já hann hefur gert það í öllum bekkjunum.

Foreldri 3

Já ég hef orðið var við það.

Foreldri 21

Já, allavega æfðu þær sig í skólanum svo ég geri ráð fyrir að það hafi verið undir stjórn kennara.



14. Verður þú vör/var við að tekið sé tillit til niðurstaðna prófanna við kennslu þín barns/barna í skólanum? Vinsamlega tilgreindu hvernig þú verður vör/var við þetta.

Foreldri 10

Nei.

Foreldri 16

Já, skólinn hefur markvisst skoðað niðurstöður prófanna og í því sambandi hefur stærðfræðikennsla og íslenskukennsla verið augin og kennsluaðferðum breytt. Kennslan hefur verið hópaskipt eftir getu til að bæta þjónustu við börnin svo að hægt sé að sinna þörfum allra. Við erum mjög ánægð með þetta og börnin eru mjög sátt og fá meira út úr kennslunni en áður.

Börnin hafa talað um þetta og skólustjórnendur hafa skýrt þetta út á fundum með foreldrum. Þetta hefur verið skoðað markvisst af ráðuneytinu og einnig í úttekum á skólunum. Við sáum þetta í vetur þegar við tókum þátt í einni slíkri könnun á viðhorfum foreldra til stærðfræðikennslu í skólum.

Foreldri 2

Nei ég er hef ekki verið vör við það.

Foreldri 7

Nei það er allavega ekkert sem hefur verið talað um á foreldrafundum eða öðrum kynningafundum en mitt álit er það að skólinn eigi að athuga sinn gang ef prófin koma illa út þá hlýtur að mega bæta eitthvað í kennslunni.

Foreldri 1

Já ég veit, vegna þess að ég hef spurt, að skólinn skoðar niðurstöðurnar vel með það í huga að bæta námsárangur í þeim þáttum sem koma ekki vel út í prófunum. Hins vegar verð ég ekki beint vör við það í heimalærdómi eða slíkt, kannski eru þessir þættir æfðir meira í skólanum.

Foreldri 18

Já það held ég, þau hafa fengið að halda áfram með sín verkefni og fengið meira krefjandi námsefni þegar þau hafa lokið „hefðbundum“ kennslubókum.

Foreldri 6

Ég hef ekki þannig samband við skólayfirvöld að ég viti hvort skólinn taki sérstakt tillit niðurstaðna prófanna.

Ég veit að skólinn býður upp á hraðferð í 8./9. bekk í stærðfræði, svo í 10. bekk fá þau sem eru þar kennslu í menntaskólastærðfræði. Ég held þó að þetta hafi ekki verið viðbrögð við samræmdu prófunum, heldur leið til að gefa öllum verkefni við hæfi.

Drengurinn minn hefur verið í fjarnámi í menntaskólastærðfræði frá 8. bekk. Ég veit að það er verið að skera niður fjármagn sem grunnskólarnir hafa en ég er mjög þakklátur fyrir að honum skuli hafa verið leyft að njóta hæfileika sinna.



Skólinn hefur viljað setja upp hraðferð í íslensku líka, en það hefur aldrei náðst nægur fjöldi í þann hóp til að hægt sé að halda uppi slíku (sem er synd). En það er hraðferð í ensku.

Ég er mjög fylgjandi þessu að þeim sem sýna hæfileika á einhverju sviði fái að njóta þess. Með aukinni netvæðingu á kennslu ætti að vera hægt að auka gæði bóklegu kennslunnar, sem er það sem samræmdu prófin mæla.

Þá er eftir að íhuga hvað eigi að gera við þá nemendur sem skara fram úr í verklegum greinum. Vandamálið þar er og hefur alltaf verið að það kostar miklu meir en bóklegu greinarnar. Það er ekki bara kennarinn, heldur líka efni og verkfæri sem þarf að borga. Þó er ljóst að þjóðfélagið þarf á slíkum einstaklingum að halda í framtíðinni. Ef til vill er nauðsynlegt að koma upp samræmdu prófi í þessum greinum til að fá athyglina þangað og fjármagn :-)

Foreldri 19

Nei, en það kann að vera gert fyrir því.

Foreldri 15

Nei ég hef ekki tekið eftir því. En mér finnst skólinn kappkosta að láta barnið hafa verkfefni við hæfi.

Foreldri 9

Ég held að niðurstöðurnar hafi eitthvað verið notaðar til að meta hvað þyrfti að leggja meiri áherslu á í kennslunni. Þessar upplýsingar hef ég frá dóttur minni en ekki beint frá kennurunum.

Foreldri 14

Já, skólayfirvöld rýna til gagns í niðurstöður prófanna. Nemendur sem skara fram úr, fá meira krefjandi verkefni og geta t.d. verið í fjarnámi í framhaldsskólaáföngum samhliða námi í 10. bekk.

Foreldri 20

Hef ekki orðið mjög var við að prófin skipti svo miklu máli fyrir skólann, kannski vegna þess að þau gera það ekki og kannski vegna vöntunar á kynningu

Foreldri 4

Nei.

Foreldri 17

Það er skoðuð staða nemenda sem koma illa út, þ.e. farið vel yfir stöðu þeirra og reynt að bæta úr.

Foreldri 13

Ég hef ekki orðið neitt sérstaklega vör við það, ekki í þeim mæli ég hefði kosið. Það er í raun frekar ég sem hef unnið með þær.

Foreldri 8

Nei ekki sérstaklega - á líklega ekki við ef árangur er viðundandi ?

**Foreldri 11**

Nei ég verð ekkert vör við það.

Foreldri 3

Ekki svo að ég viti.

Foreldri 21

Já í skóla dóttur minnar er einstaklingsmiðað nám og eftir niðurstöður prófanna var áherslum í námi hennar breytt.



15. Ferð þú eða fjölskyldan yfir það með barninu/börnunum hvernig til tókst á könnunarprófunum, og þá með hvaða hætti er yfirferðin?

Foreldri 6

Nei eiginlega ekki. Stundum höfum við rætt um hvað var erfitt og þá hvað þeir þurfi að gera til að bæta sig þar. Það er þó meira beint í kjölfar próftökunnar, meðan prófið er ferskt í minni þeirra.

Foreldri 7

Já við höfum reynt að fara nánar í það sem vefst fyrir þeim og reynt að einblína á að æfa sig meira í því sem barnið ekki skilur.

Foreldri 1

Ef þau hafa komið með könnunarpróf heim þá förum við yfir uppbyggingu þess en ekki beint útreikninga/svör. Mér finnst ég ekki alltaf hafa forsendur til þess, því ég veit ekki alltaf svörin sjálf. T.d. eru dæmin í stærðfræðinni oft snúin þannig að ég á ekki auðvelt með að leiðbeina í gegnum þau og verð því að treysta því að vel hafi verið farið yfir atriðin í skólanum og barnið tekið vel eftir.

Foreldri 19

Já, í 4. og 10. gerði ég það. Fékk 4. bekkjar prófið sent heim (með úrlausnum) og með af því að ég treysti ekki skólanum alltof vel. Fórum yfir hvað var gott - sem var velflest og ræddum hvað þyrfti að æfa betur. Í 10. bekk fórum við bara yfir hvað kom út úr hverjum þætti fyrir sig og það var einn þáttur í stærðfræði sem var slakur. Kennari kom inn á það í foreldraviðtali og sagði það hafa verið nokkuð almennt fyrir bekkinn og að farið yrði sérstaklega í það atriði.

Foreldri 15

Það er misjafnt. Ef barnið hefur leitað eftir því höfum við skoðað ákveðin verkefni og dæmi með því. Yfirleitt strax eftir prófin.

Foreldri 18

Nei eiginlega ekki. Ræðum aðeins hvernig þeim gekk eins og með önnur próf en ekkert djúpt.

Foreldri 9

Það er aðallega gert með því að spjalla um niðurstöðurnar. Ekki farið yfir sjálf prófin.

Foreldri 16

Við höfum ekki farið yfir prófin nema með samræðum um hvernig til tókst.

Foreldri 14

Það hefur reyndar verið aðeins misjafnt. Stundum höfum við fengið prófin send heim og farið yfir þau með barninu, í önnur skipti höfum eingöngu rætt niðurstöðurnar heima. Við fylgjumst alltaf með hvar „okkar“ skóli stendur á landsvísu og var það m.a. eitt af úrslitaatriðum sem réði því hvert við fluttum fyrir nokkrum árum.



Foreldri 20

Farið yfir niðurstöður og styrkleikar og veikleikar skoðaðir, hvað þeim fannst erfiðast (eða mest pirrandi eins og þau orða það) og hvernig nýta má styrkleika til að efla veikleikana.

Foreldri 4

Að litlu leyti. Skoðað hvaða þættir gengur vel og hvaða illa. Þegar krakkarnir voru yngri (4. og 7. bekkur) þurfti að útskýra fyrir þeim hvað fælist í þessum niðurstöðupáttum.

Foreldri 17

Nei ekkert sérstaklega, ræðum bara hvað gekk vel, hvað illa og hvað sé hægt að gera til að bæta það sem miður fór.

Foreldri 2

Nei, það hef ég ekki gert.

Foreldri 13

Nei við gerum það ekki. Ég hef frekar hrósað þeim fyrir að leggja sig vel fram, og þetta sé ekkert endanlegt, heldur fyrir okkur til að vinna með!

Foreldri 10

Nei ekki beint. Við höfum aldrei haft aðgang að úrlausnunum og því hefur ekki verið farið yfir prófin á heimilinu. Við höfum aðeins rætt að bæta úr því sem ekki kemur nógu vel út en ekki farið dýpra í niðurstöður.

Foreldri 8

Við förum yfir útkomuna, þ.e. hvernig gekk en ég man ekki eftir að hafa fengið nákvæma útkomu frá skólanum, þ.e. hvað gekk vel og hvað illa.

Foreldri 11

Nei við höfum ekkert sérstaklega farið yfir það.

Foreldri 3

Það er nú aðeins mismunandi en við höfum reynt það.

Foreldri 21

Nei ekki með barninu sjálfu en ég fór sjálf yfir ensku- og íslenskuprófið til að sjá hvernig það væri uppbyggt og hvernig það væri efnislega. Svo eins og áður sagði hittum við mæðgur kennarann og fórum þá yfir hvað gekk vel og hvað ekki.



16. Finnur þú fyrir streitu eða kvíða hjá barninu/börnunum vegna samræmdu könnunarprófanna? Vinsamlega tilgreindu hvernig þú verður vör/var við streitu hjá barninu/börnunum.

Foreldri 6

Bara þessi venjulegi prófakvíði, en þó kannski öðruvísi að því leyti að það er eiginlega ekki hægt að búa sig undir þessi próf á annan hátt en að hafa tæknina á hreinu. Bæði við og skólinn hafa reynt að forðast að gera of mikið úr þessum prófum. Við höfum bent þeim á að þetta sé meira fyrir yfirvöld, en þá sem einstaklinga.

Foreldri 7

Mér finnst það hafa lagast, en áður fyrr (fyrir 4-10 árum) þá fannst mér prófkvíðinn vera meiri fyrir þessi próf en önnur og sjálfsagt hefur það spilað mikið inn í hvað var í húfi því þetta eina próf sagði til um það hvar þú lentir í menntaskóla en núna skiptir þetta auðvitað máli en ekki eins og áður fyrr svo að ég held að börnin séu afslappaðri gagnvart þessum prófum núna en áður.

Foreldri 1

Já að sumu leyti og tel ég ástæðuna vera þá að meira er talað um þessi próf út á við en almenn próf í skólum. Í 10. bekk velti barnið því fyrir sér, hvernig möguleika það hefði í framhaldsskóla, hvort það þurfi að byrja neðarlega í fjölbrautakerfinu og hvort það ætti kannski engan möguleika á að fara í menntaskóla.

Foreldri 19

Nei, ekki sérstaklega, ekki sem veldur vanda a.m.k.

Foreldri 18

Það var þannig til að byrja með því það var svo mikil umræða í skólanum og öll áhersla lögð á að það væru að koma samræmd próf, hefðbundin kennsla samkv. stundaskrá riðlaðist og allt því það var verið að fara yfir fyrir samræmdu.

Við tókum þá ákvörðun hér að draga verulega úr þessum prófum og ræða við börnin um að þau eru EKKI svona mikilvæg. Mér finnst stundum að stjórnendur og kennarar fari langt út fyrir það sem gæti talist eðlilegur prófundirbúningur þegar kemur að samræmdu prófunum. En það er örugglega mjög misjafnt milli skóla.

Foreldri 9

Það var ekki mikil streita fyrir prófin í haust. Það tengist því líka að niðurstöðurnar eru ekki notaðar inn í framhaldsskólana. Man ekki eftir mikilli streitu fyrir prófin í 4. og 7. bekk heldur.

Foreldri 16

Nei, það var ekki streita í barninu fyrir prófin. Hins vegar var barnið afar vonsvikið og allstressað eftir stærðfræðiprófið í 10. bekk og taldi að það hafi verið að eyða tíma til einskis. Að prófið hafi verið illa unnið af hálfu þess sem samdi það og er það mjög ámælisvert að leggja slíkt próf fyrir heilan árgang landsmanna að okkar mati.

**Foreldri 10**

Ég tek undir þessi orð. Þrátt fyrir að mitt barn hafi staðið sig mjög vel í stærðfræðinni þá finn ég fyrir miklum vonbrigðum með prófin.

Foreldri 20

Nei engu þeirra.

Foreldri 14

Nei, get alls ekki sagt að ég hafi fundið fyrir streitu vegna prófanna hjá mínum börnum, er afar lánsöm hvað þetta varðar. Finnst reyndar síðari spurningin ekki nægilega vel orðuð, er afar leiðandi eins og hún er uppsett ! :<

Betra væri: "**Ef svo er**, vinsamlega tilgreinið.... " Eingöngu vinsamleg ábending :)

Foreldri 4

Það örlar á kvíða og stressi hjá stelpunum (önnur er búin með 4. bekkjar prófið og hin með bæði 4. og 7. bekk). Strákurinn sem er búin með öll prófin, kippir sér ekkert upp við þetta. Hann er aðallega pirraður yfir próftímanum því á sama tíma eru göngur og réttir. Skiljanlega pirrandi að missa af því að hluta til eða alveg.

Foreldri 17

Nei ekkert sérstaklega.

Foreldri 13

Ekki þegar kemur að prófunum. Ég hef frekar fundið fyrir því þegar niðurstöðurnar koma í hús.

Foreldri 10

Nei ekkert sérstaklega. Helst mátti finna aukna streitu vegna 10. bekkjar prófanna þar sem mitt barn vildi standa sig vel.

Foreldri 8

Ekki fyrir próf í 4. og 7. bekk en það var ákveðin streita í 10. bekk - samt ekkert óyfirstíganleg.

Foreldri 2

Nei ég hef ekki fundið fyrir prófkvíða hjá mínum börnum.

Foreldri 11

Já strákurinn minn var frekar kvíðinn og sérstaklega eftir að hann hafði tekið fyrsta prófið sem honum fannst honum ekki ganga vel í. Hann var líka mjög kvíðinn fyrir stærðfræðiprófið.



Foreldri 15

Nei alls ekki. Skólinn hefur lagt áherslu á að nemendur gengju glaðir til sinna verka og að þessi próf væru jafn mikilvæg og annað sem gert er í skólanum og leiðbeint heimilum í sömu átt.

Við höfum því lagt áherslu á að börnin fari og geri sitt besta í prófunum eins og endranær. Enda fáir sem taka próf með það að markmiði að gera það ekki.

Foreldri 3

Nei ég fann ekki fyrir því, mér fannst kannski að skólinn hafi komið eitthvað þar inn í með því að gera ekki of mikið úr þessu.

Foreldri 21

Nei það var enginn streita eða kvíði hjá henni hvorki fyrir prófið né í prófinu sjálfu að hennar sögn enda engin ástæða til þar sem henni hafði alltaf gengið vel í prófum. Þess vegna var áfallið mikið þegar útkoma prófanna var síðan ljós.



17. Finnst þér þú skilja vel framsetningu á niðurstöðu prófanna frá Námsmatsstofnun fyrir barnið þitt/ börnin þín? Hér er átt við hvort framsetningin er með þeim hætti að auðvelt sé að skilja hvar barnið stendur t.d. í samanburði við önnur börn o.s.frv.

Foreldri 6

Já.

Foreldri 1

Já, mjög gott að fá raðtölurnar sem segja nákvæmlega hvar barnið stendur.

Foreldri 18

Já núna er það ekkert mál, mér fannst þetta ekki alveg nógu skýrt fyrst.

Foreldri 9

Já.

Foreldri 16

Í fyrstu fannst okkur þetta ruglingslegt því við vorum ekki viss hvort að tölurnar vísuðu til bekkjarins eða allra jafnaldra í landinu. En þegar fram liðu stundir áttuðum við okkur betur á hvernig þetta var hugsað.

Foreldri 20

Já.

Foreldri 14

Nei, það finnst mér ekki. Fyrir mig er þetta í góðu lagi, en ég þekki fjölda foreldra sem standa alveg á gati. Í einu tilviki hélt foreldri að barnið væri meðal efstu 5%, þegar það var meðal 5% neðstu ! Það þarf að setja niðurstöður mun skýrara upp og myndrænna !

Foreldri 4

Já.

Foreldri 17

Já

Foreldri 7

Já raðtölurnar segja hvar barnið stendur.



Foreldri 13

Já, núna er þetta ágætt og skiljanlegt. Einkunnir og raðtölur, og þá getur maður skoðað þetta út frá sínu eigin barni og út frá heildinni. Þegar fyrsti árgangurinn tók 4. bekkjar prófið þá komu niðurstöður til baka í normaldreifingu og allt fór í paník!

Foreldri 8

Það er langt síðan ég skoðaði það og er ekkert að velta mér upp úr því.

Foreldri 2

Já.

Foreldri 10

Framsetningin er ekki flókin en niðurstöðurnar gefa hins vegar ekki rétta mynd.

Eins og ég hef bent á áður er undirbúningur hvers skóla og kennara svo misjafn að það skekkir niðurstöðurnar. Ég veit ekki hvort foreldrar almennt gera sér grein fyrir því en í viðtölum mínum við nemendur á efsta stigi grunnskóla og fyrsta ári frh.skóla kemur óánægja nemendanna skýrt fram.

Þau er almennt ekki ánægð með prófin og tala um óréttlæti þess að þeirra skóli gerði ekki eins mikið/eða meira en aðrir skólar. Ef skólinn lagði mikla áherslu á samræmdu prófin þá misstu þau úr tíma sem annars hefði farið í 10. bekkjar námsefni og ef skólinn lagði ekki áherslu á prófið þá töldu þau að þeirra eigin frammistaða hefði getað verið betri.

Þrátt fyrir að prófið sé ekki lengur undirstaða þess að komast inn í frh.skóla þá styrkir góð útkoma umsókn og eykur möguleika þeirra til að komast inn í vinsælustu skólana. Þetta eru metnaðarfullir námsmenn og meðvitaðir og eru mjög „pirruð“ yfir þessu.

Foreldri 11

Já ég hef lært að lesa úr þessu í starfi mínu sem kennari og rýni í þessar niðurstöður árlega. Ég veit ekki hvort ég skildi þetta vel ef ég hefði ekki þá innsýn eða kunnáttu.

Foreldri 19

Það liggur nú við að maður þurfi að vera með menntun í félagsvísindum eða tölfræði til að skilja framsetninguna til fulls. Normaldreifingar og staðalfrávik eru hugtök sem ég nota ekki dagsdaglega. Það er flest hægt að setja þetta fram með greinarbetri hætti.

Foreldri 15

Já, mjög vel.

Foreldri 3

Já.

Foreldri 21

Já ágætlega.



18. Eru einhverjir annmarkar á framsetningu niðurstöðunnar á samræmdu könnunarprófunum frá Námsmatsstofnun fyrir þitt barn/börn að þínu mati? Vinsamlegast tilgreindu hverjir þeir eru og hvernig má bæta.

Foreldri 6

Nei. Í raun er það bara raðtalan sem skiptir máli.

Ég verð þó að nefna það að athugasemdin sem minn drengur fékk í íslensku var „Svipað en almennt gerist“. Ég veit ekki enn hvað þessi setning þýðir því ég hef ekki fengið nein svör við fyrirspurn minni til Námsmatsstofnunar um hvað þetta þýddi - hvort ég hefði misst af einhverri þróun í íslensku frá því að ég var í skóla.

Foreldri 1

Nei því raðtöluframsetningin er í góðu lagi og það er hún sem skiptir máli að mínu mati. Eins finnst mér gott að sjá hvernig barnið stendur miðað við síðasta samræmda próf sem það tók, því það er gott að sjá hvort barnið er í framför eða hvort það þurfi að grípa inn í og aðstoða barnið meira.

Foreldri 18

Ekki sem ég man eftir svona í augnablikinu.

Foreldri 16

Nei. Við teljum að þetta sé nokkuð skilmerkilegt og sé bara þokkalegt. Framsetningin á niðurstöðunum má ekki vera of flókin eða of snúið fyrir fólk að lesa út úr þessu.

Foreldri 20

Nei það finnst mér ekki og krakkarnir skilja þau alveg.

Foreldri 14

Já, sjá svarið við næstu spurning á undan þessari. Finnst að það þurfi að setja þetta upp á mannamáli. Gott væri t.d. að gefa eitt dæmi úr viðkomandi þætti sem verð er að prófa úr, um leið og landsmeðaltalið er gefið, til að gefa foreldrum hugmynd um, úr hverju er verið að prófa og hvernig það er gert. Það getur ekki verið að framsetning sé nægilega skýr, þegar fjöldi foreldra þarf að leita til kennara eða foreldra barna sem þegar hafa tekið samræmd próf til að fá botn í niðurstöður prófanna, þá er eitthvað mikið af framsetningunni að mínu mati.

Foreldri 4

Nei, í rauninni ekki. En það ætti að senda niðurstöðuna beint til foreldra í stað þess að afhenda barninu umslag í skólanum. Umslagið má að sjálfsgöðu ekki opna fyrr en heim er komið, en það er ekki endilega farið eftir því og þá eru börn byrjuð að bera saman niðurstöðurnar sjálf í skólanum, án þess að skilja kannski alveg tölurnar sem tilgreindar eru.



Foreldri 17

Ekkert sérstakt sem ég get nefnt.

Foreldri 7

Ekkert sem ég man eftir mér hefur alltaf fundist þetta skilmerkilegt og krökkunum finnst gaman að sjá hvernig þau standa sig miðað við aðra á landinu.

Foreldri 13

Nei í raun skýrir þetta sig ágætlega. Hins vegar eru orðaðar athugasemdir frekar snubbóttar og mætti skýra betur!

Foreldri 8

Mér finnst kannski of mikið gert úr þessum prófum, legg meira upp úr að tala við kennara barna minna og þau sjálf um hvernig gengur. Held að skólar ættu að leggja aukna áherslu á skapandi hugsun og sjálfstæð verkefni heldur en próf. Prófin ættu e.t.v. frekar að koma fram sem kannanir og þá oft og vera notaðar þannig - til að sjá hvað þarf að bæta við í kennslu o.s.frv.

Hef ekki séð að samræmdu könnunarprófin séu notuð á þennan hátt. Í skólanum sem börnin mín hafa sótt er endalaus umræða í gangi um að meðaltalsárangur sé lágur í samræmdum prófum og það hefur afar neikvæð áhrif á skólustarf og skólaanda. Í stað þess að nýta prófin og sjá nákvæmlega hvað er að, á hvaða þáttum eru krakkarnir á klikka í stærðfræði eða dönsku. Finnst vanta einhverja aðra sýn á þessi mál og þessi könnun er alveg ótrúlega smásmuguleg og tilgangslaus að mínu mati - réttara væri að spyrja hvernig við náum árangri í skólustarfi (kenna fólki dönsku með því að fá það til að skrifa og tala dönsku í stað þess að búa til fleiri málfræðiæfingar) en að leggjast í alltof ítarlega naflaskoðun á samræmdu könnunarprófunum.

Foreldri 2

Nei.

Foreldri 10

Svarið við fyrri spurningu á einnig við hér.

Foreldri 11

Nei það held ég ekki. Raðtalan segir sína sögu.

Foreldri 19

Það mætti útskýra á blaðinu hvað „raðeinkunn“ þýðir - stendur reyndar „raðeinkun“ og mætti endilega laga það 😊

Foreldri 15

Umsagnirnar sem fylgja raðtölunum eru svolítið stuttar og spurning hvort mætti hafa þær aðeins fullri. Þær segja mjög lítið eins og þær sjást og spurning hvort ekki væri jafn gott að sleppa þeim.



Foreldri 3

Nei ekki að neinu marki.

Foreldri 9

Nei það fannst mér ekki. Okkur gekk ágætlega að skilja þessa framsetningu.

Foreldri 21

Nei ég sé allavega ekki hvernig hægt væri að gera það öðruvísi.



19. Mætti gera upplýsingarnar um samræmdu könnunarprófin frá Námsmatsstofnun gagnlegri? Hvernig þá?

Foreldri 1

Ég er ánægð með þær upplýsingar sem gefnar eru upp, eftir að prófi lýkur, og tel að hægt sé að vinna vel út frá þeim, þ.e. hvar barnið stendur vel og hvar mætti gera betur. Með því að skoða gömul próf, er hægt að sjá hvernig þau eru uppbyggð og treystir maður því að ekki verði breyting á, nema góð kynning hafi farið fram. Svo er það prófið sjálft sem er alltaf spurningamerki hvernig verður og auðvitað treystir maður því að það verði í samræmi við þá kennslu sem barnið á að vera búíð að fá. Hins vegar væri gott að fá upplýsingar, fyrir próf, um þá þætti sem spurt er um í námsgreinunum, því þannig áttar maður sig betur á hvað er átt við í hverjum flokki. T.d. hvað fellur undir rúmfræði hjá börnum í 7. bekk, hvað fellur undir lesskilning hjá börnum í 4. bekk og hvað fellur undir tölfræði hjá börnum í 10. bekk.

Foreldri 6

Ég býst við að hér sé verið að spyrja um upplýsingarnar til einstaklingsins. Oftast má gera betur, en þó verður að spyrja um tilganginn. Þær upplýsingar sem koma fram eru nokkuð góðar, en kannski þarf að vera hægt að spyrja nánar út í einhver atriði sem snerta einstaklinga. Ég held að það sé boðið upp á að fá að skoða próf hjá einstakling og það er sjálfsgott.

Samræmdu prófin eru bara einn mælikvarði á árangur einstaklings og skólinn verður að líta á hlutina í stærra samhengi. Árangur barns á í flestum tilfellum ekki að koma á óvart og aðgerðir til að hjálpa barni eiga að vera byggðar á meiru en þessum prófum.

Foreldri 8

Veit það ekki.

Foreldri 13

Já, mér finnst að markmiðið mætti koma skýrar fram. Til hvers verið er að taka prófin, hvaða tilgangi þau þjóna og hvernig þau geta nýst nemendum, foreldrum og kennurum / skólum. Þá vil ég sjá unnið markvissar með niðurstöðurnar svona almennt! Það er talað um forspárgildi í 4. bekk og vísað til niðurstaðna 7. bekkjar og 10. bekkjar. Ef niðurstöður eru ekki góðar, er þá ekki þeim mun meiri ástæða til að bregðast við? Minn drengur fékk það sama einkunn í stærðfræðinni í 4. og 7. bekk og okkur tjáð að þetta væri staðan hjá honum! Ég neitaði að samþykkja þetta og kenndi honum sjálf og í vetur var hann búinn hækka sig um tvo heila og síðan þá hefur hann verið vaxandi!

Foreldri 2

Ég er ánægð með þetta eins og það er.

Foreldri 10

Hvaða upplýsingar er verið að spyrja um?

Ef verið er að spyrja um gildi prófanna fyrir nemendur þá er svarið: JÁ

Ef verið er að spyrja um gildi prófanna fyrir skólana þá er svarið: JÁ



Ef verið er að spyrja um hvernig niðurstöðurnar er nýttar þá er svarið: JÁ

Foreldri 11

Já það tel ég. Grundvallarspurningin er um tilgang prófanna og út frá svari við henni þarf að upplýsa skóla, nemendur og foreldra. Eftirfylgdin verður líka að vera í einhverju samhengi við tilganginn.

Foreldri 15

Eins og ég sagði hér í einhverri annarri spurningu er kannski vandinn með samræmdu prófin að þau eru að reyna að vera margt í einu. Það er allt í lagi en þá þarf að fjalla um þau sem slík bæði við nemendur, kennara og skólasamfélagið. Með svo margþættan tilgang er ákveðin hættu á að þau sinni engu hlutverki sínu vel.

En svo ég snúi mér að spurningunni þá þyrfti að koma hér fram gagnlegri fyrir hvern; nemandann, skólann, menntamálayfirvöld. Ég efast ekki um að það væri hægt að gera upplýsingarnar þannig t.d. fyrir skólann að þær væru flokkaðar niður á kennara, þannig að þeir sæu t.d. hvort einhverjir ákveðnir þættir eins og læsi kæmu vel eða illa út hjá ákveðnum kennurum. En í allt slíkt þarf að fara varlega.

Ég myndi gjarnan sjá nemendum fylgja einhvert samræmt námsmat upp úr grunnskóla og framhaldsskóla líka ef út í það er farið.

Foreldri 19

Mér finnst að það mætti koma skýrar fram hver tilgangurinn með prófunum sé. Ekki síst í 10. bekk. Umræða verður gjarnan neikvæð því fólk (og þá á ég við t.d. ýmsa aðstandendur) skilur ekki alveg til hvers prófin eru og er mikið að bera saman við það þegar prófin skiptu verulegu máli fyrir t.d. framhaldsskóla. Ekki það að mér finnst öll próf skipta máli og verð að viðurkenna að mér finnst umræða - sem ég verð vör við hjá öðrum foreldrum - um að það sé svo gott að þessi próf skipti ekki máli lengur því þá þurfi barnið ekki að vera að stressa sig yfir þessu eða að vera undir álagi leiða okkur enn frekar inn á brautir metnaðarleysis og meðalmennsku.

Foreldri 3

Ég veit það nú ekki, fyrst þarf nú að vera á hreinu hvað er verið að falast eftir með þessum samræmisprófum.

Foreldri 7

Ég er ánægð með þetta eins og það er og vil trúa því að skólarnir nýti sér þessar upplýsingar og lagi hjá sér það sem ekki kemur vel út.

Foreldri 9

Ég verð að játa að ég man ekki nákvæmlega hvaða upplýsingar komu fram en allt sem útskýrir tilganginn vel er til bóta.

Foreldri 16

Já sennilega mætti bæta upplýsingarstreymið bæði til nemenda og skóla. Bæði markmið samræmdu könnunarprófanna og úrvinnslu þeirra. Stjórnendur okkar skóla rýndu í niðurstöðurnar og reyndu að



nota þær til að efla kennslu í þeim atriðum sem þau töldu að þyrfti að bæta. Það var ánægjulegt að heyra að þau vinna markvisst til að styrkja skólafarfið.

Foreldri 18

Mér þætti gott að vita nákvæmlega hver markmið prófanna eru umfram önnur próf. Ég hef aldrei fengið skýr svör hvað það varðar.

Foreldri 21

Já mér finnst það bara ekki vera á hreinu hver tilgangur þófanna er í raun og veru og þá heyri ég helst efasemdaraddir í röðum grunnskólakennara.



20. Finnst þér samræmd könnunarpróf mikilvæg í skólastarfinu? Vinsamlega tilgreindu á hvaða hátt þér finnst þau mikilvæg.

Foreldri 1

Fyrir einstaklinginn, gott tækifæri til að leggja öðruvísi á sig en er í skólaprófum, en ekki gott fyrir þau börn sem höndla ekki að fara í svona stórt og viðamikilt próf og ljúka því á þeim tíma sem ætlast er til. Fyrir foreldrana, gott tækifæri til að sjá hvar barnið/skólinn/sveitafélagið stendur og gott tækifæri til að fá aðstoð fyrir barnið ef því finnst svo.

Fyrir skólann, gott að sjá hvort kennsluhættirnar hafi skilað sér í samræmi við aðra skóla/sveitafélög og gott tækifæri til að gera betur.

Fyrir sveitafélög, gott tækifæri til að stefna hærra og endurskoða markmið sín í skólastefnu bæjarins. Ef skynsamlega er unnið úr niðurstöðum, heima fyrir, skólanum og í sveitafélaginu er þetta hið besta mál en alltaf verður að hafa í huga þeir nemendur sem þurfa öðruvísi próf og aðstoð.

Foreldri 6

Já, því þau gefa einstaklingi hugmynd um hvar hann stendur í stærra samhengi. Þau gefa einnig skóla hugmynd um hvar hann stendur og þó samanburður við aðra skóla geti stundum verið vafasamur, þá ætti samanburður milli ára að gefa skólanum ákveðna hugmynd. Það er eingöngu skólinn sjálfur sem veit um einstaklingana í hópnum og hvort prófið er raunsannur mælikvarði á getu þeirra eða ekki.

Ég held að það sé líka þroskandi fyrir krakka að taka lengri próf og því tel ég nauðsynlegt að kenna þeim próftækni.

Það sem er hvað varhugaverðast er hvað er mælt, því það breytir ósjálfrátt áherslum í skólastarfi. Þannig að samræmdu prófin eru í raun tæki til að móta áherslur í kennslu um land allt. Sérstaklega verður það ef menntayfirvöld (bæði sveitarfélög og ráðuneyti) horfa um of á niðurstöðu úr þessum prófum. Þetta á bara að vera einn mælikvarði á árangur í menntakerfi landsins. Það er svo fjölmargt annað sem skiptir máli í lífinu en þekking í íslensku og stærðfræði. Hins vegar er þetta einfalt að setja upp og hægt að fylgjast með þróun frá ári til árs (svo lengi sem enginn svindlar).

Foreldri 8

Nei eiginlega ekki.

Gætu verið gagnleg til að komast að því hvaða þekkingarvið þarf að vinna með í skólum ekki til að koma af stað fegurðarsamkeppni skóla.

Foreldri 13

Vissulega geta þau komið að gagni ef unnið er með niðurstöðunrar. Reynt verði að koma til móts við nemandann miðað við niðurstöðurnar. Þá á ég við um alla! Sterka nemendur, að þeir fái meiri áskorun, miðlungsnemendur, aukna hvatningu... og þá sem þurfa meiri stuðning eða aðra nálgun!

Foreldri 2

Samræmd próf geta verið mikilvæg í skólastarfinu fyrir kennarana, þar geta þeir séð hvar nemandinn er staddur í náminu.

**Foreldri 10**

Almennt tel ég þau mjög mikilvæg fyrir alla sem að koma, nemendur, kennara, skólana, sveitafélögin og ráðuneytið.

Það er því miður að prófin hafa verið gengisfelld þar sem niðurstöðurnar eru ekki marktækar til samanburðar. Alvarlegir breistir eru í framkvæmd þar sem áherslur skólanna eru mjög svo misjafnar. Aðgengi nemenda að aðstoð er ekki jöfn, sumir nemendur kaupa sér aukakennslu til að koma betur út þar sem enga aðstoð er að fá í skólanum og misjöfn aðstoð heima fyrir skekkir enn niðurstöður.

Að mínu mati ætti að víkka samræmd könnunarpróf. Leggja þau fyrir hvern árgang og í fleiri skyldufögum. Þannig væru prófin eðlilegur hlutur skólagöngunnar en ekki einhver hápunktur og streituvaldandi (eins og það er hjá sumum).

Niðurstöður ættu þá einnig að gefa betri mynd af stöðu einstaklings og skólans.

Foreldri 11

Mér finnst þau ekki mikilvæg á meðan:

- tilgangur þeirra er óljós
- menn vanda sig ekki betur við gerð þeirra
- niðurstöður þeirra verða að keppni á milli skóla - hvaða skóli kemur best/verst út í ár?
- lítið sem ekkert er gert við niðurstöðurnar

Þannig að ég held ég verði að svara því neitandi einsog sakir standa. Samræmd könnunarpróf þarfnast endurskoðunar.

Foreldri 15

Eins og ég hef sagt finnst mér þau mikilvæg og get tekið undir ýmislegt sem ég sé hér í öðrum svörum.

Með samræmdum prófum fá nemendur foreldra og kennarar upplýsingar um stöðu nemenda. Það getur verið gott fyrir kennara að meta kennslu sína og mjög gott fyrir hann að hafa aðgang að stöðluðum mælitækjum.

Samræmd próf geta komið í stað inntökuprófa í viðtökuskólum og veitt stjórnvöldum upplýsingar um skólakefið og námsárangur nemenda.

Stundum hefur verið sagt að prófin séu of stýrandi en ég get ekki séð að það sé ókostur og myndi einmitt halda að það gagnast við stefnumótun og áætlanagerð í skólunum.

Ég tel því að það væri mjög til bóta að skólar hefðu aðgang að einstaklingsmiðuðum markmiðsbundnum samræmdum prófum eins og þeim sem Námsmatsstofnun hefur kynnt.

Foreldri 19

Já, en þau má endurskoða. Þau eru góð til að fá samanburð fyrir nemandann, foreldrana, skólann og sveitarfélagið. Góð til að æfa nemendur í að taka próf - ekki komast þeir hjá því út lífsleiðina þó margir vilji hlífa þeim við því álagi - flestir taka a.m.k. bílpróf þó ekki sé annað.

Enn er orðrómur um að sum börn séu ekki látin mæta í prófin í vissum skólum og er það fallið til að draga úr tiltrú á að alltaf sé verið að bera saman sambærilega hluti.

**Foreldri 3**

Nei ég held ekki fyrst og fremst þarf að vera samræmt námsefni milli skóla.

Foreldri 7

Já ég held þau séu mikilvæg bæði fyrir nemendur til að sjá samanburð við aðra og fyrir skóla til að sjá samanburð við aðra skóla.

Foreldri 9

Það fer nú eftir því hvernig niðurstöðurnar eru notaðar. Að mörgu leyti held ég að það sé sanngjarnara að bera saman samræmd próf þegar verið er að nota próf til að meta nemendur inn í framhaldsskólana frekar en misjöfn próf úr mörgum skólum.

Þá getur maður líka velt fyrir sér hvaða fög er verið að meta þarna og hvort að ætti eitthvað að breyta því bæði ef að niðurstöður eru notaðar fyrir skólana til að bera sig saman hvorn við annan og eins ef að framhaldsskólarnir horfa til þessara prófa. Gæti verið fróðlegt að bera saman fleira en þessi grunnfög.

Með samræmdum prófum hafa menntamálayfirvöld samræmt matstæki sem þau nýta eflaust og því hægt að sjá ákveðið mikilvægi þar.

Foreldri 16

Já, en finnst að vægi þeirra hafi minnkað óþarflega mikið á undanförunum árum. Við kunnum betur við það þegar prófin höfðu tilgang og voru lykill að inngöngu í framhaldsskóla.

Foreldri 18

Nei það finnst mér ekki enda finnst mér tilgangur þeirra ekki ljós. Umræðan minnir oft meira á fegurðarsamkeppni en próf. Persónulega finnst mér þau barn síns tíma og ekki eiga við í dag. Nú er mikið talað um einstaklingsmiðað nám og það veita sumir skólar í meiri mæli en aðrir og það eitt og sér getur skekkt niðurstöður þessara prófa. Svo er misjafnt hversu mikil áhersla er lögð á undirbúning í skólum og fl. í þeim dúr svo mér finnst niðurstöður ekki vera trúverðugar meðan ekki er samræmi í undirbúningi og kennsluefni milli skóla.

Foreldri 21

Ég er algerlega sammála Hrognkelsi (foreldri 11).....eins og talað frá mínu hjarta.



21. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum um samræmdu könnunarprófin?

Foreldri 19

Já, ég vil halda þeim áfram og frekar auka gildi þeirra en draga úr. Nota þau enn betur sem matstæki og til að vinna með niðurstöðum. Ekki samt að skólastarf snúist allt um þau.

Foreldri 15

Ekki annað en það sem ég hef sagt hér. Ég vildi gjarnan sjá fleiri samræmd próf og sé fyrir mér að skólarnir gætu svo ákveðið svolítið sjálfir hvernig þeir notuðu þau. Hvaða próf væru tekin á hverju ári o.s.frv.

En ég vildi gjarnan sjá samræmd próf bæði í grunn- og framhaldsskólum.

Foreldri 11

Það er nú ekki margt sem ég get bætt við þá góðu umræðu sem fram hefur farið hér á þessu spjallborði. Ég vona bara að við getum nýtt okkur þessi ágætu skoðanaskipti til að þróa og efla samræmt námsmat í skólum og hvernig við viljum nota það börnum okkar og skólakerfinu til góðs.

Foreldri 6

Ekki annað en það sem þegar er komið fram. Það er gott fyrir yfirvöld að hafa slíka mælistiku, en hún þarf að mæla það sem yfirvöld vilja að sé í lagi. Það þurfa líka allir að spila eftir sömu reglum.

Ég held að það hafi verið til bóta að vægi þeirra minnkaði í inntöku í framhaldsskóla, en hættan er sú að það komi upp metingur milli skóla. Þá getur það leitt til þess að „erfiðu“ nemendurnir verði settir til hliðar á einhvern máta.

Ég fór í gegnum Landspróf, og þau voru í fleiri fögum en íslensku og stærðfræði. Að sumu leyti var það betra, en að öðru leyti verra.

Ég er á þeirri skoðun að á næstu árum eigi kennsla eftir að breytast mjög mikið í öllu skólakerfinu. Það kemur til með að hafa áhrif á hvað eigi að meta og hvernig.

Foreldri 10

Ég er sammála því sem nú þegar kemur hér fram.

Samræmd próf eru nauðsynleg til að fylgjast með því hvernig skólarnir standa sig varðandi framfylgni á kennslu og gott fyrir nemendur að sjá hvernig þeir standa sig í samanburði við aðra.

Skólastarfið á að sjálfsögðu að miðast að því að hlúa að getu hvers nemanda og hjálpa þeim við að draga fram sína hæfileika og ákveðin hættan er á ofuráherslu á þau fög sem falla undir samræmdu prófin. Í ljósi þess og mismunandi undirbúningi hvers skóla, þá þarf að breyta ferlinu. Fjölga samræmdum prófum, þ.a. samræmd próf séu verkferli á hverju ári en getur þá verið í misjöfnum fögum - og áhersla þarf að vera á að þetta sé könnun en ekki „meik or breik“ fyrir nemendur, kennara og skóla.

Samræmd próf geta virkað vel sem aðhald fyrir kennara og skóla og einnig sem jákvæð hvatning fyrir nemendur.



Til þess að svo megi vera þurfa allir skólar hins vegar að temja sér sama verklag við undirbúning og framkvæmd samræmdra prófa - og þar getur ráðuneytið komið að með því að leggja kannanir fyrir á þeim tíma sem ætlast er til að ákveðið efni sé kennt miðað við aðalnámskrá.

Foreldri 1

Ég vil halda þeim inni sem mælitæki fyrir skólana að gera enn betur og fyrir nemandann til að átta sig á því hvar hann stendur í samanburði við sig á milli prófa og meðal jafnaldra.

Nú vitum við að það eru ekki allir nemendur sem taka prófin, en ég hef velt því fyrir mér hvort mörkin á undanþágunum séu nógu skýr, eða hvort hver og einn skóli skilgreinir fyrir sig og þess vegna, m.a., sé útkoman svona misjöfn á milli skóla.

Foreldri 7

Mér finnst þau ágæt eins og þau eru núna hafa vægi en eru ekki bara mælikvarði á hvar þú stendur í menntaskóla.

Foreldri 16

Vinnan við gerð prófanna þarf að vera miklu vandaðri en nú er. Það getur öllum orðið á en það er algerlega óviðunandi að það séu villur í prófunum sem leiða til þess að prófin eru óleysanleg. Í ofanálag var börnunum gert að reyna að leysa óleysanlegu dæmin og eyða dýrmætum tíma í tóma vitleysu. Þetta er ekki góð hvatning fyrir æsku landsins til að leggja sig fram í vönduðum vinnubrögðum. Í allri vinnu í samfélaginu er það einmitt lykillinn að góðum árangri.

Ef sá orðrómur er sannur, að í sumum skólum hafi nemendur fengið lengri tíma til að þreyta prófin en gert var ráð fyrir leiðir það hugann að því hvort ekki verði nauðsynlegt að hafa fulltrúa sýslumanns á staðnum til að farið sé eftir settum reglum.

Heyrst hefur að sumir skólar hafa jafnvel látið lakari nemendur ekki þreyta prófin til að halda uppi meðtali skólans. Það er hvorki hollt fyrir nemendurna né skólann og í ofanálag skekkir það normaldreifinguna klárlega.

Foreldri 2

Nei mér finnst framkvæmdin á þessu eins og hún er góð.

Foreldri 18

Eins og má væntanlega lesa af fyrri svörum mínum er ég ekki hrifin af prófunum þar sem mér finnst tilgangur þeirra óljós. Ef ætlun þeirra er að skoða hver staða hvers nemanda er og hvar þurfi að auka áherslur í kennslu fyrir hvern og einn ætti að leggja prófin fyrir í 9. bekk en ekki 10. bekk því það gefur lengri tíma til að takast á við það sem þarf að laga.

Foreldri 21

Nei, bara mjög áhugaverðar umræður hér.

**Foreldri 9**

Ég hef velt fyrir mér hvort að það ætti að prófa úr fleiri eða öðrum fögum. Það er oft talað um að það þurfi að meta einstaklingana á fjölbreyttan hátt en svo eru það alltaf þessar sömu greinar sem að vega þyngst t.d. inn í framhaldsskólana.

Eins er það spurning hvaða tímasetning hentar fyrir þau ef þau eru ekki mælitæki til að nota inn í framhaldsskólana. Væri t.d. betra að meta börnin í lok 9. bekkjar? Þá gæfist betri tími til að undirbúa síðasta veturinn með tilliti til styrkleika og veikleika barnanna.



22. Gott væri ef þú litir yfir spjallborðið (spurningarnar) til að vita hvort þú vilt bæta við athugasemdum við fyrri spurningar.

Foreldri 15

Takk fyrir mig.

Foreldri 19

Ég vil þakka fyrir að hafa fengið að taka þátt. Vona að það verði gagn að þessari vinnu.

Foreldri 11

Ég þakka kærlega fyrir skemmtilegt og afar gagnlegt spjall. Vonandi nýtist það okkur til eflingar annars ágætu skólstarfi á Íslandi.

Foreldri 6

Skal gert.

Foreldri 10

Það er áhugavert að lesa yfir svörin og vonandi nýtast þessi svör vel við áframhaldandi vinnu.

Foreldri 1

Ég vil að lokum minna okkur á að hver og einn einstaklingur er sérstakur og allir eru góðir í einhverju, bókleg fög hentar ekki öllum og iðngreinar hentar ekki öllum. Gleymum okkur ekki í tölum heldur verum vakandi yfir líðan einstaklingsins og leggjum metnað í að byggja upp sterka, jákvæða, og heilbrigða einstaklinga sem geta tekið á móti lífinu með gott sjálfstraust, kunna að segja nei en eru jafnframt tilbúnir að gefa af sér.

Takk fyrir að fá tækifæri til að taka þátt í þessari umræðu og ég hlakka til að fylgjast með framvindu samræmda prófa í framtíðinni.

Foreldri 7

Ég vil þakka fyrir að fá að taka þátt og vonandi nýtist þessi umræða við áframhaldandi vinnu í menntakerfinu.

Foreldri 16

Við þökkum bara fyrir að fá að taka þátt í þessari könnun. Hún var athyglisverð og ánægjuleg og fékk okkur til að ræða á heimilinu skólstarfið enn frekar. Öðrum þátttakendum þökkum við fyrir áhugaverð skoðanaskipti.

Foreldri 2

Takk fyrir að fá að taka þátt í þessu spjalli.

**Foreldri 18**

Ég er bara sátt við fyrri svör en vildi gjarnan sjá meiri áherslur í skólastarfi á verk- og listgreinar sem mér finnst fara illa út úr niðurskurði í skólakerfinu. Það eru ekki allir klárir á bókina en geta blómstrað í listgreinum, það er verið að taka gríðarleg tækifæri frá þeim nemendum með því að minnka og jafnvel fella alveg niður þessar greinar í sumum skólum - þó það samræmist ekki grunnskólalögum. Það er verðugt verkefni að skoða á landsvísu hvernig list- og verkgreinakennslu er háttað.

Takk fyrir að fá að taka þátt í þessari umræðu.

Takk fyrir að fá að vera með hérna.

Foreldri 21

Takk fyrir mig og vonandi heldur skólakerfið áfram að eflast með okkar frábæru kennurum á öllum skólastigum.

Foreldri 9

Hef gert það og ekkert sérstakt sem ég þarf að bæta við.

Takk fyrir þetta framtak, gaman að taka þátt í þessu og jákvætt að áhugi sé á því að heyra hvað foreldrar hafa um málið að segja. 😊